# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

251. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 25. OKTÓBER 2017




**Víða um land eru byggingarkranar ansi algengur gróður en jarðvegur fyrir kranarækt hefur verið frjór undanfarin ár. Sé vel að gáð má sjá átta slíka á myndinni hér fyrir ofan sem tekin var af Hafnartorgi en þar er verið að reisa sjö byggingar, samtals rúmlega 23 þúsund fermetrar að stærð, þar sem verða verslanir, veitingastaðir, íbúðir og skrifstofur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Sala á lifandi svínum aukist

**LÍFIÐ** Undanfarið hefur færst í vöxt að fólk kaupi lifandi svín til að ala. Þess vegna sá Matvælastofnun tilefni til að setja upp leiðbeiningar um kaup og umönnun svína enda þarf að mörgu að huga. Vigdís Tryggvadóttir, dýralæknir hjá Matvælastofnun, efast um að fólk sé að kaupa sér svín sem gæludýr en hún reiknar með að aukinn áhugi fólks á sjálfbærni gæti verið ástæðan fyrir aukinni sölu á svínum til einstaklinga. „Það er ekki fyrir hvern sem er að halda og sinna 200-300 kílóa svíni,“ segir Vigdís. – gha/ sjá síðu 42



# Gætu greitt 97 milljarða

**Ný greining sýnir að umfram eigið fé bankanna sé 97 milljarðar. Hagfræðingur segir „glórulaust að nýta [arð] til að standa undir auknum ríkisútgjöldum“.**

**VIÐSKIPTI** Áætla má að umfram eigið fé í stóru bönkunum sé um 97 milljarðar miðað við eiginfjárkröfur FME og eiginfjárauka stjórnenda bankanna. Þar af er umfram eigið fé í ríkisbönkunum tveimur um 60 milljarðar. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Yngva Arnar Kristinssonar, hagfræðings Samtaka fjármálafyrirtækja.

Flestir stjórnmálaflokkar hafa lagt til að eigið fé bankanna verði minnkað um tugi til hundrað milljarða og fjármunirnir nýttir til þess að greiða niður skuldir, uppbyggingu innviða og önnur kosningaloforð. Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá Capacent, segir að það „yrði glórulaust að nýta [arðgreiðslurnar] til að standa undir auknum ríkisútgjöldum“.

> **Fjármögnun með arðgreiðslum myndi virka sem peningainnspýting í hagkerfið og ýta undir þenslu.**
>
> Friðrik Már Baldursson, prófessor í HR

Friðrik Már Baldursson, prófessor við HR, tekur í sama streng og bendir á að út frá hagstjórn sé ekki heppilegt að fjármagna aukin ríkisútgjöld með arðgreiðslum. „Það er enginn slaki í hagkerfinu. Þannig að það yrði ákjósanlegast að fjármagna útgjaldaaukningu með sköttum til að koma í veg fyrir þensluáhrif. Fjármögnun með arðgreiðslum úr bönkunum myndi bara virka sem peningainnspýting í hagkerfið og ýta undir þenslu.“

Friðrik segir „ekki hundrað í hættunni“ þó eiginfjárhlutföll bankanna myndu lækka aðeins. Hann telji þó að þeir eigi að búa við 25 til 30 prósenta eiginfjárhlutfall. Ef það er of lágt geti „nokkurra prósenta útlánatöp einfaldlega sett bankana á hliðina“. – kij / sjá Markaðinn


## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Láttu lífeyrinn minn vera, skrifar Guðrún Pétursdóttir. 17

**SPORT** Freyr Alexandersson er sáttur með fjögur stig úr leikjunum gegn Þýskalandi og Tékklandi. 22

**MENNING** Leikdómur um nýjasta verk Ragnars Bragasonar, Risaeðlurnar. 32

**LÍFIÐ** Rjúpnaveiðitímabilið hefst um helgina og margir Íslendingar skunda á fjöll í tilefni þess. 34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **HREINLÆTISVÖRUR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Norðaustankaldi í dag og dálítil rigning norðan og austan til, en annars léttskýjað. Heldur kólnandi veður. SJÁ SÍÐU 28

# Skoðuðu græjurnar og geiminn




Áhugamenn um himingeiminn og þá hnetti sem þar er að finna komu saman í Valhúsaskóla í gær. Þar fór fram kynningarfundur nýliða í Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness. Félagar gátu komið með tæki og tól og boðið þau til sölu eða skipt á þeim fyrir aðrar græjur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óleiðréttur launamunur sé 16 prósent

**JAFNRÉTTISMÁL** Óleiðréttur launamunur kynjanna var 16,1 prósent árið 2016 en hafði verið slétt sautján prósent árið áður. Launamunurinn var talsvert minni hjá sveitarfélögum heldur en á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera.

Í tölum frá Hagstofunni kemur fram að á síðasta ári hafi um fimmta hver kona verið með heildarlaun undir 400 þúsund krónum á ári samanborið við fjórtánda hvern karl. Þá eru fimmtán prósent karla með yfir milljón á mánuði en aðeins sex prósent kvenna.

Tekið er fram að vinnutími skýri að hluta til hærri heildarlaun karla en karlar í fullu starfi vinni að meðaltali tíu stundum lengur á mánuði heldur en konur. Þá eru störf innan starfsstétta ólík og vinnumarkaðurinn enn kynskiptur. Algengast var að konur í sérfræðistörfum væru grunnskólakennarar en karlar sérfræðingar í viðskiptageiranum.

**6%**

**kvenna eru með yfir milljón krónur í laun á mánuði**

Í gær undirritaði Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra samstarfssamning við Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) um þróun Jafnvægisvogarinnar, mælitækis á sviði jafnréttismála. FKA mun þróa vogina með stjórnvöldum og atvinnulífinu. Voginni er ætlað að safna tölulegum upplýsingum um hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja, standa fyrir fræðslu um mikilvægi fjölbreytileika í stjórnum og veita fyrirtækjum viðurkenningar sem náð hafa markmiðum Jafnvægisvogarinnar. Samstarfssamningurinn er til eins árs og felur í sér fimm milljóna króna fjárstuðning. **- jóe**

# VG langstærst í Reykjavík

**STJÓRNMÁL** Vinstri græn mælast langstærst í Reykjavíkurkjördæmunum samkvæmt könnunum fréttastofu 365. Flokkurinn fengi rúm 30 prósent atkvæða.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist næststærstur með tæp nítján og Píratar og Samfylkingin jafn stór með rúm þrettán prósent. Miðflokkur mælist með rúm sjö og Viðreisn og Flokkur fólksins fá 5,4 prósent hvor flokkur. Framsóknarflokkur og Björt framtíð mælast bæði án manna í kjördæmunum, fyrri flokkurinn með 3,6 prósent en sá síðarnefndi með rúm tvö. Önnur framboð mælast samanlagt með tæpt eitt prósent atkvæða.

Könnun á fylgi flokkanna í Reykjavíkurkjördæmunum birtist í kjördæmaþætti Stöðvar 2 í gær. Niðurstöðurnar byggja á þremur könnunum fréttastofu sem gerðar voru dagana 10., 16. og 23. október. **– jóe**

# Vill svör frá flokki sem fékk 29 milljónir króna

**Ríkisendurskoðun hefur krafið forsvarsmenn Flokks heimilanna um frekari gögn varðandi rekstur flokksins sem fengið hefur 29 milljónir úr ríkissjóði. Rúmt ár síðan skilafrestur ársreiknings rann út en greiðslum var hætt í fyrra.**

**STJÓRNMÁL** Flokkur heimilanna hefur ekki skilað fullnægjandi ársreikningi til Ríkisendurskoðunar rúmu ári eftir að skilafrestur rann út. Flokkurinn fékk 29,4 milljónir króna úr ríkissjóði og eru átta mánuðir liðnir síðan stofnunin óskaði eftir frekari gögnum um rekstur hans á árinu 2015.

Flokkurinn hlaut rétt ríflega þrjú prósent atkvæða í alþingiskosningunum 2013. Samkvæmt lögum eiga allir flokkar sem fá yfir 2,5 prósenta fylgi rétt á greiðslum úr ríkissjóði. Kosningaárið fékk hann því þrjár milljónir og síðan á bilinu átta til tæpar 9,2 milljónir á ári út 2016. Ef ekki hefði verið kosið til Alþingis í októberlok í fyrra hefði flokkurinn fengið um níu milljónir króna til viðbótar vegna ársins 2017.

Samkvæmt svari Ríkisendurskoðunar við fyrirspurn Fréttablaðsins skilaði Flokkur heimilanna inn ársreikningi fyrir 2015 í febrúar á þessu ári. Reikningurinn var aftur á móti óendurskoðaður og óskaði stofnunin þá eftir frekari gögnum og öðrum skýringum varðandi reksturinn. Þau hafa ekki borist þrátt fyrir ítrekanir en flokkurinn hefur áður skilað eldri ársreikningum eftir að skilafrestur rann út. Í desember 2015 munaði minnstu að Ríkisendurskoðun kærði vanskil á ársreikningi 2014 til lögreglu.

„Við erum ekki lengur á neinum fjárlögum ríkisins,“ sagði Kristján Snorri Ingólfsson, formaður flokksins, í samtali við blaðamann áður en hann baðst undan viðtali.

Kristján Snorri og Eyjólfur Vestmann Ingólfsson, bróðir hans og framkvæmdastjóri Flokks heimilanna, hafa séð um reksturinn síðan 2013. Sá fyrrnefndi tapaði í febrúar í fyrra meiðyrðamáli gegn Pétri Gunnlaugssyni, útvarpsmanni á Útvarpi sögu. Pétur kom að stofnun stjórnmálaaflsins en Kristján stefndi honum vegna ummæla um að Kristján hefði ekki greitt skuldir flokksins og þess í stað farið á HM í fótbolta í Brasilíu árið 2014.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kom fram að flokkurinn hefði borgað einkafyrirtæki formannsins, einkahlutafélaginu Helstirni, og bróður hans 5,3 milljónir króna úr sjóðum flokksins þegar Pétur lét ummælin falla í júlí 2014.

**haraldur@frettabladid.is**




Skrifstofa Flokks heimilanna var í Vallarstræti 4 í miðborg Reykjavíkur. Starfsemi hans var afar umsvifalítil eftir kosningarnar 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Við erum ekki lengur á neinum fjárlögum ríkisins.**
>
> Kristján Snorri Ingólfsson, formaður Flokks heimilanna



Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

Kerfisloftalampar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM

得

# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ

## Invite

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir, rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Tvískipt miðstöð með forhitara



Outlander Invite PHEV 4x4
**4.390.000**
Verðlistaverð: 4.890.000

## Invite+

**Umfram Invite:**

- Smartlink margmiðlunartæki með tengingu fyrir Android Auto og Apple Carplay
- Hiti í stýri
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- 360° myndavél




Outlander Invite+ PHEV 4x4
**4.590.000**
Verðlistaverð: 4.990.000

## Intense

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Blindhornaviðvörun
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri




Outlander Intense PHEV 4x4
**4.890.000**
Verðlistaverð: 5.690.000

## Instyle

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- HID aðalljós með sjálfvirkri hæðarstillingu
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Blindhornaviðvörun
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri
- Rafhituð framrúða
- Rockford Fossgate 710W hljómkerfi með 9 hátölurum
- Leðursæti með rafstýringu fyrir ökumann
- Sóllúga



Outlander Instyle PHEV 4x4
**5.290.000**
Verðlistaverð: 6.190.000

Nú fer 100 ára afmælishátíð Mitsubishi að ná hámarki og því höfum við ákveðið að bjóða enn fleiri gerðir af Outlander PHEV á ótrúlegu afmælistilboði. Notaðu tækifærið og skiptu yfir í nýjan Outlander PHEV. Hann gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni og kemur með fimm ára ábyrgð. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða týpa passar þér best. Við hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

Verð og tilboðsverð eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



Jeff Flake, þingmaður Arizona. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Þingmaður hættir vegna Trumps

**BANDARÍKIN** Öldungadeildarþingmaðurinn Jeff Flake mun ekki sækjast eftir endurkjöri á næsta ári. Ástæðan er samflokksmaður hans og forseti Bandaríkjanna, Donald Trump.

Flake, sem er þingmaður Repúblikanaflokksins fyrir Arizona-ríki, kunngjörði ákvörðun sína með þrumuræðu úr pontu öldungadeildarinnar í gær. Í ræðu sinni sagði hann meðal annars að „skeytingarlaus, svívirðileg og ósæmandi hegðun“ æðstu ráðamanna ríkisins væri hættuleg lýðræðinu þar í landi.

„Við megum aldrei líta á þennan reglulega og kæruleysislega gröft undan okkar lýðræðislegu grunngildum og hugsjónum sem venjulega hegðun,“ sagði Flake í ræðu sinni.

Ræðu Flakes var fagnað innilega á gólfi þingsins. Meðal þeirra sem tóku undir málflutning hans voru Repúblikanarnir John McCain, þingmaður Arizona, og Bob Corker, þingmaður Tennessee. **– jóe**

# Ferðamaður fannst látinn

**SLYS** Lögreglu- og björgunarsveitarmenn á Suðurlandi leituðu í gær á Sólheimasandi að bandarískum ferðamanni. Skömmu eftir hádegi fannst lík við Jökulsá sem talið er að sé af manninum.

Leit hófst að manninum í gærmorgun eftir að aðstandendur hans fóru að grennslast um afdrif hans seint í fyrrakvöld. Hann kom hingað til lands 12. október og hafði áætlað að fara héðan degi síðar. Þegar hann skilaði sér ekki aftur til Bandaríkjanna óskuðu aðstandendur eftir því að leitað yrði að honum.

Í yfirlýsingu frá lögreglunni á Suðurlandi segir að líkið hafi verið flutt til Reykjavíkur þar sem kennslanefnd Ríkislögreglustjóra, réttarmeinafræðingur og tæknideild LRH muni bera kennsl á hinn látna. Ekki er talið að andlát hans hafi borið að með saknæmum hætti. **– skh**

# Viðvörunum Ríkislögreglustjóra ekki svarað

**LÖGREGLUMÁL** Greiningardeild Ríkislögreglustjóra spáði því árið 2015 að skipulögð glæpastarfsemi hér á landi kæmi til með að aukast á næstu árum. Ákalli um fjölgun lögreglumanna vegna þeirrar spár var ekki sinnt.

Í gær kom út skýrsla greiningardeildarinnar um mat á skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að mikil aukning hafi orðið í sölu vændis hér á landi og grunur leiki á að starfsemin tengist mansali. Einnig kemur fram að fíkniefnaneysla sé að aukast og framboð á slíkum efnum einnig.

„Það sem stendur upp úr er að skipulagðri glæpastarfsemi er að vaxa ásmegin og að lögreglan hefur mjög takmarkaða getu til að vinna frumkvæðisvinnu sökum manneklu og fjárskorts,“ segir Ásgeir Karlsson hjá greiningardeildinni.



Ásgeir Karlsson. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ásgeir segir að sambærileg greining hafi síðast verið gerð árið 2015. Niðurstöður hennar hafi verið að með aukinni hagsæld aukist líkur á vændi, mansali og fíkniefnasölu og -framleiðslu.

„Það er að koma á daginn núna. Staðreyndin er sú að lögreglan hefur um nokkurra ára skeið þurft að búa við skerðingu. Það verður að taka stöðuna nú alvarlega og ef ekki á illa að fara verða menn að gjöra svo vel og taka á þessu,“ segir Ásgeir. **– jóe**

# Finnst óþægilegt að reiða fram posann strax í sjúkrabílnum

**Sjúkraflutningamenn á Suðurlandi þurfa að taka fram posann og rukka ósjúkratryggða ferðamenn, en formaður Landssambands sjúkraflutningamanna segir óþægilegt að menn séu settir í þessa stöðu. Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands segir fyrirkomulagið til þæginda fyrir þjónustuþega og fyrir stofnunina.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkraflutningamenn á Suðurlandi eru settir í þá stöðu að rukka erlenda ferðamenn um greiðslu fyrir notkun sjúkrabíls á meðan á ferðinni stendur. Þetta finnst sjúkraflutningamönnunum óþægilegt og vilja helst að Heilbrigðisstofnunin sjálf sjái um að rukka ósjúkratryggða fyrir ferð með sjúkrabílum.

Samkvæmt reglugerð fyrir ósjúkratryggða skal greiða gjald til rekstraraðila sjúkraflutninga. Er upphæðin 40.600 krónur. Einnig þarf að greiða 2.500 króna gjald til eiganda bifreiðarinnar á hvern ekinn kílómetra. Þar sem umdæmi HSU er nokkuð víðfeðmt getur reikningurinn sem sjúkraflutningamennirnir þurfa að rukka orðið talsvert hár.

„Við höfum bent á þetta áður en ekkert hefur breyst í þessum efnum,“ segir Stefán Pétursson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. „Það er óþægilegt fyrir sjúkraflutningamenn sem eru að sinna sjúklingum og vinna sér inn traust þeirra að þurfa í sömu andrá að taka upp posa og rukka ferðamenn um þetta.“

Sjúkraflutningamenn á Suðurlandi hafa lent í því að fá tilkynningu um slasaðan ósjúkratryggðan einstakling við Gullfoss sem þurfti til Reykjavíkur. Klukkan fer í gang við útkall og þarf bíllinn að fara frá Selfossi. Síðan þegar búið er að sinna sjúklingi á vettvangi er hann fluttur til Reykjavíkur. „Tíminn heldur samt áfram að ganga þar til bíllinn er kominn aftur á Selfoss og þurfum við því að áætla þann aksturstíma. Því erum við að rukka fjóra tíma fyrir svona,“ bætir Stefán við.



Slysahætturnar leynast víða á ferðamannastöðum á Suðurlandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri HSU, segir þetta verklag til hægðarauka fyrir stofnunina. „Gjald fyrir sjúkraflutninga erlendra ferðamanna, hjá HSU, er innheimt samkvæmt gjaldskrá. Til þæginda fyrir bæði þjónustuþega og fyrir okkur, er innheimt gjald af sjúklingi fyrir sjúkraflutning á staðnum, eins og aðra heilbrigðisþjónustu HSU,“ segir Herdís. „Posarnir eru einnig notaðir til að spara öllum fyrirhöfn, meðal annars við að senda reikninga eftir á til erlendra ferðamanna.“

> **Posarnir eru notaðir til að spara öllum fyrirhöfn.**
>
> Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri HSU

Stefán segir það ekkert óeðlilegt að greitt sé fyrir slíka þjónustu. Það sé bara erfitt fyrir einstaklinga á vettvangi að þurfa að taka við greiðslu úr hendi skjólstæðinga sinna. „Það er einnig orðið verklag hjá okkur að við þurfum að gera fólki grein fyrir kostnaðinum við þjónustuna. Það þarf að vita að þjónustan er ekki ókeypis,“ segir Stefán. **sveinn@frettabladid.is**







„... stafar einlægni af ljóðunum og jafnvel örlar á viðkvæmni.“
STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR / VÍÐSJÁ

„... vinaleg ljóðabók sem flytur ljóðrænan en eitursvalan söng hins þroskaða Bubba Morthens ...“
HELGA BIRGISDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„...Bubbi er fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.“
ÓLAFUR GUÐSTEINN KRISTJÁNSSON / STARAFUGL

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15




SUBARU
Confidence in Motion




ENNEMM / SÍA / NM84662 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Þyrfti margfalt fleiri tollverði til að geta sinnt eftirliti með öllum

**LÖGREGLUMÁL** Yfirtollvörður á Keflavíkurflugvelli segir að fjölga þurfi tollvörðum til muna ef þeir eigi að sinna eftirliti með öllum starfsmönnum flugvallarins.

Í gær var sagt frá því að lögreglan á Suðurnesjum hefði fyrr í mánuðinum handtekið þrjá karlmenn vegna stórfellds þjófnaðar á tollfrjálsum varningi frá flugþjónustufyrirtæki á flugvellinum. Tveir mannanna störfuðu á flugvellinum en sá þriðji sá um að koma varningnum í verð. Höfðu þeir meðal annars stolið miklu af kjöti en talið er að um hundruð kílógramma, hið allra minnsta, sé að ræða.

„Það er alveg ljóst að starfsmönnum okkar hefur ekki fjölgað í samræmi við aukna umferð og aukinn fjölda starfsfólks á vellinum. Á hverjum degi eru um 30 þúsund manns sem fara um völlinn og að auki eru sex þúsund manns sem starfa á vellinum,“ segir Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður á Keflavíkurflugvelli.

Að sögn Kára er umfangsmikið eftirlit með starfsfólki þegar það kemur inn og fer út af svæðinu en ómögulegt sé að vera með 100 prósent eftirlit með öllum, alltaf. Sem stendur séu tollverðir um fimmtíu talsins en milli tíu og fimmtán eru á vakt hverju sinni.



**Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður**

„Ef við ættum ávallt að hafa algjört eftirlit með öllum þá þyrfti að fjölga okkur tollvörðum um hundruð prósenta,“ segir Kári. **– jóe**




**Það er talið að brot mannanna þriggja hafi staðið yfir um árabil.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Logi sér ekki grundvöll fyrir samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn eftir kosningar

**Formlegar viðræður milli flokka eru ekki fyrirhugaðar fyrir kosningar, að fenginni reynslu. Formenn flokka eru farnir að hringjast á og hlera stemningu hver hjá öðrum um mögulega myndun ríkisstjórnar eftir kosningar. Átakalínur hverfast annars vegar um afstöðu til Sjálfstæðisflokksins og hins vegar til litlu flokkanna sem gætu ráðið miklu um myndun ríkisstjórnar ef fleiri flokka en tvo þarf í stjórn.**

**STJÓRNMÁL** „Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki gengist við eða talað um að hér hafi orðið nokkur siðferðisbrestur eða rof á trausti milli þjóðar og þings í mjög stórum málum og hefur hrist hausinn við stórum málum eins og stjórnarskrá og þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB. Ofan í kaupið bætast svo efnahagstillögur sem teikna upp framtíð sem er algjörlega andstæð því sem við stefnum að, svo ég bara sé engan grundvöll fyrir því,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, spurður um mögulegt samstarf við Sjálfstæðisflokkinn.

Logi segir línurnar hafa verið að skýrast núna á síðustu dögum í gegnum áherslur flokkana. „Það er ljóst að hér eru að myndast tvær blokkir. Annars vegar um hægri stefnu og áframhaldandi misskiptingu auðs eða stjórn um félagslegan stöðugleika, mannúð og mannréttindi,“ segir formaður Samfylkingarinnar um horfurnar eftir kosningar. Hann segist vel geta hugsað sér stjórn nokkurra flokka og nefnir auk Samfylkingar Vinstri græn, Framsóknarflokk, Viðreisn og Pírata.

Þótt engar formlegar viðræður eigi sér stað milli flokkanna fyrir kosningar eru forystumenn farnir að hringjast á og taka stöðuna. Símar formanna eru þó mismikið á tali og sumir vinsælli en aðrir eins og gengur.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við eru sammála um að svokölluð Lækjarbrekkutilraun vinstri flokkanna fyrir síðustu kosningar hafi verið misráðin.



**Forystumenn stjórnmálaflokkanna eru farnir að hringjast á og taka stöðuna þótt formlegar stjórnarmyndunarviðræður séu ekki hafnar. Sigurður Ingi útilokar ekki samstarf við Sigmund Davíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

„Mér fannst þetta nú ekki koma neitt sérstaklega vel út síðast,“ segir Þórhildur Sunna Ævarsdóttir Pírati um möguleika á formlegum viðræðum milli flokka fyrir kosningar. Aðspurð um óskasamstarfsflokka Pírata nefnir Þórhildur Sunna þá flokka sem störfuðu saman í stjórnarandstöðu á því kjörtímabili sem er að ljúka; Vinstri græn, Samfylkingu og Framsóknarflokk. „Það eru helst þeir flokkar sem eru til í að koma með okkur í stjórnarskrármálin og raunverulegar kerfisbreytingar.“ Aðspurð hvort hún telji þessa flokka líklegasta til þess, segir Þórhildur Sunna: „Þeir eru allavega minnst líklegir til að vilja standa gegn því.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru einkum tvær átakalínur sem skipt geta miklu máli við myndun ríkisstjórnar eftir kosningar. Annars vegar afstaða flokka til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn og hins vegar afstaða forystumanna til þess hvor flokkurinn eigi að mynda límið í ríkisstjórn, Framsóknarflokkur eða Viðreisn.

„Ég met stöðuna þannig að þrátt fyrir að útlit verði fyrir mikinn fjölda flokka á þingi þá verði ekki stjórnarkreppa eins og síðast,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, og er bjartsýn á að að unnt verði að mynda ríkisstjórn hvort heldur er til hægri eða vinstri. „Ég held að menn sjái æ betur að allt tal um tveggja flokka stjórn er gamaldags nálgun og engan veginn ávísun á stöðugleika. Þetta snýst fyrst og fremst um málefnin og þess vegna er ég bjartsýn.“

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, lýsir þungum áhyggjum af óstöðugleika í íslenskum stjórnmálum. „Það þarf að mynda öfluga starfhæfa ríkisstjórn til að ráða bót á þessum pólitíska óstöðugleika, honum verður að linna,“ segir Sigurður. Hann segir að ekki verði ráðin bót á vanda stjórnmálanna nema menn stigi upp úr skotgröfunum og er sjálfur reiðubúinn að ganga á undan með góðu fordæmi: „Það er enginn maður í stjórnmálum sem ég treysti mér ekki til að vinna með,“ segir Sigurður þegar hann er spurður hvort hann sé reiðubúinn að starfa með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Miðflokksins. Sigurður segist helst vilja sjá breiða stjórn fyrir miðju og segir Framsóknarflokkinn reiðubúinn að taka þátt í slíkri stjórn.

adalheidur@frettabladid.is

Nilfisk



NILFISK er nauðsyn á heimilið

Nilfisk fæst í Rekstrarlandi, Vatnagörðum 10. Þetta danska vörumerki þekkja flestir enda gæðaryksugur sem hafa þjónað íslenskum heimilum dyggilega í áratugi. Komdu og skoðaðu Nilfisk ryksugurnar og úrvalið af fylgihlutum, hausum, börkum og ryksugupokum.

Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 9–18.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is



NISSAN Qashqai Acenta 2wd
Nýskr. 09/16, ekinn 13 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 3.690 þús. kr.



RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 07/16, ekinn 37 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ 3.590 þús. kr.



TOYOTA Avensis Live
Nýskr. 05/15, ekinn 49 þ.km, bensín, beinskiptur.
VERÐ 2.390 þús. kr.



NISSAN Juke Acenta Plus 4wd
Nýskr. 04/16, ekinn 40 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ 3.390 þús. kr.



SUZUKI Vitara All Grip
Nýskr. 06/16, ekinn 58 þ.km, bensín, beinskiptur.
VERÐ 2.690 þús. kr.



SUBARU Forester Premium
Nýskr. 07/16, ekinn 44 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ 4.290 þús. kr.

bílaland
Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM88463


# Segir þá sem skráðu sig úr Zuism ekki fá greitt

**Ágúst Arnar Ágústsson, forstöðumaður trúfélags zúista, segir starfsmann sýslumanns hafa gefið villandi upplýsingar og eytt gögnum um samskipti við keppinauta hans um völd í trúfélaginu. Boðar lofaða útgreiðslu sóknargjalda.**



Langri baráttu Ágústs Arnars Ágústssonar fyrir að fá viðurkenningu á því að hann sé forstöðumaður Zuism lauk í byrjun október. MYND/ÚREINKASAFNI

**TRÚFÉLÖG** „Það kemur væntanlega tilkynning frá félaginu um hvenær þetta verður hægt og hvenær þetta verður greitt út,“ segir Ágúst Arnar Ágústsson, forstöðumaður trúfélagsins Zuism, þar sem meðlimir hafa beðið í tæp tvö ár eftir útgreiðslu sóknargjalda.

Eins og kunnugt er lofuðu zúistar því á meðan félagið var undir stjórn Ísaks Andra Ólafssonar og félaga að meðlimir trúfélagsins fengju sóknargjöld sem ríkið greiðir fyrir hvern félaga, um 11.000 krónur á ári. Sagði frá því í Fréttablaðinu í gær að þessi upphæð hafi í heild verið komin í rúmar 53 milljónir króna sem borgaðar voru út eftir að sýslumannsembættið á Norðurlandi eystra viðurkenndi Ágúst sem forstöðumann.

Í yfirlýsingu sem Ágúst sendi frá sér í gær segir að félagið vinni nú að heimasíðu þar sem hægt verði að sækja um endurgreiðslu á sóknargjöldum. Ótiltekinn umsýslugjaldi verði þó haldið eftir. „Það verður í nóvember, ég get að minnsta kosti sagt það,“ segir hann aðspurður hvenær útgreiðslan geti orðið í fyrsta lagi.

Ágúst segir aðeins þá sem skráðir hafi verið í Zuism þegar hann komst yfir félagaskrána í þessum mánuði geta fengið endurgreitt. Ef einhverjir hafi verið í félaginu en skráð sig úr því fái þeir ekki greitt því hann geti ekki sannreynt hverjir hafi verið meðlimir og hverjir ekki.

Þess má geta að greiðslur sóknargjalda frá ríkinu miðast við fjölda meðlima sem skráðir eru 1. desember á hverju ári. Þannig mun Zuism fá sóknargjöld í eitt ár í viðbót samkvæmt fjölda félagsmanna 1. desember næstkomandi.

Krafa Ágústs um að verða viðurkenndur sem formaður trúfélags zúista var til meðferðar hjá embætti sýslumannsins á Norðurlandi eystra allt frá því snemma á þessu ári. Hann ber starfsmann embættisins þungum sökum í yfirlýsingu sinni og gefur í skyn að sá hafi gengið erinda andstæðinga hans innan trúfélagsins.

„Við rannsókn innanríkisráðuneytisins kemur í ljós að starfsmaður sýslumanns hefur átt í óviðeigandi samskiptum við umræddan hóp utan vinnutíma. Eftir að þetta komst upp hefur hann verið staðinn að því að senda villandi upplýsingar til innanríkisráðuneytisins og að eyða málsgögnum, sem meðal annars tengjast samskiptum milli hans og umrædds hóps,“ segir í yfirlýsingu Ágústs sem var viðurkenndur sem formaður nú í byrjun október.

> **Hann neitaði því að hafa fengið stofngögnin um félagið okkar en samt hefur innanríkisráðuneytið staðfest að honum voru send öll gögn. Þetta er allt saman mjög undarlegt.**
>
> Ágúst Arnar Ágústsson, forstöðumaður Zuism

> **11.000**
>
> **þúsund krónur eru greiddar úr ríkissjóði á ári til trúfélaga fyrir hvern skráðan meðlim.**

Aðspurður segist Ágúst vera að vísa til símasamskipta umrædds starfsmanns við þann hóp sem hafði undirtökin í félaginu á tímabili. Málið tengist því að skráning trúfélaga var færð frá innanríkisráðuneytinu til sýslumannsins á Norðurlandi eystra. „Hann neitaði því að hafa fengið stofngögnin um félagið okkar en samt hefur innanríkisráðuneytið staðfest að honum voru send öll gögn. Þetta er allt saman mjög undarlegt,“ segir hann.

Að sögn Ágústs er óákveðið hvort einhver eftirmál verði af hálfu zúista undir hans stjórn gagnvart viðkomandi starfsmanni sýslumanns. „Það má vel vera að það verði skoðað en það er kannski óviðeigandi að segja eitthvað um það í dag,“ svarar hann.

Þess má geta að Fréttablaðið hefur frá því í ágúst reynt að ná tali af umræddum starfsmanni sýslumanns en hann hefur ekki svarað margítrekuðum símtölum og tölvupóstum. Honum var í gær framsend yfirlýsing formanns zúista með ósk um viðbrögð við ásökununum en ekkert svar fékkst. Hann er sagður vera í fríi fram í nóvember. Þá hefur embættið ekki sent Fréttablaðinu umbeðin gögn varðandi skráningu Ágústs sem forstöðumanns zúista. **gar@frettabladid.is**

# Sendu Þjóðskrá til baka í þriðja sinn

**STJÓRNSÝSLA** Þjóðskrá skal taka fasteignamat eignar í Logafold í Reykjavík, fyrir árin 2009-2013, til endurskoðunar. Þetta er niðurstaða yfirfasteignamatsnefndar en þetta er í þriðja skipti sem ákvörðun Þjóðskrár varðandi eignina er felld úr gildi.

Forsaga málsins er að árið 2014 óskuðu eigendur eignarinnar eftir endurskoðun á fasteignamatinu til lækkunar. Töldu þau mat Þjóðskrár vera tugum milljóna of hátt og að það skýrðist af því að flatarmál kjallara, sem væri óíbúðarhæfur og ekkert nema geymsla, væri talið með í heildarfermetrafjölda hússins.

Þjóðskrá hafnaði beiðni eigenda um endurmat. Sú niðurstaða var kærð til yfirfasteignamatsnefndar sem felldi árið 2015 ákvörðunina úr gildi. Þjóðskrá leit á framkomin gögn og taldi ekki rétt að breyta mati eignarinnar. Sú niðurstaða var á ný kærð til yfirfasteignamatsnefndar sem aftur felldi ákvörðun Þjóðskrár úr gildi. Þetta var árið 2016.

Í þriðja sinn leit Þjóðskrá á gögn málsins og komst að því þriðja sinni að ekki væru ástæður til að breyta fasteignamatinu. Á ný var málið kært til yfirfasteignamatsnefndar sem komst að þeirri niðurstöðu, þriðja sinni, að framkvæmd Þjóðskrár væri ábótavant. Þarf Þjóðskrá því að taka málið til meðferðar fjórða sinni. **– jóe**



Margir hillumetrar af skjölum eru í hirslum Þjóðskrár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Panodil Zapp

# #KOSNINGAHAUSVERKUR




Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur. 500 mg parasetamól. Notist við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

# Xi styrkist og stendur nú við hlið Maós

**Nafn og hugmyndafræði forseta Kína hafa verið rituð í stjórnarskrá Kommúnistaflokksins. Með því er hann settur á sama stall og Maó Zedong, stofnandi alþýðulýðveldisins. Landsþing flokksins samþykkti einróma að innleiða hugmyndafræðina í stjórnarskrá sína.**

**KÍNA** Á þriðja þúsund fulltrúa á landsþingi Kommúnistaflokks Kína greiddu í gær atkvæði með því að nafn og hugmyndafræði forsetans Xi Jinping skyldi innleiða í stjórnarskrá flokksins. Enginn andmælti tillögunni eða sat hjá. Xi Jinping styrkir með þessu stöðu sína sem leiðtogi Kínverja en það hefur hann gert stöðugt frá því hann tók við embættinu árið 2012.

Fyrri leiðtogar Kommúnistaflokksins hafa fengið ýmsar hugmyndir og stefnur ritaðar í stjórnarskrá flokksins en til þessa hafði einungis stofnandinn Maó Zedong fengið nafn sitt og sérstaka hugmyndafræði innleidda í plaggið. Virðingin fyrir Xi er því greinilega mikil enda er hann settur á sama stall og stofnandi alþýðulýðveldisins. Þess ber þó að gera að Deng Xiaoping, sem leiddi flokkinn frá 1982 til 1987, fékk nafn sitt einnig ritað í stjórnarskrá flokksins. Það gerðist þó eftir andlát hans.

„Xi Jinping hefur nú fengið stuðning ríkisins gulltryggðan. Hann getur orðið keisari alla sína ævi og verið í embætti eins lengi og heilsa hans leyfir,“ sagði Willy Lam, prófessor í kínverskum fræðum við Kínverska háskólann í Hong Kong, við CNN í gær.



Landsþingsfulltrúarnir risu úr sætum sínum og hlýddu á Alþjóðasöng verkalýðsins, Nallann, í lok þingsins. Allir greiddu þeir atkvæði með því að innleiða hugmyndafræði Xi Jingping í stjórnarskrá flokksins. NORDICPHOTOS/AFP

Jafnframt sagði Lam að stjórnarskrárbreytingar flokksins myndu leiða til þess að flokkurinn hefði enn meiri völd og myndi hafa enn meiri afskipti af daglegu lífi Kínverja. Xi hafi með þessu brotið á bak aftur stefnu Dengs um valddreifingu og snúið aftur til hugmyndarinnar um hinn eina, sterka leiðtoga.

Landsþing flokksins skipaði einnig í fjölmargar nefndir og í embætti héraðsformanna flokksins, ríkisstjóra og forstjórastóla ýmissa ríkisrekinna fyrirtækja. Hins vegar er ljóst að ekkert hefur vakið jafnmikla athygli og hugmyndafræði Xis.

Hugmyndafræðin ber nafnið „Hugmyndir Xi Jinping um nýtt tímabil sósíalisma með kínverskum einkennum“. Nafnið hefur þótt óskýrt en í greiningu New York Times á hugmyndafræðinni kemur fram að orðin „nýtt tímabil“ gegni þar lykilhlutverki.

Xi hefur áður lýst sögu kínverska alþýðulýðveldisins, sem stofnað var árið 1949, sem hún skiptist í tvö tímabil. Annars vegar þá þrjá áratugi sem liðu eftir byltinguna og valdatöku kommúnista. Það tímabil hafi einkennst af stofnun sameinaðs alþýðulýðveldis og endalokum borgarastyrjalda og innrása erlendra herja. Hitt tímabilið sem um ræðir eru þeir þrír áratugir sem Deng var leiðtogi. Einkenndist það tímabil af styrkingu og þróun hagkerfisins og opnun Kína fyrir umheiminum.

Með hugmyndafræði sína að vopni vill Xi hefja þriðja tímabil alþýðulýðveldissögunnar, að því er kemur fram í greiningu New York Times. Xi líti svo á að Maó hafi gert Kína sjálfstætt, Deng hafi tryggt hagsæld og Xi sjálfur muni nú gera Kína að sterku ofurstórveldi í heiminum.

Leiðtoginn ætlar sem sagt að tryggja Kína það hlutverk að ríkið sé leiðandi á sviði alþjóðastjórnmála. Hinn nýi sósíalismi Kínverja muni verða nýr valkostur fyrir ríki heimsins og að Kínverjar muni aldrei samþykkja nokkuð sem grefur undan hagsmunum þeirra.

**thorgnyr@frettabladid.is**







# Það er ekki nóg að hafa plan.
# Það þarf að framkvæma.

Skortur á íbúðarhúsnæði er eitt af stærstu úrlausnarefnum samfélagsins. Sífellt stærri hópur venjulegs fólks hefur hvorki efni á að leigja né kaupa húsnæði. Efling – stéttarfélag skorar á yfirvöld að láta verkin tala – því skjótra úrlausna er þörf.

EFLING
STÉTTARFÉLAG

# Ástand heimsins







1. Indónesar fylgdust í gær með gosi eldfjallsins Sinabung á Súmötru. Fjallið er afar virkt en það gaus síðast árið 2013. Þar áður gaus það árið 2010 og vaknaði við það af 400 ára svefni.

2. Þessir Róhingjar stóðu í röð í flóttamannabúðum í Ukhia, Bangladess, í gær og biðu eftir nauðsynjavörum. Hundruð þúsunda Róhingja hafa flúið til Bangladess frá Mjanmar vegna ofsókna. Á skiltinu sem hér má sjá er Aung San Suu Kyi, leiðtogi Mjanmar, hvött til að skila friðarverðlaunum Nóbels.

3. Íbúar filippseysku borgarinnar Marawi snúa um þessar mundir aftur heim en filippseyski herinn tilkynnti á mánudag að tekist hefði að hrekja hryðjuverkasamtök hliðholl ISIS úr borginni eftir fimm mánaða átök.

4. Leikari í gervi Péturs mikla sýndi ferðamanni brynvarinn bíl sem framleiddur var árið 1919 og svipar til þeirra sem notaðir voru í októberbyltingunni. Bíllinn er til sýnis á Hermitage-safninu í Sankti Pétursborg ásamt fleiri munum en sýningin er haldin vegna aldarafmælis byltingarinnar.
















ceraviva
CERAVIVA SN #1 30x60cm 3.190 kr. m2
15x60cm 3.490 kr. m2
Gegnheilar gæða flísar
MÚRBÚÐARVERÐ
CERAVIVA SN #2
30x60cm 3.190 kr. m2
CERAVIVA SN #3 60x60cm 2.990 kr. m2
30x60cm 3.190 kr. m2
CERAVIVA SN #1 60x60cm 2.990 kr. m2
CERAVIVA TWILIGHT #4 60x60cm 3.690 kr. m2
CERAVIVA TWILIGHT #3 60x60cm 3.690 kr. m2
CERAVIVA TWILIGHT #6 60x60cm 3.690 kr. m2
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Netgíró
Betri leið til að versla
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

ÚRVAL ÚTSÝN

# VETRARSÓL



★★★
**BENIDORM** 27. OKT. – 4. NÓV.
FRÁ **69.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 53.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**ALICANTE** 31. OKT. – 8. NÓV.
FRÁ **69.300 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 74.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★
**GRAN CANARIA** 14.–28. NÓV.
FRÁ **85.700 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 107.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**BENIDORM** 22.–29. NÓV.
FRÁ **65.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 74.090 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**TENERIFE** 22.–29. NÓVEMBER
## COSTA ADEJE GRAN ★★★★★
FRÁ **127.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með morgunverði.



**TENERIFE** 29. NÓVEMBER – 6. DESEMBER
## HOTEL BITACORA ★★★★
FRÁ **109.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn með hálfu fæði.
Verð frá 140.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**BENIDORM** 29. NÓV. – 6. DES.
## HOTEL MEDITERRANEO ★★★★
FRÁ **83.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með hálfu fæði.



16. FEBRÚAR – 1. MARS
## THAILAND
BANGKOK, KWAI OG HUA HIN

Þrjár heillandi hliðar Thailands: Heimsborgin Bangkok, náttúrufegurð og sveitasælan kringum Kwai-fljótið og sjarmi og rólegheit strandbæjarins Hua Hin.

FRÁ **369.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.




23.–28. JANÚAR
## BETT
SKÓLASÝNING

Frábært samstarf við Nýherja hefur gefið Íslendingum færi á að Bett skólasýninguna sem fagaðilar telja bestu sýningu sinnar tegundar á Bretlandseyjum.

FRÁ **145.700 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.




27.–30. OKTÓBER
## DUBLIN
BORGARFERÐ

Helgarferð með þægilegum flugtímum. Hagstætt verðlag, fín veitingahús, krár og verslanirnar. Í hugum margra er Dublin þekkt fyrir fjölmargar krár, fjör og írska tónlist.

FRÁ **45.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

**INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR.**



★★★
**TENERIFE** 22.–29. NÓV.
FRÁ **69.400 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 94.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**TENERIFE** 29. NÓV. – 6. DES.
FRÁ **71.000 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 94.000 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**BENIDORM** 6.–13. DES.
FRÁ **62.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 72.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

★★★
**TENERIFE** 6.–21. DES.
FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 139.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.




**TENERIFE** 21. DESEMBER – 3. JANÚAR
**PALM BEACH** ★★★
FRÁ **189.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Verð frá 280.200 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



VOR 2018
## GOLFFERÐIR

**EL PLANTIO** er okkar vinsælasti golfstaður. Frá hótelinu er aðeins um 5 mínútna akstur á Alicante flugvöllinn og 10 mínútna akstur í miðbæ Alicante. Hér er allt innifalið í mat og drykk (innlendir drykkir) og boðið er upp á ótakmarkað golf alla daga — engin þörf á að taka upp veskið.

FRÁ **159.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



22.–26. MARS
**MARRAKESH**
BORGARFERÐ
Iðandi og kraftmikil borg sem er einstök í sinni röð, litríkur og seiðandi menningarheimur, óræður ilmur, ólgandi líf en samt róandi andi. Beint flug.
FRÁ **120.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

# ERTU MEÐ HÓP?

LÁTTU FERÐARÁÐGJAFA OKKAR SÉRSNÍÐA DRAUMAFERÐINA ÞÍNA.

**HAFÐU SAMBAND VIÐ HOPAR@UU.IS**

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGI | 585 4000 | UU.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Afgangsstærð



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Forsvarsmenn listamanna hafa á síðustu árum í örvinglan sinni yfir skilningsleysi samfélagsins, en þó einkum ráðamanna, kosið að vísa til listarinnar sem skapandi greina. Það er hálf leiðigjarnt hugtak yfir eitthvað viðlíka fallegt og listsköpun en tilgangurinn helgar meðalið. Markmiðið er annars vegar að víkka listhugtakið og vísa einnig til atvinnugreina á borð við hönnun, forritun og alls kyns nýrra greina. En svo ekki síður til þess að fá fólk til þess að sjá þá einföldu staðreynd að listsköpun er atvinnugrein, rétt eins og t.d. sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður en ólíkt þeim ágætu atvinnugreinum skapar listin úr engu. Fyrir tilstilli listamannsins verður eitthvað til þar sem ekkert var áður.

Ekkert er kannski ofsögum sagt, því það þarf alltaf að koma til manneskja með sköpunarkraft og ímyndunarafl í bland við menntun og lærða færni. Það er allt sem þarf til listrænnar verðmætasköpunar. Listin getur þannig verið óþrjótandi uppspretta verðmæta, bæði andlegra og veraldlegra, og ef eitthvað er að marka kosningabaráttuna þá er lífið saltfiskur. Veraldleg verðmæti, í vasa landsmanna, upphaf og endir alls.

Þrátt fyrir þetta heldur listin áfram að vera afgangsstærð í íslenskum stjórnmálum. Eitthvað sem er nefnt í framhjáhlaupi og hugsað um sem eitthvað sem þarf kannski að styrkja betur svona í besta falli. Samt vitum við öll að það er fyrst og fremst listin sem ber hróður lands og þjóðar vítt og breitt um veröldina og að hingað streyma ferðamenn víða að úr veröldinni eftir að hafa kynnst íslenskri list. Við vitum um öll störfin sem skapast, ársverkin sem vinnast og þannig mætti áfram telja en samt eru ófáir stjórnmálamenn alveg grínlaust spenntari fyrir því að virkja allt annað en hugaraflið.

Fæstir virðast flokkarnir bjóða upp á fastmótaða stefnu í málefnum listanna þó að hér sé á ferðinni atvinnugrein sem býr yfir þeim fágæta kosti að búa til verðmæti þar sem engin voru áður. Stefnu sem blæs til raunverulegrar sóknar í greininni með skýrri fjárfestingastefnu í kvikmyndagerð, tónlist, leiklist, myndlist, bókmenntum o.s.frv. Engu að síður eru flokkarnir margir hverjir með á sínum listum talsverðan fjölda listamanna og einstaklinga sem starfa innan greinarinnar en kannski er það bara til skrauts. Við skulum þó vona að svo sé ekki.

Við skulum frekar vonast eftir því að þessir einstaklingar, að minnsta kosti þeir sem ná inn á þing, taki sig saman þvert á flokka að loknum kosningum og leggi fram slíka stefnu. Stefnu sem horfir til tækifæranna og framtíðarinnar og metur að verðleikum það sem blómlegt listalíf getur gert fyrir samfélagið. Stefnu þar sem hlúð er að menntun listamanna og starfsaðstæðum til lengri tíma og á markvissan hátt en ekki síður lögð áhersla á að tryggja öllum aðgengi að listinni óháð efnahag, búsetu eða félagslegum aðstæðum. Það ætti í raun að vera jafn sjálfsagt og sú einfalda staðreynd að það er ekkert t í orðinu kosningar. Góðar stundir.

> Stefnu sem horfir til tækifæranna og framtíðarinnar og metur að verðleikum það sem blómlegt listalíf getur gert fyrir samfélagið.




MASTER® HITABLÁSARAR

**Þessir einu sönnu gæða hitablásarar.**
Bjóðum úrval alvöru hitablásara bæði fyrir gas og diesel/steinolíu.
Eigum líka hitastilla fyrir MASTER hitablásara.
Viðurkennd viðgerða- og varahlutaþjónusta.

ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
**Vefsíða:** www.thor.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Líkræða Gunnars**
Gunnar Smári Egilsson, formaður Sósíalistaflokksins, ritaði á Facebook í gær „langan status um vinstri stjórnina sem ekki verður“. Gengur hann þar hart fram gegn vinstri flokkum þessa lands og taktík þeirra í kosningabaráttunni sem rennur sitt skeið á laugardag. Segir hann meðal annars að vandi vinstri flokkanna sé að þeir snúi sér ávallt að sínum eigin kór meðan aðrir snúi sér að söfnuðinum. Miðað við skort á framboðslistum frá hans flokki hlýtur að vera hægt að draga þá ályktun að Sósíalistaflokkurinn hafi hins vegar hvorki snúið sér að söfnuðinum né kórnum.

**Kysstu mig**
Það vakti athygli og óhug í gær þegar myndskeið þar sem Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði hina Vinstri grænu Steinunni Þóru Árnadóttur, samstarfskonu sína á þingi, hvort hann mætti kyssa hana. Ummælin lét Brynjar falla eftir að þau voru sammála en slíkt er fágætt. Steinunn svaraði með nei, nei, nei, nefnd' ekki svei, svei, svei, sussu, sussu, nei, nei nei, nei það er frá. Brynjar baðst á endanum afsökunar á háttalagi sínu enda algjörlega úr öllu hófi og ekki á færi allra að „púlla“ Ingólf Hannesson. Passlegt hefði verið að senda blóm eða heillaskeyti.

johannoli@frettabladid.is

## Ísland er framtíðin



Lilja Alfreðsdóttir
varaformaður Framsóknarflokksins

Ísland var í 16. sæti árið 2016 á lista Sameinuðu þjóðanna yfir bestu lífskjör í heiminum. Danmörk, Noregur og Svíþjóð voru fyrir ofan okkur, en Finnland fyrir neðan. Þó að við séum að koma vel út þegar kemur að jöfnuði í samfélaginu, þurfum við að gera enn betur svo Ísland verði ákjósanlegur valkostur fyrir unga fólkið í framtíðinni.

Framsókn leggur ríka áherslu á jafnan rétt til menntunar, óháð búsetu og efnahag. Nauðsynlegt er að auka fjárframlög til háskólanna svo þau nái OECD-meðaltalinu árið 2020. Ein króna inn í háskólastigið skilar sér áttfalt inn í hagkerfið. Ísland þarf að vera framarlega á sviði tækni og nýsköpunar til að geta mætt kröfum framtíðarinnar. Fjölbreytt framboð á menntun og símenntun er lykilþáttur í því sambandi. Við höfum líka lagt áherslu á að þeir fjármunir sem sparast við styttingu framhaldsskólans í þrjú ár verði nýttir til að byggja upp og þróa framhaldsskólastigið, t.d. í verk- og iðnnámi.

Fjölbreytt og áhugaverð störf þurfa að vera í boði fyrir ungt fólk í framtíðinni. Sú tæknibylting sem fram undan er mun án efa skapa mörg ný, spennandi atvinnutækifæri fyrir ungt fólk í náinni framtíð. En það gerist ekki af sjálfu sér. Framsókn vill að á fyrstu 100 dögum nýrrar ríkisstjórnar verði endurgreiðsluhlutfall á rannsóknar- og þróunarkostnaði hækkað úr 20% í 25% svo skapa megi ný tækifæri á þeim umbreytingartímum sem fram undan eru. Stjórnvöld þurfa að styðja vel við fyrirtæki sem fjárfesta í hugverka- og þekkingariðnaði.

Mikil fjölgun hefur verið á leigumarkaði á Íslandi en 80% þeirra vilja eignast sitt eigið húsnæði. Framsókn hefur lagt fram raunhæfa aðgerð sem gengur út á að ungu fólki verði heimilt að taka út það iðgjald sem það hefur lagt í lífeyrissjóð og nýta sem útborgun við íbúðakaup. Þessi leið hefur nýst vel í Sviss til að auðvelda fólki að eignast húsnæði. Samhliða þessari aðgerð verður meira framboð af húsnæði að vera til staðar. Ísland þarf að geta boðið upp á sambærilegar aðstæður til húsnæðiskaupa og önnur norræn ríki.

> Ein króna inn í háskólastigið skilar sér áttfalt inn í hagkerfið.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Á ég að gera það?



Guðjón Bragason
sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 6. apríl 2017 um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2018-2022, er fjallað sérstaklega um leiðir til að gera opinbera þjónustu betri:

Unnin verði sameiginleg aðgerðaáætlun vegna svokallaðra grárra svæða í þjónustu ríkis og sveitarfélaga þar sem þjónustusvið þeirra skarast ...

Umræða um þessi „gráu svæði“ hefur verið af skornum skammti, enda þótt fækkun þeirra sé eitt mikilvægasta verkefni stjórnmálanna.

**Gráu svæðin í velferðarþjónustu**

Ábyrgðarsvið í opinberri þjónustu, hvort heldur á milli ráðuneyta, stofnana eða í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, eru oft og tíðum ekki nægilega skýr. Dæmin um að þessir aðilar gangi ekki í takt eru mýmörg og skipta þeir notendur jafnan þúsundum, sem fá ekki úrlausn sinna mála vegna þess að þeir eru á „gráu svæði“ í velferðarþjónustunni.

Sú landlæga tilhneiging virðist vera hjá opinberum stofnunum, að skilgreina verkefni yfir á aðra þjónustuveitendur þegar gerð er krafa til þeirra um hagræðingu í rekstri. Þessi „einhver annar“ reynist iðulega vera sveitarfélögin, sem er skylt að veita margháttaða velferðarþjónustu á félags-, skóla- og öldrunarsviði. Afleiðingarnar birtast svo oftar en ekki í auknum kostnaði, þegar á heildina er litið, þar sem sparnaður á einum stað í opinberum rekstri getur hæglega valdið auknum kostnaði á öðrum stöðum samfara tvíverknaði og ófullnægjandi þjónustuskilgreiningum. Einnig getur sú hætta myndast að brýnum velferðarverkefnum sé ekki nægilega vel sinnt sökum vanfjármögnunar, þar sem sá sem fékk upphaflegu fjárheimildirnar telur sér ekki lengur skylt að sinna þeim. Eftir sitja þeir með sárt ennið sem þurfa á þjónustunni að halda.

**Einna skýrast birtist þó þessi kerfisvandi í of litlli samhæfingu ráðuneyta á milli eða innan velferðarráðuneytisins. Sem nærtækt dæmi mætti nefna afleiðingar þess, þegar yfirstjórn heilbrigðisþjónustunnar skilgreinir sig út úr verkefnum sem snerta beinlínis líf og velferð fólks.**

**Hvað er til ráða?**

Samband íslenskra sveitarfélaga hóf fyrir nokkrum árum markvissa kortlagningu á ábyrgðarsviðum innan velferðarþjónustunnar. Hafa niðurstöður þessarar greiningar ásamt tillögum til úrbóta verið birtar í skýrslu sambandsins, sem fékk fljótlega það lýsandi heiti „Grábók“ og nálgast má á vef sambandsins.

Niðurstöðurnar benda eindregið til þess, að gráu svæðin séu kerfislægur vandi, sem birtist ekki einungis í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, heldur einnig á hvoru stjórnsýslustigi fyrir sig, s.s. í velferðarþjónustu stærri sveitarfélaga. Einna skýrast birtist þó þessi kerfisvandi í of litlli samhæfingu ráðuneyta á milli eða innan velferðarráðuneytisins. Sem nærtækt dæmi mætti nefna afleiðingar þess, þegar yfirstjórn heilbrigðisþjónustunnar skilgreinir sig út úr verkefnum sem snerta beinlínis líf og velferð fólks.

# Láttu lífeyrinn minn vera!



2017

Guðrún Pétursdóttir
á lista Viðreisnar í Reykjavík norður

Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds þegar ég las ummæli Sigmundar Davíðs um lífeyrissjóðina, sem hann lét falla á þingi Samtaka iðnaðarins 13. október 2017. Ég fæ ekki betur séð en hann geti ekki beðið eftir að komast í lífeyrissparnaðinn okkar. Þinn og minn.

Orðrétt er haft eftir honum: „Til dæmis hjá lífeyrissjóðunum sem hafa haft það of þægilegt með tryggðri 3,5% ávöxtun. Ef ríkið væri ekki að halda þeim uppi þyrftu þeir að standa undir sér með öðrum hætti. Ég myndi vilja sjá sterkari hvata til þess að þetta fjármagn nýtist í nýsköpun.“

Hafa lífeyrissjóðirnir það „of þægilegt“? Eru ekki áhyggjur okkar einmitt þær, að þeir muni eiga í erfiðleikum með að standa undir skuldbindingum? Það er sannarlega rík ástæða til að tryggja ávöxtun lífeyrissjóðanna og verja þá sjálfa. Þarna liggur lífeyrissparnaður þjóðarinnar, fjármagn sem tekið er af öllum launum fólks að viðbættu mótframlagi launagreiðenda, í þeim skýra tilgangi að tryggja framfærslu þegar starfsævinni lýkur. Víst er þetta mikið fé, enda skuldbindingarnar gríðarmiklar. Þeim mun ríkari ástæða er til að verja þessa fjármuni fyrir þeim sem ásælast þá. Fjárfestingar í nýsköpun eru of áhættumiklar til að leggja lífeyri landsmanna þar undir. Það fjármagn þarf að koma annars staðar frá. Að heyra þessi áform frambjóðandans ætti að hringja háværum viðvörunarbjöllum.

Það má aldrei gerast að þetta öryggisnet þjóðarinnar sé lagt undir í fjárhættuspili, með hvaða formerkjum sem er. Lífeyrissparnaður er ekki skattur – hann er eign. Burt með krumlurnar, Sigmundur! Snertu ekki lífeyrinn minn!

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

AÐ LEIÐARLOKUM

Hvað vil ég?

FRÆÐSLUFUNDUR ÚTFARARSTOFU KIRKJUGARÐANNA
Neskirkju 26. október frá kl 16:15 til kl 18:15

Kl. 16:15 SETNING
Þráinn Þorvaldsson stjórnarformaður ÚK.

Kl. 16:20 AUKIN AÐSTOÐ - BÆTT ÞJÓNUSTA
Elín Sigrún Jónsdóttir lögfræðingur, framkvæmdastjóri ÚK ræðir um reynsluna af nýrri, persónulegri- og aukinni þjónustu.

Kl. 16:35 KAMPAVÍN OG BALLÖÐUR
Erum við að missa stjórn? Er það slæmt? Breytt samfélagsgerð kallar á nýja nálgun. Sigrún Óskarsdóttir guðfræðingur hjá ÚK fjallar um mikilvægi samtalsins og ólíkar þarfir aðstandanda við kveðjustund. Hefðin er sterk og rík en ekki meitluð í stein.

Kl. 16:50 ÓSKALAGIÐ
Sigríður Thorlacius, söngkona.
Undirleikur Steingrímur Þórhallsson.

Kl. 17:00 HLÉ – Boðið upp á léttar veitingar

Kl. 17:20 GILDI ERFÐASKRÁR OG KAUPMÁLA ÞJÓNUSTA LÖGFRÆÐIDEILDAR
Katla Þorsteinsdóttir lögfræðingur ÚK ræðir álitamál sem snúa að erfðarétti, erfðaskrám og kaupmálum.

Kl. 17:35 EINSÖNGSLAGIÐ
Gissur Páll Gissurarson, óperusöngvari.
Undirleikur Steingrímur Þórhallsson.

Kl. 17:45 AF SJÓNARHÓLI SYRGJANDANS
„Þá grét Guðrún Gjúkadóttir“

Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur hefur setið við dánarbeð fimm ástvina á fimm árum og stofnaði ásamt öðrum samtökin Ljónshjarta til stuðnings ungum ekkjum og ekklum. Hún deilir sýn sinni á útfararsiði sem hjálp í sorgarúrvinnslu aðstandenda og gildi sorgartjáningar sem er orðin æ algengari á samfélagsmiðlum síðustu misseri.

Kl. 18:00 ALMENNAR UMRÆÐUR

Kl. 18:15 SAMANTEKT
Þráinn Þorvaldsson stjórnarformaður ÚK.

Fundarstjóri: Sr. Sigurður Arnarson, sóknarprestur Kópavogskirkju.

# Úrræði umboðsmanns skuldara



Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara

**Úrræði greiðsluaðlögunar er opið öllum þeim sem uppfylla ákveðin lagaleg skilyrði.**

Umboðsmaður skuldara hvetur einstaklinga í greiðsluerfiðleikum til að fá endurgjaldslausa aðstoð embættisins við úrlausn á fjárhagsvanda. Embættið býður upp á almenna ráðgjöf, úrræði greiðsluaðlögunar og fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Þá er jafnframt hægt að senda embættinu erindi sem snerta málefni skuldara. Embættið veitir hins vegar ekki almenna lögfræðiráðgjöf.

Með umsókn um ráðgjöf geta einstaklingar fengið heildaryfirsýn yfir fjárhagsstöðu með tilliti til eigna, skuldbindinga og greiðslugetu. Ráðgjafi leitar leiða til lausna á fjárhagserfiðleikum, t.d. með skilmálabreytingum, frystingu lána eða samningum um greiðslu vanskila. Ef vægari lausnir duga ekki er lagt mat á hvort úrræði greiðsluaðlögunar geti leyst fjárhagserfiðleika viðkomandi.

Úrræði greiðsluaðlögunar er opið öllum þeim sem uppfylla ákveðin lagaleg skilyrði og berast nú að meðaltali um 40 umsóknir í mánuði hverjum. Meðal grunnskilyrða er að einstaklingur sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar. Í greiðsluaðlögun einstaklinga er leitast við að ná frjálsum samningum við kröfuhafa með það að markmiði að koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu. Samningar um greiðsluaðlögun geta m.a. kveðið á um gjaldfrest, lægri afborganir og eftirgjöf skulda. Í dag hafa tekið gildi hátt í 3.200 samningar um greiðsluaðlögun.

Fjárhagsaðstoð vegna skiptatryggingar er úrræði fyrir þá einstaklinga sem hyggjast leita gjaldþrotaskipta en hafa ekki tök á að standa undir tryggingu fyrir skiptakostnaði sem nemur 250.000 kr. Ákveðin skilyrði eru fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar, m.a. að umsækjandi hafi reynt önnur greiðsluvandaúrræði eða umboðsmaður skuldara meti það svo að önnur úrræði séu ekki til þess fallin að leysa greiðsluvanda umsækjanda.

Umboðsmaður skuldara hvetur þá sem vilja kynna sér úrræðin að lesa sér til um þau á heimasíðu embættisins, www.ums.is. Á heimasíðunni er jafnframt hægt að leggja fram rafræna umsókn, annaðhvort með íslykli eða rafrænum skilríkjum

# Úrelt kerfi RAI veltir allt að 11 milljörðum króna árlega





Jórunn María Ólafsdóttir
hjúkrunarforstjóri í Brákarhlíð, Borgarnesi

María Fjóla Harðardóttir
framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs Hrafnistuheimilanna

**Vandinn sem blasir við þeim sem vinna með RAI-mælitækið er að það er tæplega 20 ára gamalt. Nýrri og betri útgáfur eru til, en ekki fæst fjármagn til að uppfæra kerfið og færa hjúkrunarheimilin nær nútímanum. Ekki hefur heldur fengist fjármagn til að leiðrétta innbyggðar skekkjur í núverandi útgáfu þrátt fyrir ábendingar þess efnis til velferðarráðuneytisins.**

Á milli Sjúkratrygginga Íslands og flestra hjúkrunarheimila landsins er í gildi samningur um þjónustu heimilanna við aldraða. Meðal þess sem samningurinn gerir kröfu um er að á heimilunum sé haldin mjög nákvæm skráning um „raunverulegan aðbúnað íbúa“ sem opinberlega kallast skráning RAI-mats.

Umfangið er mikið þar sem þrisvar á ári er svarað um 400 spurningum um hvern og einn íbúa. Því er ljóst að gífurlegir fjármunir og dýrmætur tími heilbrigðisstarfsfólks á hjúkrunarheimilum fer í RAI-matið.

### Fjárveitingar fylgja ekki þróuninni

Mælitækinu er meðal annars ætlað að meta gæði þjónustunnar sem heimilin veita, þörf íbúa fyrir hjúkrun og aðstoð ásamt því að móta einstaklingsbundna meðferðaráætlun fyrir hvern og einn íbúa og halda utan um heilsufarsupplýsingar viðkomandi.

Niðurstöður RAI-mats eru samanburðarhæfar milli tímabila, hjúkrunarheimila og annarra landa og gefa góða mynd af gæðamálum. Niðurstöðurnar eru einnig lagðar til grundvallar við veitingu fjármagns til einstakra hjúkrunarheimila. Sem dæmi um það voru greiddir um það bil 26 milljarðar króna á árinu 2016 til hjúkrunarheimila í gegnum ofangreindan samning þar sem um 11 milljarðar skiptast eftir niðurstöðum RAI-mælitækisins.

Gæðamatshlutinn er gífurlega gagnlegur í núverandi útgáfu mælitækisins og því viljum við halda. Sá hluti sem snýr að útdeilingu fjármagns er umdeildari og úreltari þar sem hann nær síður yfir þær breytingar sem orðið hafa á starfi hjúkrunarheimila á síðustu árum og áratugum. Sífellt flóknari meðferð veikari einstaklinga, sem áður var veitt á sjúkrahúsum er nú veitt á hjúkrunarheimilum landsins.

### Gamalt mælitæki

Vandinn sem blasir við þeim sem vinna með RAI-mælitækið er að það er tæplega 20 ára gamalt. Nýrri og betri útgáfur eru til, en ekki fæst fjármagn til að uppfæra kerfið og færa hjúkrunarheimilin nær nútímanum. Ekki hefur heldur fengist fjármagn til að leiðrétta innbyggðar skekkjur í núverandi útgáfu þrátt fyrir ábendingar þess efnis til velferðarráðuneytisins. Nýrri útgáfa myndi einnig gefa möguleika á að tengjast þeim mælitækjum sem Landspítali og heimahjúkrun nota fyrir skjólstæðinga sína, og auka þannig samfellu í meðferð og öryggi upplýsinga.

### Eftirliti verulega ábótavant

Í dag er staðan sú að það er enginn opinber aðili sem hefur virkt eftirlit með skráningu hjúkrunarheimila í mælitækið. Hingað til hefur verið brotalöm á því að opinber aðili kenni starfsmönnum hjúkrunarheimila hvernig eigi að skrá gögn í mælitækið svo að skráning uppfylli opinberar kröfur. Afleiðingin er því ósamræmd skráning í kerfið og staðreyndin sú að hið opinbera gerir kröfu um notkun mælitækis sem ekki er tryggt að notað sé með samræmdum og réttum hætti.

Fagráð sem m.a. hafði það hlutverk var lagt niður í sumar án þess að viðfangsefninu væri fundinn viðunandi farvegur. Ef ekkert verður að gert munum við áfram sitja uppi með úrelt mælitæki sem ráðstafar, eins og áður segir, milljörðum króna til hjúkrunarheimila.

### Geri gangskör að breytingum

Við köllum eftir að velferðarráðuneytið taki ábyrgð og gegni réttmætri skyldu sinni og skipi nú þegar í stað nefnd um mælitækið. Við köllum einnig eftir að umrædd nefnd verði skipuð fulltrúum notanda jafnt sem eftirlitsaðila. Nefndin þarf að hafa heimild og bolmagn til að standa fyrir kennslu og uppfærslu á kerfinu sem og virkt eftirlit með notkun þess. Á þeim grunni er hægt að byggja upp trúverðugt verkfæri í stað þess að sitja uppi með úrelt mælitæki.

# Skattar og lífskjör – áróður og veruleiki

2017



Þorvaldur Þorvaldsson
trésmiður og formaður Alþýðufylkingarinnar

**Fátækt hefur stóraukist, og er í dag útbreitt þjóðfélagsmein. Aðgangur að heilbrigðiskerfinu er verulega skertur. Aðgangur að menntun er á undanhaldi.**

Því er oft haldið á lofti, að munurinn á hægri og vinstri flokkum sé sá að hægri flokkar leitist við að lækka skatta, og „spara í opinberum útgjöldum,“ en vinstri flokkar vilji hækka skatta til að standa undir velferðinni.

Í fyrsta lagi snýst skattastefna ekki fyrst og fremst um hækkun eða lækkun skatta, heldur hvernig skattbyrðinni er skipt. Í öðru lagi er ekki alltaf samhengi milli hærri skatta og aukinnar velferðar. Í þriðja lagi er verulegt misræmi milli orða og athafna þeirra flokka sem hafa stjórnað undanfarna áratugi.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur t.d. verið í ríkisstjórn um 23 ár af síðustu 30 árum og allan þann tíma undir slagorðum svonefndrar nýfrjálshyggju, um lækkun skatta og talar nú um „áframhaldandi lækkun skatta“.

### Tekjuskattur

Ef við athugum hvernig tekjuskatturinn hefur þróast á þessum tíma kemur í ljós að persónuafslátturinn hefur þrefaldast í krónutölu, meðan almennt verðlag hefur hækkað næstum tvöfalt meira. Tekjuskatturinn hefur því hækkað verulega, og hlutfallslega langmest á láglaunafólk. Um leið hafa iðgjöld í lífeyrissjóði hækkað talsvert, og það er auðvitað bara skattur. „Áframhaldandi“ hvað?

Notendagreiðslur í heilbrigðiskerfinu hafa margfaldast, ásamt ýmsum öðrum þjónustugjöldum. Lóðagjöld og annar stjórnsýslukostnaður hefur hækkað verð á húsnæði, og þar með skuldir almennings. Það þyngir kostnaðinn við okurvexti og verðbætur, sem eru í raun eins konar skattur.

### Lífsgæði

En þó að skattar á almenning hafi óvart stórhækkað, í stað þess að lækka, hefur það þá ekki skilað sér í meiri velferð og bættum lífskjörum á þann hátt? Þvert á móti. Fátækt hefur stóraukist, og er í dag útbreitt þjóðfélagsmein. Aðgangur að heilbrigðiskerfinu er verulega skertur. Aðgangur að menntun er á undanhaldi. Ójöfnuður hefur aukist gríðarlega og réttindi vinnandi fólks eru í uppnámi.

Þessi þróun hefur verið óháð því hvaða flokkar hafa verið í stjórn, enda hafa þeir allir stjórnað í beinu umboði auðstéttarinnar, sem tekur til sín æ stærri hlut gegnum fjármálakerfið og vaxandi tök á innviðum samfélagsins.

Þessari þróun verður að snúa við með baráttu alþýðunnar fyrir sínum efnahagslegu og pólitísku hagsmunum. Fyrir félagsvæðingu fjármálakerfisins og annarra innviða samfélagsins, fyrir betri lífskjörum og auknum jöfnuði. Baráttan gegn yfirráðum auðstéttarinnar yfir samfélaginu verður að eflast á öllum sviðum. Alþýðufylkingin væntir stuðnings frá þér og þátttöku í þessari baráttu.

# Af hverju er Eyfirðingum gróflega mismunað?



Sigmundur Einar Ófeigsson
framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar

**Akureyri og Eyjafjörður allur býr við raforkuskort þrátt fyrir að næg orka sé til í landinu. Útsláttur er algengur og þurfa íbúar og fyrirtæki reglulega að sætta sig við skerta raforku og sveiflur í raforkuflutningi. Rafmagnstæki skemmast með tilheyrandi kostnaði og fyrirtæki þurfa að draga úr starfsemi eða koma sér upp varaafli með dísilvélum eða olíukötlum.**

Nútímasamfélag án rafmagns er óhugsandi. Við tökum rafmagni sem sjálfsögðum hlut á hverjum degi enda er það samofið flestu því sem við tökum okkur fyrir hendur. Allir gera ráð fyrir því að rafmagn sé ávallt aðgengilegt úr innstungum heimila og afhending þess örugg fyrir rekstur fyrirtækja í landinu. En svo er alls ekki. Raforkunni er nefnilega misskipt eftir landshlutum. Sumir landsmenn búa við skert aðgengi að rafmagni. Ótrúlegt, en satt. Ástæðan er ekki sú að það vanti raforku.

### Öryggisleysi íbúa og atvinnulífs

Akureyri og Eyjafjörður allur býr við raforkuskort þrátt fyrir að næg orka sé til í landinu. Útsláttur er algengur og þurfa íbúar og fyrirtæki reglulega að sætta sig við skerta raforku og sveiflur í raforkuflutningi. Rafmagnstæki skemmast með tilheyrandi kostnaði og fyrirtæki þurfa að draga úr starfsemi eða koma sér upp varaafli með dísilvélum eða olíukötlum. Kostnaðurinn er fjórfaldur á við rafmagnið og mengun miklu meiri. Fyrirtæki verða fyrir beinu tjóni vegna stöðvunar framleiðslu og tjóns á búnaði. Atvinnuuppbygging á sér enga framtíð við þessi skilyrði. Málið er grafalvarlegt og þolir enga bið. Öryggi íbúa og atvinnulífs á Akureyri og í Eyjafirði er ógnað. Ef ekkert verður að gert þá leggst byggðin af og Eyfirðingar flýja til Reykjavíkur.

### Ábyrgðarlaus pólitík flöskuháls

Byggðalínukerfið sem flytur raforku milli landshluta er orðið áratugagamalt og komið að þanmörkum. Það getur ekki lengur afhent næga orku með öruggum hætti eða tekið við nýrri orku. Vandamálið tengist ekki eingöngu Eyjafirði heldur stefnir í orkuskort víða um land á komandi áratugum við óbreytt ástand. Miklar takmarkanir í flutningskerfinu torvelda einnig samkeppni á raforkumarkaði sem leiðir af sér hærra raforkuverð og óbreytt kerfi verður hindrun hvað varðar þróun byggðar. Samkvæmt nýlegri skýrslu Samtaka iðnaðarins um innviði á Íslandi er uppsöfnuð viðhaldsþörf í raforkuflutningskerfinu um 70 milljarðar króna. Framkvæmdatími endurnýjunar og styrkingar byggðalínunnar er langur og þess vegna þarf að hefjast handa strax. Það má engan tíma missa.

### Pólitíkin getur ekki tekið ákvarðanir

Öflugir innviðir eins og raforka eru lífæðar samfélagsins. Ef ekki verður farið strax í uppbygginu byggðalínunnar mun það á næstu árum leiða af sér margvíslega erfiðleika og hafa áhrif á byggðaþróun í landinu. Fyrir notendur raforku á Akureyri og í Eyjafirði skiptir miklu máli að áreiðanleiki raforkuafhendingar sé í lagi. Ef notendur fá ekki raforku þýðir það í flestum tilvikum mikil óþægindi eða fjárhagslegt tap. Eyfirðingar gera þá sjálfsögðu kröfu að sitja við sama borð og aðrir landsmenn hvað raforkuöryggi varðar.

Uppbygging og endurnýjun byggðalínukerfisins varðar auðvitað hag allra landsmanna, um það geta allir verið sammála. Til að geta hafist handa þurfum við að vera sammála um hvernig það er gert. Sú ákvörðun þolir enga bið lengur.



RENAULT
Passion for life
Renault Clio
ÍSLANDSMEISTARINN
Í SPARAKSTRI
CLIO
RENAULT
150.000 KR. AUKAPAKKI
FYLGIR NÝJUM CLIO Í OKTÓBER
DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*
Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistaranum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.
Renault Clio ZEN
Dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,4 l/100 km*
Verð: 2.550.000 kr.
Renault Clio ZEN Sport Tourer
Dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,4 l/100 km*
Verð: 2.750.000 kr.
E F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"
Útbúnaður bíla á mynd er frábrugðinn auglýstu verði.
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM84366
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Byggjum betri spítala á betri stað og bætum 10 milljörðum á ári í heilbrigðiskerfið

2017



**Guðjón Sigurbjartsson**
viðskiptafræðingur
Samtök um betri spítala á betri stað

Þjóðin vill nýjan Landspítala á betri stað en Hringbraut er. Einnig meirihluti lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, sjúkraflutningamanna sem og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

Enda er uppbygging við Hringbraut misráðin. Þar er um að ræða bútasaum nýrra og mislélegra, sýktra gamalla bygginga, á þröngri lóð, í umferðarteppum í miðbæ, fjarri miðju höfuðborgarsvæðisins. Hagkvæmni þess að byggja nýjan spítala á nýjum stað er yfir 100 milljarðar króna. Það að verður mun betra fyrir sjúklinga, starfsmenn og aðstandendur og hagkvæmara fyrir skattgreiðendur. Það eina sem eftir stendur af rökum fyrir Hringbraut er ótti sumra að ný staðsetning tefji komu spítalans um nokkur ár. En þessi tafaótti er ástæðulaus því það vilja nánast allir láta byggja nýjan spítala.

Mun fljótlegra er að byggja frá grunni á opnu aðgengilegu svæði (green field) heldur en í þrengslum miðbæjarins við gamla spítalann. Þar þarf að taka tillit til viðkvæmrar sjúkrahússtarfsemi og tengingar við (myglaðar) eldri byggingar með undirgöngum og brúm. Tafir verða miklar vegna umferðarvanda sem mun ágerast með árunum. Þó að það taki um 5 ár að undirbúa byggingu á nýjum stað vinnst sá tími upp með meiri byggingarhraða. Í rauninni verður nýr spítali á nýjum stað tilbúinn nokkrum árum fyrr en nýbyggingum og endurbyggingum gamla húsnæðisins myndi ljúka við Hringbraut enda mun það taka samtals að minnsta kosti 12 ár en líklega verða þau ekki undir 18.

Þörfin fyrir sjúkrahúsþjónustu vex um 1,7% á ári. Ef haldið verður áfram við Hringbraut mun Hringbrautarspítali verða um helmingi of lítill þegar hann kemur, ef starfsemi Fossvogsspítala flyst á Hringbraut. Árlegur sparnaður af sameiningunni er metinn á um þrjá milljarða króna sem var meginforsenda þess að sameina ætti sjúkrahúsin á einum stað. Sá sparnaður mun ekki nást og ekki verður hægt að leggja af Fossvogsspítala. Ef byggja ætti nægilega stóran Hringbrautarspítala yrði hann algert monster og myndi framlengja byggingarvinnuna við Hringbraut um 6 ár eða svo.

Mun betra er að byggja strax á nýjum stað. Hagkvæmni nýrrar staðsetningar, þar sem sameina mætti spítalana strax í upphafi, er því á núvirði um 60 milljörðum kr. hærri en áður var talið, eða samtals um 160 milljarðar kr. á núvirði, umfram það að byggja við Hringbraut.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2017 og fjármálaáætlun ríkissjóðs til 5 ára er gert ráð fyrir uppbyggingu spítalans við Hringbraut og teknir frá um 50 milljarðar króna eða um 10 milljarðar kr. á ári að jafnaði. Ef við frestum spítalanum um 5 ár og hugum að uppbyggingu á nýjum stað getum við nýtt þessa peninga í að styrkja heilbrigðiskerfið strax svo um munar.

Í rauninni þarf að huga að stóru línunum í skipulagsmálum á höfuðborgarsvæðinu áður en staðsetning nýs Landspítala verður ákveðin. Þétting byggðar, borgarlína, göng eða brú yfir Skerjafjörð, Sundabraut, Fluglest, byggð á uppfyllingum út frá Ártúnshöfða, staðsetning flugvallar ... allt þetta og fleira þarf að skoða og meta saman. Það hefur ekki verið gert.

**Fengjum nýjan spítala fyrr**

Þegar stóru línurnar hafa verið lagðar mætti svo eftir 5-10 ár hefjast handa við byggingu betri spítala á betri stað og ljúka byggingu hans á 5 árum. Við fengjum þá nýjan spítala í raun fyrr en mun takast við Hringbraut og það getur verið nógu stór spítali með stækkunarmöguleikum til næstu áratuga.

Að öðrum kosti verjum við ekki bara 50 milljörðum í vanhugsaða spítalabyggingu við Hringbraut heldur vantar þá 200-300 milljarða í að greiða úr samgönguvandanum sem þegar hefur myndast í miðbænum og mun stórvaxa með stækkun Hringbrautarsjúkrahússins.

Samtök um betri spítala á betri stað telja að gera þurfi faglega staðarvalsgreiningu strax til að finna út bestu staðina fyrir framtíðarsjúkrahúsið og meta kostnað og ábata af mögulegu staðarvali.

**Þegar stóru línurnar hafa verið lagðar mætti svo, eftir 5-10 ár hefjast handa við byggingu betri spítala á betri stað og ljúka byggingu hans á 5 árum. Við fengjum þá nýjan spítala í raun fyrr en mun takast við Hringbraut og það getur verið nógu stór spítali með stækkunarmöguleikum til næstu áratuga.**

Á grundvelli vel fram settra niðurstaðna geta kjörnir fulltrúar valið milli bestu kostanna eða þjóðin í vandaðri skoðanakönnun eða þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í komandi kosningunum gefst okkur kjósendum vonandi færi á að inna stjórnmálaflokkana eftir afstöðu til þessa máls og eftir atvikum velja þá flokka sem huga að þessum málum af einhverju viti í stað þess að fylgja stórgölluðum illa ígrunduðum áformum frá fyrri tíð.

# Bjóddu þeim eldri með þér á kjörstað

2017



**Guðrún Ágústsdóttir**
formaður öldungaráðs Reykjavíkurborgar

Aðeins hefur verið rætt um kosningaþátttöku eftir aldri og kynjum. Komið hefur fram að um og innan við helmingur þeirra sem eru 29 ára og yngri fer á kjörstað. Þetta byggist á upplýsingum um þátttöku í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík 2014. Kosningaþátttaka í heild hefur verið mikil hér á landi miðað við grannríki okkar. En kosningaþátttaka hefur farið minnkandi, því miður. Þannig fóru aðeins 64% karla og 62% kvenna á kjörstað 2014. Í næstu kosningum á undan fóru 74% á kjörstað, sama hlutfall karla og kvenna. Hæst hefur kosningaþátttakan í Reykjavík á umliðnum áratugum til borgarstjórnar farið í um 90%; síðast 1974.

Reykjavíkurborg gaf út fyrir nokkru ansi fróðlegan bækling sem heitir „kynlegar tölur“. Þaðan eru tölurnar hér á undan.

Yfirleitt er kosningaþátttaka aldursflokkanna svipuð eftir kynjum. Þar kemur reyndar fram að það eru áberandi færri karlar sem kjósa en konur á aldrinum 25 til 49 ára. Af hverju er það?

En það sem er mest sláandi er að kosningaþátttaka kvenna minnkar meira en karla þegar ofar dregur í aldri. Þannig kjósa 74% kvenna en 81% karla í aldurshópnum 75-79 ára. En eftir 80 ára aldur snarlækkar hlutfall kvenna enn; þegar þangað er komið kýs 71% karla en aðeins 57% kvenna. Af hverju er það? Það hefur ekki verið kannað. Er það kannski vegna þess að karlarnir á þessum aldri eru frekar með bílana en konurnar? Hvað veldur?

Þess vegna varð þessi fyrirsögn til sem merkir þessa grein: Bjóddu þeim eldri með á kjörstað!

# Nú er lag að gera rétt



**Haraldur Ólafsson**
prófessor við Háskóla Íslands

Í margar kynslóðir hafa Katalónar búið við þær aðstæður að vera þegnar í ríki þar sem aðrir en Katalónar ráða ferðinni. Fjárlög eru sett og dómar upp kveðnir í fjarlægri borg, af fólki sem talar aðra tungu. Slæmir og góðir tímar hafa skipst á. Á slæmum tímum hefur verið vont að vera Katalóni í Katalóníu, miklu verra en að vera Íslendingur á Íslandi þegar valdið var í Danmörku.

Það er margsannað, ekki síst á Íslandi, að það er ljómandi góð hugmynd að þjóðir stjórni sér sjálfar. Það má sjá jafnskýrt í skæru rómantísku ljósi og í grámósku hversdagslegrar skynsemi. Áralöngum tilraunum Katalóna til að heimta þennan sjálfsagða rétt hefur nú verið svarað með því að berja mörg hundruð borgara sem fengust við það eitt að krota á miða. Því kroti hafði áður verið lýst sem merkingarlausu föndri, en ofbeldismönnunum þótti samt rétt að undirstrika merkingarleysið með því að berja fólkið svo eftir yrði tekið. Það er deginum ljósara að Katalónar geta ekki lengur deilt sæng með svoleiðis mönnum.

Nú er lag fyrir Íslendinga að viðurkenna sjálfstæði Katalóna. Margt mælir með. Á móti má segja að rispa verði á sjálfsmynd þeirra sem byggja tilveru sína á að vera þegnar í stórveldi. Þeir hryggjast þegar molnar úr stórveldinu og meta gleði sína yfir stærð ríkisins meira en líf og heilsu þeirra sem vilja fara. Kannski sterkustu rökin fyrir því að styðja Katalóna til sjálfstæðis felist í framlagi til uppeldis þessa fólks.

Svo sakar ekki að Katalónar munu muna Íslendingum stuðninginn næstu þúsund árin.

# Afnema á skerðingar í kerfi almannatrygginga

2017



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur




Í síðustu grein minni lagði ég fram tillögu um hækkun lífeyris aldraðra. Í þessari grein fjalla ég um tekjutengingar, tekjuskerðingar í kerfi almannatrygginga. Ég legg til, að þessar skerðingar verði afnumdar í áföngum. Skerðingarnar eru orðnar svo miklar, að þær eru að eyðileggja almannatryggingakerfið.

Alvarlegastar eru þessar skerðingar vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Það er dregið svo mikið af lífeyri eldri borgara hjá Tryggingastofnun, ef þeir fá greiðslur úr lífeyrissjóði, að heildarútkoman verður eins og þeir hafi aldrei greitt í lífeyrissjóð.

Árið 1969 lýsti Alþýðusamband Íslands því yfir, að lífeyrissjóðirnir ættu að vera viðbót við almannatryggingarnar. Launþegar hófu að greiða í lífeyrissjóðina í trausti þess, að lífeyrir úr lífeyrissjóðunum kæmi til viðbótar lífeyri frá almannatryggingum, þegar launþegar, sjóðfélagar, færu á eftirlaun. En þetta hefur verið svikið. Í mörgum tilvikum fá eldri borgarar, sem greitt hafa í lífeyrissjóð alla sína starfsævi, ekkert meira úr eftirlaunakerfinu, TR og lífeyrissjóði samanlagt en ef þeir hefðu aldrei greitt neitt í lífeyrissjóð.

Eldri borgarar, sjóðfélagar í lífeyrissjóðunum, hafa verið sviknir. Lífeyrir, sem samsvarar lífeyri úr lífeyrissjóði, hefur verið gerður upptækur. Þetta er „eignaupptaka“. Þessu verður að linna. Best er að afnema þessa skerðingu í 2-3 áföngum. Það skiptir engu máli þó þetta kosti ríkið talsverða fjármuni. Ríkið er áður búið að spara stórfé með skerðingu. Nú er komið að skuldadögum hjá ríkinu. Það verður að greiða til baka.

Aðrar helstu skerðingar í kerfinu eru skerðing tryggingalífeyris vegna atvinnutekna og skerðing vegna fjármagnstekna. Fyrir væntanlegar alþingiskosningar hefur mest verið rætt um skerðingu vegna atvinnutekna. Það hefur verið rætt mikið um frítekjumark vegna atvinnutekna, þar eð það var lækkað um síðustu áramót úr 109 þúsund kr. á mánuði í 25 þúsund á mánuði. Og nú vilja allir stjórnmálamenn hækka það á ný; flestir nefna 100 þúsund kr. í því sambandi.

**Ef eldri borgari fer út á vinnumarkaðinn og aflar tekna tekur ríkið skatt af því og þess vegna kostar það sáralítið fyrir ríkið að standa undir lífeyri til þessa eldri borgara. Ríkið fær þá skatt á móti.**

Hvers vegna er svona mikið rætt um skerðingu vegna atvinnutekna nú? Jú, það er vegna þess, að fyrrverandi ríkisstjórn og sú, sem er að fara frá, ræddu það mikið, að þær vildu greiða fyrir atvinnuþátttöku eldri borgara. Það skaut því skökku við, að í stað þess að greiða fyrir atvinnuþátttöku var hún torvelduð með því að lækka frítekjumarkið. En hvers vegna þarf frítekjumark vegna atvinnutekna? Hvers vegna er það ekki frjálst fyrir eldri borgara að vinna, ef þeir hafa heilsu til, án þess að ríkið skerði lífeyrinn hjá almannatryggingum á móti?

Ef eldri borgari fer út á vinnumarkaðinn og aflar tekna tekur ríkið skatt af því og þess vegna kostar það sáralítið fyrir ríkið að standa undir lífeyri til þessa eldri borgara. Ríkið fær þá skatt á móti. Ég tel þess vegna að afnema eigi með öllu skerðingu lífeyris TR vegna atvinnutekna eldri borgara. Það er plús fyrir ríkið, ef eldri borgari vill og getur aflað atvinnutekna.

Ef til vill er spurning hvort afnema eigi einnig skerðingu tryggingalífeyris vegna fjármagnstekna. Ég tel það vel koma til greina. Fjármagnstekjur eldri borgara stafa iðulega af því að eldri borgarinn hefur verið að minnka við sig húsnæði; hefur selt stærra húsnæði og keypt minna húsnæði í staðinn og lagt mismuninn í banka. Það er alltaf verið að hvetja eldri borgara til þess að minnka við sig húsnæði á efri árum. En ef ríkið læsir krumlunni í þá fjármuni sem eldri borgarar geta sparað og lagt í banka, hvetur það ekki til þess að eldri borgarar minnki við sig húsnæði.

Niðurstaðan er þessi: Afnema á allar tekjutengingar eins og sumir stjórnmálamenn hafa raunar lofað án þess að standa við það. Skerðingar vegna atvinnutekna á að afnema strax, í einu lagi. En aðrar skerðingar mætti afnema í áföngum.

Nú eru aðeins nokkrir dagar til þingkosninga. Talsvert er rætt um það, að lífeyrir dugi ekki fyrir framfærslukostnaði og hópur aldraðra búi við fátækt. Hækka verður lífeyri, ef tryggja á að lífeyrir dugi fyrir framfærslukostnaði og fátækt verði bægt frá. Mín tillaga er að lífeyrir hækki í 320 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Það er lágmark. Skerðingar vegna atvinnutekna á að afnema strax.




# ÖKUM ÖRUGG INN Í HAUSTIÐ MEÐ SKOÐUN FRUMHERJA

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

IS HK 18 K80

Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

## ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

**STARFSMENN FRUMHERJA SKOÐA BÍLA Á 30 STÖÐUM UM LAND ALLT, ÞAR AF ERU 7 STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir ökutækjasvið skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar frumherji.is




Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997



Dagný Brynjarsdóttir skoraði mark Íslands á 44. mínútu leiksins með skalla eftir frábæran undirbúning Elínar Mettu Jensen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA

# Stríðsleikur í Tékklandi

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta gerði jafntefli, 1-1, við Tékka á útivelli í gær í undankeppni Heimsmeistarmótsins í Frakklandi 2019.

**FÓTBOTLI** Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari var nokkuð sáttur við niðurstöðuna þegar við heyrðum í honum eftir leik í gær „Ég er sáttur við stigið en okkur langaði í þrjú stig og reyndum að teygja okkur eftir því. Heildarniðurstaðan, fjögur stig á útivelli á móti þessum liðum, er bara góð,“ sagði Freyr.

**Stríðsleikur**

Leikurinn var mjög jafn og stóðu tékknesku stelpurnar vel á móti sterkum Íslendingum. „Þetta var stríðsleikur, við getum orðað það þannig. Það var örugglega sett Evrópumet í návígjum um allan völl. Bæði lið, allir leikmenn, gáfu allt sitt í verkefnið og börðust grimmilega um hvern einasta bolta, ég held að það lýsi leiknum best.“

Freyr er þekktur fyrir að vinna undirbúningsvinnu sína vel fyrir leiki og var engin breyting þar á í þetta skipti, þrátt fyrir að hann hafi tapað einhverjum gögnum úr tölvunni hjá sér fyrir leik. „Þeir komu okkur ekki á óvart. Ég viðurkenni það samt að það var flott fyrir þær að sjá hversu öflugar þær voru í slagsmálunum. Við vissum alveg hversu gott liðið var, en þær náðu að mæta okkur á köflum í allri baráttu út um allan völl.“

**Gott hugarfar í liðinu**

Hvað var það sem landsliðsþjálfarinn tók helst út úr frammistöðu íslenska liðsins í gær? „Ég tek fyrst og síðast hugarfarið og viljann í verkefnið að teygja sig eftir þremur stigum. Svo tökum við að sjálfsögðu stigið. Við erum eina liðið af þessum þremur í toppbaráttunni sem er taplaust og við förum inn í nýtt ár með örlögin í okkar eigin höndum og það er staða sem ég hefði alltaf tekið fyrirfram.“

**Stórkostlegt tvíeyki**

Elín Metta Jensen fór á kostum í leiknum í gær og kórónaði frammistöðu sína með því að leggja upp mark Dagnýjar Brynjarsdóttur. Þær tvær virðast ná einstaklega vel saman, en Elín lagði upp bæði mörk Dagnýjar í leiknum gegn Þýskalandi á föstudaginn.

**Frábær staða inn í næsta ár**

Ísland er með sjö stig eftir þrjá leiki, jafnt að stigum og Tékkar en tveimur stigum á eftir Þjóðverjum. Íslendingar eiga þó leik til góða á bæði lið, og standa vel að vígi eftir að hafa tekið fjögur af sex mögulegum stigum gegn þessum þjóðum á útivelli. Aðspurður hvort það væri ekki ásættanleg niðurstaða og eitthvað sem hann hefði tekið fyrirfram sagði Freyr: „Algjörlega. Annað er bara frekja. Þetta er bara mjög jákvætt og gott, frammistaðan í heildina góð.

Eins og ég sagði fyrir þetta verkefni, við erum að spila seint í október á móti tveimur mjög sterkum liðum á útivelli. Fjögur stig er frábær árangur. Ef við hefðum náð í sex hefði það verið stórkostlegt og við vorum í dauðafæri til þess, reyndum, en við förum sátt heim með fjögur,“ sagði Freyr Alexandersson.

Næstu leikir Íslendinga í undankeppninni eru ekki fyrr en apríl, en þá mæta stelpurnar Slóvenum og Færeyingum úti. Þrír síðustu leikirnir fara svo fram á Laugardalsvelli, í júní og september 2018.

**astrosyr@365.is**

VIÐ SJÁUM UM
VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM
Kælivirkni ehf
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

## Nýjast

### Olís-deild kvenna

**ÍBV - Stjarnan 33-32**

**ÍBV**: Sandra Erlingsdóttir 9, Ester Óskarsdóttir 7, Asun Batista 5, Karólína Bæhrenz 4, Sandra Dís Sigurðardóttir 2, Kristrún Hlynsdóttir 2, Greta Kavaliauskaite 2, Ásta Björt Júlíusdóttir 1, Díana Kristín Sigmarsdóttir 1
**Stjarnan**: Ramune Pekarskyte 9, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 5, Solveig Lára Kjærnested 5, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 5, Brynhildur Kjartansdóttir 4, Þórhildur Gunnarsdóttir 3, Stefanía Theodórsdóttir 1

**Selfoss - Valur 22-27**

**Selfoss**: Kristrún Steinþórsdóttir 8, Hulda Dís Þrastardóttir 4, Harpa Sólveg Brynjarsdóttir 3, Katla María Magnúsdóttir 2, Ída Bjarklind Magnúsdóttir 2, Perla Ruth Albertsdóttir 2, Arna Kristín Einarsdóttir 1
**Valur**: Kristín Arndís Ólafsdóttir 5, Hildur Björnsdóttir 4, Díana Dögg Magnúsdóttir 3, Diana Satkauskaite 3, Morgan Marie Þorkelsdóttir 3, Vigdís Birna Þorsteinsdóttir 3, Gerður Arinbjarnar 2, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 2, Kristín Guðmundsdóttir 1, Birta Fönn Sveinsdóttir 1

**Fram - Haukar 22-28**

**Fram**: Ragnheiður Júlíusdóttir 10, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Þórey Rósa Stefánsdóttir 1
**Haukar**: María Ines 9, Guðrún Erla Bjarnadóttir 8, Þórhildur Braga Þórðardóttir 5, Ragnheiður Ragnarsdóttir 3, Ragnheiður Sveinsdóttir 1, Sigrún Jóhannsdóttir 1, Rakel Sigurðardottir 1

### Enski deildarbikarinn

**Arsenal - Norwich 2-1**

0-1 Josh Murphy (34.), 1-1 Edward Nketiah (85.), 1-2 Edward Nketiah (95.)

**Swansea - Man. Utd. 0-2**

0-1 Jesse Lingard (21.), 0-2 Lingard (85.)

**Man. City - Wolves 0-0**

Manchester City vann 4-1 eftir vítakeppni

ÞAÐ STÆRSTA OG MESTA

Landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson er afar ánægður fyrir hönd Arons Pálmarssonar sem í gær varð formlega leikmaður Barcelona.
Guðjón Valur lék með Barcelona frá 2014 til 2016 og veit því vel hvað Aron er að fara út í.
„Ég samgleðst Aroni ótrúlega mikið. Hann er á leiðinni í frábæran klúbb sem er með frábæra umgjörð,“ sagði Guðjón Valur.
Guðjón var að sjálfsögðu búinn að segja Aroni frá öllu sem hann þurfti að vita varðandi nýja félagið.
„Það eru mörg ár síðan og hann mun ekki sjá eftir þessu. Ég er viss um að hann á eftir að vera mjög ánægður þarna. Þetta er vel rekinn klúbbur og einfaldlega það stærsta og mesta þó að spænska deildin sé ekki sú mesta. Það sem þessi klúbbur hefur er hvernig þeir skipuleggja sig varðandi allt. Ferðalög, æfingar og svona. Það var mikill heiður að fá að vera hluti af þeirra sögu,“ segir Guðjón og spáir því að Aron eigi eftir að gera það gott á Spáni. „Ég er viss um að Aron á eftir að rita nafn sitt stórum stöfum í sögu Barcelona.“



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.40 | **Chelsea - Everton** | Sport 2 |
| 18.55 | **Tottenham - W. Ham** | Sport 3 |
| 19.05 | **Keflavík - Skallagrímur** | Sport |
| 02.00 | **HSBC Champions** | Golfst. |

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. október 2017

39. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Hægt að tappa um 100 milljörðum af eigin fé bankanna

Umfram eigið fé í stóru viðskiptabönkunum var um 97 milljarðar króna í lok júní samkvæmt nýrri greiningu. Sérfræðingar telja skynsamlegt að nýta arðgreiðslur úr bönkunum til þess að greiða niður skuldir, en ekki til þess að standa undir auknum ríkisútgjöldum.






»2

## Eigendur Atlantsolíu skoða sölu á fyrirtækinu

Eigendur Atlantsolíu, sem rekur nítján sjálfsafgreiðslustöðvar á landinu öllu, kanna nú mögulega sölu á öllu hlutafé fyrirtækisins. Hafa fengið Deloitte sem ráðgjafa til að undirbúa Atlantsolíu fyrir opið söluferli.

»4

## Íslensku lífeyrissjóðirnir líti sér nær

Hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóða af landsframleiðslu er nánast hvergi hærra innan ríkja OECD en á Íslandi. Lektor í fjármálum segir sjóðina eiga erfitt um vik að auka erlendar fjárfestingar.

»10

## Nýjar forsendur peningastefnunefndar?

„Mikið hefur verið rætt og ritað um jafnvægisraunvexti á Íslandi. Seðlabankinn er með 3% jafnvægisraunvexti í sinni efnahagsspá en ljóst má vera á aðgerðum peningastefnunefndar að hún er ekki á sama máli,“ segir í grein Stefáns Helga og Skúla Hrafns, sjóðstjóra hjá Júpíter.




# Aukið fjármagnsinnflæði í ríkisskuldabréf

Innflæði fjármagns vegna nýfjárfestinga erlendra aðila í ríkisskuldabréfum nam 8,5 milljörðum króna á þriðja fjórðungi ársins. Til samanburðar var innflæðið 7 milljarðar á öðrum ársfjórðungi. Þetta kemur fram í tölum sem birtust í nýrri fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabanka Íslands í síðustu viku.

Eins og kunnugt er hófst fjármagnsinnflæði í ríkisskuldabréf, vegna fjárfestinga erlendra aðila, á nýjan leik í apríl síðastliðnum eftir að það stöðvaðist alfarið þegar Seðlabankinn virkjaði sérstakt fjárstreymistæki í júní 2016. Var þá kveðið á um að 40 prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skuldabréfum þyrfti að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum.

**Það sem af er ári nemur innflæði fjármagns vegna kaupa erlendra aðila á ríkisskuldabréfum rúmlega 26 milljörðum króna.**

Í skýrslu Seðlabankans er tekið fram að umrædd bindiskylda dragi úr ávöxtun fjárfestinga og að áhrif hennar séu meiri eftir því sem fjárfest er til skemmri tíma. Hún dragi þannig úr hvata til spákaupmennsku til skamms tíma.

Segir Seðlabankinn að fjárfesting í ríkisskuldabréfum fyrir nýtt innstreymi erlends gjaldeyris, þrátt fyrir sérstöku bindiskylduna, kunni að benda til þess að um langtímafjárfesta sé að ræða. Það sem af er ári nemur bindiskylt fjármagnsinnflæði rúmlega 26 milljörðum króna, að sögn Seðlabankans, og eru um 40 prósent af þeirri fjárhæð bundin til eins árs á sérstökum fjárstreymisreikningum.

Í skýrslu Seðlabankans er auk þess bent á að undanfarna mánuði hafi hrein erlend nýfjárfesting að mestu leyti farið í skráð hlutabréf og sé ekki háð sérstöku bindiskyldunni.

Í tölum bankans kemur fram að innflæði í skráð hlutabréf hafi numið 8 milljörðum króna á þriðja fjórðungi ársins borið saman við 10,3 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi. – kij



Már Guðmundsson seðlabankastjóri.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

# Vilhjálmur kaupir í Kviku banka

Vilhjálmur Þorsteinsson, fjárfestir og fyrrverandi gjaldkeri Samfylkingarinnar, hefur eignast 1,25 prósenta hlut í Kviku sem gerir hann að þrettánda stærsta hluthafanum í fjárfestingabankanum. Vilhjálmur var áður á meðal hluthafa Virðingar en Kvika banki keypti fyrr á árinu allt hlutafé verðbréfafyrirtækisins.

Hlutur Vilhjálms í bankanum er í gegnum safnreikning Virðingar en hann keypti bréfin af fjárfestingafélaginu Siglu, sem er í eigu Tómasar Kristjánssonar og hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, fyrr í þessum mánuði. Sigla, sem var fyrir söluna einn stærsti hluthafi Kviku banka með 7,27 prósenta hlut, hefur losað um allan hlut sinn í bankanum. Aðrir kaupendur að bréfum félagsins voru meðal annars Lífsverk lífeyrissjóður, sem á núna 2,33 prósenta hlut í Kviku, auk annarra fjárfesta en hlutur þeirra eftir kaupin í bankanum er í öllum tilfellum undir einu prósenti.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa bréf í Kviku að undanförnu verið að ganga kaupum og sölum á genginu 5,6 til 6,3 krónur á hlut. Sigla átti 102 milljónir hluta að nafnverði í bankanum og því má áætla að félagið hafi fengið samtals í kringum 600 milljónir króna fyrir hlut sinn í Kviku. Miðað við það er hlutur Vilhjálms í bankanum metinn á um það bil hundrað milljónir króna.

Hluthafar Virðingar samþykktu síðastliðið sumar kauptilboð Kviku í allt hlutafé verðbréfafyrirtækisins fyrir 2.560 milljónir. Fjárfestingafélag Vilhjálms, Miðeind ehf., hafði verið einn stærsti hluthafi Virðingar með 4,11 prósenta hlut en samkvæmt ársreikningi félagsins var sá hlutur bókfærður á 95,8 milljónir í árslok 2016.

Á síðasta ári tapaði fjárfestingafélag Vilhjálms rúmlega 19 milljónum króna. Eigið fé félagsins var um 480 milljónir en Miðeind er að öllu leyti í eigu Meson Holding SA sem er skráð í Lúxemborg. Eignir félagsins samanstanda að mestu af verðbréfum en auk eignarhlutar í Kviku er Miðeind meðal annars hluthafi í vefmiðlinum Kjarnanum og Verne Holdings sem rekur gagnaver á Ásbrú. **hordur@frettabladid.is**





**Stjórn Kviku stefnir að skráningu hlutabréfa bankans í Kauphöllinni fyrir árslok.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Vilhjálmur Þorsteinsson fjárfestir.**

Sérfræðiþekking á fjölbreyttum þörfum fyrirtækja

Landsbankinn býður fyrirtækjum alhliða lausnir fyrir fjármál þeirra. Hjá okkur starfa tugir sérfræðinga um land allt sem sérhæfa sig í þjónustu við fyrirtæki í öllum helstu greinum atvinnulífsins.



# Eigendur undirbúa sölu á Atlantsolíu

**Eigendur Atlantsolíu, þeir Guðmundur Kjærnested og Brandon Rose, skoða nú sölu á öllu hlutafé félagsins. Ákvörðun um hvort farið verði í opið söluferli tekin á næstu vikum. Áætlanir gera ráð fyrir að EBITDA-hagnaður Atlantsolíu á þessu ári verði um 500 milljónir.**

Eigendur Atlantsolíu, sem rekur nítján sjálfsafgreiðslustöðvar á landinu öllu, kanna nú mögulega sölu á öllu hlutafé fyrirtækisins. Hafa þeir fengið endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte til að undirbúa Atlantsolíu fyrir söluferli, samkvæmt heimildum Markaðarins, en ákvörðun um að bjóða félagið formlega til sölu hefur hins vegar ekki enn verið tekin.

Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, staðfestir í samtali við Markaðinn að verið sé að skoða að selja fyrirtækið. Það komi til vegna áhuga sem innlendir aðilar hafi sýnt Atlantsolíu að undanförnu. Aðspurð segir Guðrún að ákvörðun um hvort félagið verði sett í opið söluferli muni liggja fyrir á allra næstu vikum. Eigendur Atlantsolíu, sem er minnsta olíufélagið á íslenska markaðnum, eru Guðmundur Kjærnested og Bandaríkjamaðurinn Brandon Charles Rose. Atlantsolía var stofnuð sumarið 2002 og var fyrsta bensínstöð félagsins opnuð ári síðar.



**Atlantsolía rekur 19 sjálfsafgreiðslustöðvar á landinu öllu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hagnaður Atlantsolíu á síðasta ári nam rúmlega 203 milljónum króna borið saman við hagnað upp á 50 milljónir árið áður, að því er fram kemur ársreikningi. Heildarvelta félagsins dróst hins vegar saman um 680 milljónir og var samtals 4.638 milljónir í fyrra. Samkvæmt heimildum Markaðarins gera áætlanir stjórnenda Atlantsolíu ráð fyrir að afkoma félagsins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) verði um 500 milljónir á þessu ári. Heildareignir námu rúmlega 3.700 milljónum í lok síðasta árs og eigið fé var um 840 milljónir. Eiginfjárhlutfall félagsins er því rúmlega 22 prósent.

Í skýrslu stjórnar Atlantsolíu segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um greiðslu arðs vegna afkomu síðasta árs. Á árinu 2016 greiddi félagið hins vegar tæplega 124 milljónir í arð til hluthafa. Í lok síðasta árs var Atlantsolía í hundrað prósent eigu Atlantsolíu Holdings ehf. en það er aftur í jafnri eigu bandarísku félaganna Atlantsoliu Investments LLC og Atlantsoliu Holding LLC. Stjórnarmenn Atlantsolíu Holdings eru þeir Guðmundur Kjærnested og Brandon Rose.

Sá sem er ráðgjafi Atlantsolíu varðandi mögulega sölu á fyrirtækinu er Þór Hauksson í fjármálaráðgjöf Deloitte en hann var meðal annars áður yfir fjárfestingum og rekstri félaga hjá Framtakssjóði Íslands.

### Hræringar á markaði

Miklar hræringar hafa verið á íslenskum eldsneytismarkaði á undanförnum misserum, ekki síst með aukinni samkeppni eftir komu Costco, og hafa olíufélögin leitað leiða til hagræðingar með sameiningum við félög í smásölu. Þannig var gengið frá endanlegum kaupsamningi fyrr í þessum mánuði vegna kaupa N1 á öllu hlutafé Festar, næst stærsta smásölufélags landsins, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar og Elko. Samkvæmt samkomulaginu er heildarvirði Festar tæplega 38 milljarðar króna.

Þá var tilkynnt um kaup Haga á Olís fyrir um 9,2 til 10,2 milljarða króna í apríl síðastliðnum. Gert var ráð fyrir að kaupin gengju í gegn í lok þessa árs en kaupsamningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Þá áformaði Skeljungur einnig að kaupa allt hlutafé Basko, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum 10/11, fyrir um 2,2 milljarða en stjórn félagsins ákvað hins vegar um miðjan júlí á þessu ári að slíta þeim samningaviðræðum.

**4,6**

**milljarðar króna nam velta Atlantsolíu á árinu 2016.**

Þegar starfsemi Costco hófst í maí síðastliðnum var félagið upphaflega með tólf eldsneytisdælur en þeim var síðar fjölgað í sextán. Flest íslensku eldsneytisfélögin hafa brugðist við samkeppninni frá Costco. Atlantsolía með lægra verði á tveimur sjálfsafgreiðslustöðvum í nágrenni við Costco, Skeljungur með Orkunni X og N1 með Dælunni. Fram kom í ViðskiptaMogganum þann 5. október síðastliðinn að samkvæmt heimildum blaðsins þá næmi eldsneytissala Costco, ef tekið er mið af sölu frá opnun verslunarinnar, um 30 milljónum lítra á ársgrundvelli. Það væru um tíu prósent af allri bensínsölu á landinu og mætti áætla að tekjur Costco vegna eldsneytissölu nemi um fimm milljörðum króna á ári. **hordur@frettabladid.is**




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Í öllum fyrirtækjum er nauðsynlegt að geta gengið að fjölbreyttum lausnum sem styðja við reksturinn. Við leggjum mikið upp úr persónulegum tengslum og vandaðri þjónustu.

**Vönduð fyrirtækjaþjónusta**

Hjá fyrirtækjaþjónustu Landsbankans leggjum við okkur fram við að koma til móts við þarfir fyrirtækja. Við horfum fram á veginn þegar kemur að viðskiptasamböndum og störfum með fyrirtækjum á ólíkum vaxtarskeiðum.

**Öflugar netlausnir**

Netbanki fyrirtækja er upplýsingaveita sem eykur yfirsýn og auðveldar stjórnendum ákvarðanatöku. Við bjóðum upp á greinargóðar innheimtuskýrslur, beintengingu við bókhaldskerfi og kortalausnir sem einfalda innkaup.

**Fjármögnun og eignastýring**

Við bjóðum ýmsar gerðir rekstrarlána, fjármögnum tækjakost, veitum fjárfestingalán og aðstoðum við fjármögnun á verðbréfamarkaði. Við ávöxtum fé og bjóðum virka eignastýringu fyrir eignir fyrirtækisins.

Pantaðu viðtal hjá sérfræðingum okkar í síma 410 5000 eða sendu okkur tölvupóst á netfangið fyrirtaeki@landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 5000

# Íslensku lífeyrissjóðirnir líti sér nær

**Hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóða af vergri landsframleiðslu er nánast hvergi hærra innan ríkja OECD en á Íslandi. Lektor í fjármálum segir lífeyrissjóðina eiga erfitt um vik að auka erlendar fjárfestingar. Nær allar erlendar eignir þeirra séu bundnar í hlutabréfum.**

Ísland er í þriðja sæti af ríkjum OECD þegar tekið er mið af erlendum eignum innlendra lífeyrissjóða sem hlutfalli af vergri landsframleiðslu. Hlutfallið, sem er um 34 prósent, er einungis hærra í Sviss og Hollandi. Á sama tíma er hlutfall innlendrar hlutabréfaeignar sjóðanna af heildareignum lágt, eða um 12 prósent, og æ skýrari merki eru um að erlendir markaðir séu yfirverðlagðir. Þetta er á meðal þess sem fram kemur í nýrri úttekt Fossa markaða.

Í úttektinni er bent á að þrátt fyrir að innlend hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna sem hlutfall af heildareignum hafi hækkað á árunum frá falli fjármálakerfisins, þá sé hlutfallið eftir sem áður lágt þegar litið er til síðustu tuttugu ára. Sem dæmi var hlutfallið á bilinu 15 til 30 prósent á árunum 2000 til 2007.

Auk þess er tekið fram að erlendar eignir lífeyrissjóðanna sem hlutfall af heildareignum hafi farið lækkandi undanfarin ár, en hlutfallið stendur nú í um 22 prósentum samkvæmt nýrri fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabanka Íslands, en þó hafi eignirnar hækkað nokkuð í evrum talið.

Erlendar eignir sjóðanna nema um 22 prósentum af heildareignum þeirra, að því er fram kemur í úttekt Fossa, en allt önnur mynd blasir við þegar litið er til erlendra eigna sjóðanna sem hlutfalls af vergri landsframleiðslu. Þar sitja íslensku lífeyrissjóðirnir í þriðja sæti innan ríkja OECD, líkt og áður sagði.

Í ljósi lágs hlutfalls innlendrar hlutabréfaeignar af heildareignum og vísbendinga um yfirverðlagningu á erlendum mörkuðum er það mat Fossa að lífeyrissjóðirnir ættu að líta sér nær.

„Við erum meðvituð um að verð bæði hlutabréfa og skuldabréfa á erlendum mörkuðum er hátt. Vextir eru í sögulegu lágmarki sem skilar sér í hærra eignaverði. En við erum einnig meðvituð um þann ávinning sem felst í því að dreifa áhættunni af fjárfestingum okkar,“ segir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.



Fram kemur í úttekt Fossa markaða að lífeyrissjóðir ættu að líta sér nær, enda sé hlutfall innlendra hlutabréfa sjóðanna af heildareignum lágt og merki séu um yfirverðlagningu á erlendum mörkuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hlutfall erlendra eigna af vergri landsframleiðslu er nánast hvergi hærra en hér á landi

■ Erlendar eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (%)




Heimild: OECD og útreikningar Fossa markaða

### Ekki brjálæðislega dýr

Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum við Háskólann í Reykjavík, segir að vissulega hafi erlendar hlutabréfavísitölur hækkað mikið síðustu ár. Dow Jones vísitalan hafi til að mynda meira en þrefaldast frá árinu 2009. „En sé litið til síðustu 17 ára hafa skuldabréf veitt betri ávöxtun en hlutabréf. Ef sjóðirnir vilja forðast að fjárfesta í toppi ættu þeir frekar að fjárfesta í hlutabréfum en skuldabréfum.

Út frá flestum kennitölum eru hlutabréf ekkert brjálæðislega dýr. Þau eru ekki ódýr en ég sé engin merki um bólumyndun,“ segir hann.

Vart sé hægt að réttlæta kaup á erlendum skuldabréfum á meðan ávöxtunarkrafa þeirra sé um 1 til 2 prósent og krafan á óverðtryggðum bréfum hér á landi sé um 5 til 6 prósent.

„Vandinn er sá að nánast allar erlendar eignir lífeyrissjóða, eða um 98 prósent, eru bundnar í hlutabréfum. Í ljósi þess að erlend skuldabréf eru ekki að veita góða ávöxtun eiga lífeyrissjóðirnir því erfitt um vik að auka fjárfestingar sínar erlendis með góðu móti,“ bendir hann á.

Til lengri tíma ætti að mati Más að afnema þakið sem finna má í lífeyrissjóðalögunum, sem kveður á um að sjóðirnir skuli takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum við 50 prósent af hreinni eign sjóðsins, og setja þess í stað gólf á erlendar fjárfestingar sjóðanna.

> **Út frá flestum kennitölum eru hlutabréf ekkert brjálæðislega dýr. Þau eru ekki ódýr en ég sé engin merki um bólumyndun.**
>
> Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum við Háskólann í Reykjavík



„Slíkt gólf yrði ákveðinn öryggisventill. Þegar efnahagslífið var í blóma á árunum fyrir hrun voru skatttekjur háar og þeir sem minnst mega sín í samfélaginu fengu bætur frá ríkinu og annað slíkt. Þegar efnahagurinn dróst saman minnkuðu hins vegar greiðslur til margra sem síst þurftu. Þá hefði aldeilis verið gott – þegar krónan hrapaði í verði – að lífeyrissjóðirnir ættu erlendar eignir sem hefðu í hlutfalli við fall krónunnar hækkað í virði.“

### Flýta sér hægt

Ekki má segja að lífeyrissjóðirnir hafi hraðað sér úr landi með eignir sínar eftir að fjármagnshöft voru afnumin í mars síðastliðnum. Þannig kemur fram í stöðugleikaskýrslu Seðlabankans að hlutfall erlendra eigna sjóðanna af heildareignum, sem sé um 22 prósent, hafi lítið breyst á árinu. Þó megi búast við aukinni áhættudreifingu sjóðanna á komandi árum með aukinni fjárfestingu í erlendum eignum.

Gunnar segir að megnið af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hafi farið í sjóðfélagalán og erlendar fjárfestingar á þessu ári. Á sama tíma sé minna keypt af öðru, svo sem innlendum verðbréfum. Sjóðurinn hafi fjárfest mikið á erlendri grundu það sem af er ári og stefni að því að auka jafnt og þétt hlutfall erlendra eigna af heildareignum sínum. Sífellt meiri tími fari auk þess í að skoða erlend fjárfestingartækifæri.

„Það er mjög farsæl leið að dreifa áhættunni með því að fjárfesta erlendis yfir langan tíma í jöfnum skrefum. Við höfum aðallega fjárfest í hlutabréfum en einnig reynt að dreifa fjárfestingum í aðra eignaflokka, eins og til dæmis í stuttum skuldabréfum til þess að draga úr vaxtaáhættu.“

kristinningi@frettabladid.is

ó v i ð v j g e r u m k a s æ l y e d æ v æ e a
f f l ó k i n n b l h l u t c ó þ þ v y e g j o
k e i n f a l d a n i b o æ v i c r n s h ó f c
d ö u y g n m v t r d r ö h v v ö c m u o ó n o

VIÐ ERUM TÖLVUDEILD YFIR 400 FYRIRTÆKJA

Daglegur rekstur á tölvukerfum ásamt hýsingu gagna og hugbúnaðar eru okkar ær og kýr.
Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Við erum óháð vélbúnaðar- og hugbúnaðarframleiðendum og þannig tekur okkar ráðgjöf eingöngu mið af hagsmunum viðskiptavina okkar.

Kynntu þér málið: 460 3100 / sala@thekking.is

ÞEKKING
Tölvudeildin þín




brimborg
Öruggur staður til að vera á
Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is




Flestir stjórnmálaflokkar hafa lofað því að taka tugi til hundrað milljarða króna út úr bankakerfinu til þess að greiða niður ríkisskuldir og fjármagna uppbyggingu, sér í lagi í samgöngur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nýti arðinn til að greiða niður skuldir

**Umfram eigið fé í stóru viðskiptabönkunum var um 97 milljarðar króna í lok júní samkvæmt nýrri greiningu. Sérfræðingar telja skynsamlegt að nýta arðgreiðslur úr bönkunum til þess að greiða niður skuldir en ekki til þess að standa undir auknum ríkisútgjöldum.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Áætla má að umfram eigið fé í stóru viðskiptabönkunum þremur hafi verið um 97 milljarðar króna miðað við eiginfjárkröfur Fjármálaeftirlitsins og eiginfjárauka stjórnenda bankanna í lok júnímánaðar. Þar af var umfram eigið fé í ríkisbönkunum um 60 milljarðar króna. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Yngva Arnar Kristinssonar, hagfræðings Samtaka fjármálafyrirtækja.

Sérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við telja afar skynsamlegt að losað verði um fjármuni sem bundnir eru í bönkunum þremur – Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum – á næstu árum og þeir greiddir til eigenda í formi arðs. Ríkið, sem á Íslandsbanka og Landsbankann að fullu, eigi að nýta arðgreiðslurnar til þess að greiða niður skuldir. „Það yrði glórulaust að nýta þær til þess að standa undir auknum ríkisútgjöldum,“ segir Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá Capacent.

Flestir stjórnmálaflokkar sem eru í framboði í þingkosningunum á laugardag hafa lagt til að eigið fé viðskiptabankanna verði minnkað um tugi til hundrað milljarða króna, áður en þeir verði seldir, til þess að greiða niður skuldir ríkisins og fjármagna uppbyggingu innviða og önnur kosningaloforð.

Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, segir ekki „hundrað í hættunni“ þó að eiginfjárhlutföll bankanna myndu lækka aðeins. Séu hlutföllin hins vegar of lág geti nokkurra prósenta útlánatöp komið illa niður á bönkunum.

Útreikningar Yngva Arnar leiða í ljós að miðað við áhættuvegnar eignir bankanna, þær eiginfjárkröfur sem gerðar eru til þeirra auk eiginfjárauka stjórnenda í lok júnímánaðar síðastliðins, þá geti viðskiptabankarnir greitt allt að 97 milljarða króna í arð til eigenda sinna. Er þá ekki tekið tillit til mögulegrar útgáfu bankanna á víkjandi skuldabréfum, sem gæti aukið svigrúm þeirra verulega til frekari arðgreiðslna.

Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, sagði í samtali við Morgunblaðið í síðustu viku að bankarnir gætu greitt hluthöfum hátt í 200 milljarða króna í arð á næstu árum ef miðað væri við að eiginfjárhlutfall bankanna lækkaði í 18 prósent og bankarnir réðust í verulega útgáfu víkjandi bréfa. Viðmælendur Markaðarins benda á að bankarnir muni flýta sér hægt í þessum efnum og lækka eiginfjárhlutfallið sitt í varfærnum skrefum.

Jón Þór tók fram að Fjármálaeftirlitið myndi ekki heimila bönkunum að greiða arð í það miklum mæli að eiginfjárhlutfallið færi undir umrædd 18 prósent.

Sérfræðingur sem Markaðurinn ræddi við segir ekki ósennilegt að Arion banki hafi meira bolmagn en hinir bankarnir tveir til þess að greiða út arð. Ástæðan sé einkum sú að bankinn hafi ekki kosið að greiða út arð til eigenda undanfarin tvö ár. Fram kom í fjárfestakynningu bankans í tilefni af hálfsársuppgjöri hans í ágúst að viðbótar eigið fé hefði numið 46 milljörðum króna í lok júnímánaðar að teknu tilliti til 1,5 prósenta varúðarauka. Ljóst er að arðgreiðslur bankans munu að stórum hluta renna til ríkisins á grundvelli afkomuskiptasamnings.

Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins, vildi ekki tjá sig um mögulega arðgreiðslugetu bankanna, en Bankasýslan hefur samkvæmt heimildum Markaðarins lagt mat á svigrúm bankanna til þess að greiða út arð.

### Hertar eiginfjárkröfur

Yngvi Örn segir að þegar bankarnir þrír voru endurreistir árið 2009 hafi Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að eiginfjárhlutfall þeirra yrði að lágmarki 16 prósent af áhættuvegnum eignum. Eiginfjárhlutfall bankanna hafi farið hækkandi frá þeim tíma og verið í lok síðasta árs á bilinu 25 til 30 prósent. Jafnframt hafi þær eiginfjárkröfur sem gerðar eru til þeirra verið hertar í kjölfar hrunsins, meðal annars með svonefndum Basel-reglum. Afleiðingin sé sú að sú heildareiginfjárkrafa sem Fjármálaeftirlitið gerir til bankanna þriggja sé nú á bilinu 19 til 21 prósent og verði raunar, að öðru óbreyttu, á bilinu 20 til 23 prósent í lok þessa árs.

Til viðbótar umræddum eiginfjárkröfum segir hann stjórnendur bankanna stefna að því – af varúðarástæðum – að hafa eigið fé bankanna nokkuð yfir þeim mörkum sem felast í kröfum FME. Slíkur eiginfjárauki stjórnenda, eins og hann nefnist, sé allt að 1,5 prósent samkvæmt ársskýrslum bankanna. „Að teknu tilliti til þess var eiginfjárstaða allra bankanna talsvert yfir tilskildu lágmarki eða 4,5 prósent hjá Íslandsbanka, 4,9 prósent hjá Arion banka og 8,1 prósent hjá Landsbankanum um síðustu áramót. Í fjárhæðum samsvarar þetta til um 135 milljarða króna,“ útskýrir Yngvi Örn.

Viðmælendur Markaðarins segja að sterk eiginfjárstaða bankanna geri það að verkum að ríkið geti á komandi árum endurheimt tugi milljarða króna sem bundnir eru í bönkunum með útgreiðslu arðs. Eftir sem áður verði bankarnir áfram vel fjármagnaðir, bæði í sögulegu og alþjóðlegu samhengi. Hins vegar skipti máli hvernig ríkið ráðstafi fjármununum.

„Það ætti að vera algjört forgangsatriði að nota þá fjármuni sem teknir verða út úr bönkunum til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Það yrði glórulaust að nýta þá til þess að standa undir auknum ríkisútgjöldum. Um leið og skuldir ríkissjóðs eru greiddar niður eykst hins vegar svigrúmið til aukinna ríkisútgjalda því þá fara ekki eins miklir fjármunir í vaxtakostnað,“ segir Snorri.

### Myndi ýta undir þenslu

Friðrik Már segir afar óvarlegt að byggja varanlega útgjaldaaukningu á arðgreiðslum úr bönkunum. Slíkar arðgreiðslur séu einskiptistekjur en aukin ríkisútgjöld séu varanleg til lengri tíma. „Ef við segjum að arðgreiðslurnar verði notaðar til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs, þá sparast vaxtagreiðslur og það er í raun hið varanlega svigrúm sem skapast vegna arðgreiðslnanna. Það eru einu varanlegu tekjuáhrifin.“

Friðrik Már bætir auk þess við að út frá hagstjórnarlegu sjónarmiði sé ekki sérlega heppilegt að fjármagna aukin ríkisútgjöld með arðgreiðslum úr bönkunum. „Það er, enn sem komið er að minnsta kosti, enginn slaki í hagkerfinu. Þannig að það yrði ákjósanlegast að fjármagna útgjaldaaukningu með sköttum til þess að koma í veg í fyrir þensluáhrif. Fjármögnun með arðgreiðslum úr bankakerfinu myndi bara virka sem peningainnspýting í hagkerfið og ýta undir þenslu. Það þyrfti þá að grípa til einhverra mótvægisaðgerða.“

## Bankarnir undirbúa útgáfu víkjandi skuldabréfa

Seðlabanki Íslands segir í nýlegri fjármálastöðugleikaskýrslu sinni að nokkurt svigrúm sé fyrir viðskiptabankana til þess að gefa út víkjandi skuldabréf. Hækkun lánshæfismats myndi greiða fyrir slíkri útgáfu.

Samhliða því að draga úr miklu eigin fé sínu þurfa bankarnir að ráðast í umfangsmikla útgáfu á slíkum skuldabréfum, sem teljast til eiginfjárgrunns banka, til þess að standast áfram strangar kröfur Fjármálaeftirlitsins. Að sögn kunnugra gætu bankarnir gefið út slík bréf á um 5 til 6 prósenta vöxtum.

Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri Íslandsbanka, segir bankann hafa undanfarið skoðað ítarlega þann möguleika að gefa út víkjandi skuldabréf.

„Við höfum fylgst vel með mörkuðum síðustu árin og kannski sérstaklega undanfarna mánuði. Við fáum reglulega upplýsingar um aðstæður á mörkuðum og eins mat á því á hvaða kjörum við gætum mögulega gefið út,“ segir hann.

Ljóst sé að margir erlendir fjárfestar séu um þessar mundir mjög spenntir fyrir skuldabréfum sem þessum.

Aðspurður segir Jón Guðni ekki ákveðið hvenær eða hvort bankinn gefi út víkjandi bréf. Lokaákvörðun verði mögulega tekin á næstu misserum.

Víkjandi skuldabréf eru, samkvæmt orðanna hljóðan, víkjandi fyrir öðrum kröfum á banka og því fylgir að jafnaði meiri áhætta að fjárfesta í slíkum bréfum. Þar af leiðandi gera fjárfestar jafnan kröfu um aukið vaxtaálag.

**Það gæti verið í lagi að draga eitthvað úr þessu mikla eigin fé sem er bundið í íslensku bönkunum. Það yrði ekki hundrað í hættunni þó svo að eiginfjárhlutfall bankanna myndi lækka aðeins.**

Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík



# Fólk

Fjölskyldan

MIÐVIKUDAGUR 25. OKTÓBER 2017



Hjálmar minnka hættuna á alvarlegum höfuðmeiðslum um næstum 70%. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



**Astrid Björk Eiríksdóttir er mikil handverkskona. Hún notar óvenjulegt efni og aðferð við að búa til körfur og töskur sem hafa vakið mikla athygli.**

4

# Hjálmar mjög gagnlegir en ekki töfralausn

Dr. Jake Olivier leiddi umfangsmikla rannsókn á gagnsemi hjólreiðahjálma sem sýndi fram á að þeir minnki hættuna á meiðslum verulega. Hann segir hjálma þó ekki duga til að tryggja öryggi hjólreiðamanna. 2

Hrein húsgögn fyrir jólin
Hreinsum stóla, sófa, dýnur, rúm, mottur og margt fleira.


Verum tímanlega í ár
Mygluþrif og lyktareyðing á öllum ökutækjum og oson-meðferð ef þess þarf.
Hreinsandi fyrir alla muni
Við erum á facebook
Eldshöfði 8, 110 Rvk. S: 577-5000



Dr. Jake Olivier hefur rannsakað gagnsemi hjólareiðahjálma vandlega. MYND/EYÞÓR

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Stærðfræðingurinn Dr. Jake Olivier leiddi rannsókn á gagnsemi hjólreiðahjálma sem leiddi í ljós að hjálmar minnka hættuna á alvarlegum höfuðmeiðslum um næstum 70%. Rannsóknin sýndi að hálsmeiðsli eru ekki tengd hjálmanotkun og að hjólreiðamenn sem nota hjálma minnki hættuna á lífshættulegum höfuðmeiðslum um 65%.

Olivier og samstarfsfólk hans fóru yfir gögn úr mörgum ólíkum rannsóknum frá ýmsum löndum og tókst þannig að skoða meiðsli 64 þúsund hjólreiðamanna.

Á örfáum stöðum í heiminum, þar á meðal í Ástralíu, þar sem rannsóknin var unnin, eru lög í gildi sem gera hjálmanotkun skyldu fyrir hjólreiðamenn. Stuðningsmenn slíkra laga vonast til að rannsókn Oliviers slái vopnin úr höndum þeirra sem eru á móti lögbundinni hjálmanotkun. Rannsakendur vara þó við því að hjálmar séu ekki töfralausn og margt fleira þurfi að koma til svo hægt sé að minnka slysahættu sem mest.

## Hjólreiðahjálmar reyndust umdeildir

Olivier segir að sjálfur hafi hann aldrei notað hjólahjálm fyrr en hann flutti frá Bandaríkjunum til Ástralíu árið 2008 og keypti sér hjól. „Mér var sagt að samkvæmt lögum þyrfti ég að nota hjálm, svo ég keypti hann," segir Olivier. „Það hvarflaði ekki að mér að hjólahjálmar væru umdeildir."

Árið 2010 kom út rannsókn þar sem því var haldið fram að hjálmalögin í New South Wales á Ástralíu gerðu ekki gagn. „Þar var sagt að þó að meiðslum á höfði og handleggjum hefði vissulega fækkað hefði sú fækkun orðið þótt hjálmalögin hefðu ekki verið sett," segir Olivier. „Kollegi minn var mjög gagnrýninn á rannsóknina og benti á galla í vinnslu hennar. Hann bað mig um að skoða rannsóknina, þar sem ég hafði bakgrunn í tölfræði og gagnavinnslu og að lokum ákvað ég og nemandi minn, sem hafði mikinn áhuga á þessu efni, að gera nýja rannsókn sem væri unnin betur en sú gamla."

„Í ljós kom að þegar hjálmalögin gengu í gildi fækkaði höfuðmeiðslum um 30 prósent," segir Olivier. „Þannig að áhrifin voru augljóslega umtalsverð."

Seinna var rannsóknin gagnrýnd, sem leiddi til nánari athugana. „Okkur fannst vera mikið af ósanngjarnri gagnrýni. Því var haldið fram að fólk sem notaði hjálm tæki frekari áhættu, ökumenn pössuðu sig minna á hjólreiðamönnum með hjálma, að það fældi fólk frá hjólreiðum að þurfa að vera með hjálm og að hjálmar gerðu í raun ekki gagn," segir Olivier. „Þá fyrst áttaði ég mig á að þetta væri svona umdeilt."

## Vildu áreiðanleg gögn

„Það var mikið um skoðanir, en lítið um rannsóknir og margt var óljóst. Við vildum búa til grundvöll fyrir rökræður með raunverulegum gögnum, hvað sem þau myndu segja," segir Olivier. „Við unnum því greiningu á öðrum greiningum sem höfðu verið gerðar og fórum kerfisbundið yfir allar mögulegar rannsóknir sem við gátum fundið og skiptu máli. Við skoðuðum bara lífshættuleg meiðsli, andlitsmeiðsli, hálsmeiðsli og dauðsföll og reyndum að bæta úr öllum annmörkunum sem voru á fyrri rannsóknum.

> Þetta er ekki bara spurning um hvort hjálmar eigi að vera skylda eða ekki. Þeir eru engin töfralausn einir og sér. Það þarf að gera allt sem hægt er til að minnka slysahættu almennt.
>
> Dr. Jake Olivier

„Mín skoðun er að það sé lítið gagn í nýjum rannsóknum fyrst þetta er svona umdeilt," segir Olivier. „Þá þarf að bæta úr göllunum á gömlum rannsóknum frekar en að búa bara til fleiri rannsóknir."

## Að skylda fólk til að nota hjálm

Olivier segir að sér finnist það ekki vera sitt hlutverk að segja fólki í öðrum löndum hvernig lög varðandi hjálmanotkun eigi að vera. „En rannsóknir sýna að þeir séu mjög gagnlegir til að koma í veg fyrir alvarleg meiðsli," segir hann. „Sem betur fer eru árekstrar sjaldgæfir, en þeir geta verið dýrkeyptir. Þess vegna eru þeir sem hafa rannsakað meiðslin fylgjandi notkun hjálma. En við höfum litla þekkingu á áhrifum lagasetningar varðandi hjálmanotkun. Af þeim 26 löndum sem hafa lög varðandi hjálmanotkun hafa bara fjögur skoðað áhrif lagasetningarinnar. Það býður upp á deilur um gagnsemi hjálma."

„Best væri ef allir notuðu hjálm, án þess að nokkurs konar lög eða sektir væru til staðar. En sektir geta virkað sem hvati," segir Olivier. „Þær verða samt að vera í samræmi við allt það góða sem fylgir hjólreiðum. Hjól menga ekki og kosta lítið, það er hollt að hjóla og fáir meiðast eftir árekstur við hjól. Það sama er ekki hægt að segja um bíla. Þetta þarf að hafa í huga og þess vegna má ekki hafa sektir of háar, svo reglur um hjálmanotkun fæli fólk ekki frá."

Eitt meginhlutverk laga sem gera hjálmanotkun hjólreiðamanna skyldu er að ríkið viðurkenni að hjálmar séu mikilvægir," segir Olivier. „Það þarf ekki endilega að framfylgja lögunum til að þau geri gagn. Í Helsinki í Finnlandi nota yfir 60 prósent hjólreiðamanna til dæmis hjálma, þótt lögunum sé ekki framfylgt á neinn hátt."

## Þarf margþætt átak

„Það eitt og sér er hins vegar ekki öflug stefna til að tryggja öryggi hjólreiðamanna. Það þarf margþætt átak," segir Olivier. „Það þarf til dæmis að aðgreina hjólaumferð frá bílaumferð með hjólastígum, hafa lágan hámarkshraða, setja reglur um hversu nálægt hjólreiðamönnum má keyra og aðrar umferðarreglur sem miða að því að minnka árekstrahættu. Það þarf líka að breyta viðhorfum ökumanna til hjólreiðamanna og að mínu mati er mikilvægt að sníða lögin þannig að þau verndi fyrst og fremst þá sem eru viðkvæmastir á veginum."

„Þetta er ekki bara spurning um hvort hjálmar eigi að vera skylda eða ekki," segir Olivier. „Þeir eru engin töfralausn einir og sér. Það þarf að gera allt sem hægt er til að minnka slysahættu almennt."

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star




Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlins

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


BYSSUTILBOÐ
ALLT TIL RJÚPNAVEIÐA
Merino ullarbuxur
kr. 5.590
Merino ullarbolur
kr. 5.990
Legghlífar
kr. 9.900
Rjúpnavesti
kr.29.900
Broddar
kr. 8.900
36 gr High Pheasant
kr. 1.990
Þrúgur
kr. 19.900
42 gr Ultramax
kr. 2.490
Vesturröst
Laugavegi 178 - sími 551 6770 - www.vesturrost.is - vesturrost@vesturrost.is

# Kaffipokar fá nýtt líf

Astrid Björk Eiríksdóttir er mikil handverkskona og virðist allt leika í höndunum á henni. Hún notar óvenjulegt efni og aðferð við að búa til körfur og töskur sem hafa vakið mikla athygli.



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Taska úr kaffipokum. MYNDIR/EYÞÓR


Kaffipokar verða að hátísku í meðförum Astridar.


Skart sem er gert með orkeringu.

Ég endurnýti notaða kaffipoka, þeir eru þvegnir og klipptir í renninga sem ég skáflétta svo úr verður taska eða karfa," segir Astrid Björk Eiríksdóttir brosandi. „Ég vel kaffipoka sem fara vel saman hvað varðar lit og áferð. Eina hættan er sú að maður kaupi kaffi eftir því í hvernig pokum það er, en ekki eftir bragðinu," segir hún hlæjandi og bætir við að hingað til hafi ekki verið mikið vandamál að fá kaffipoka til að flétta úr. „Ég drekk heilmikið kaffi sjálf en fólk hefur einnig boðið mér kaffipoka og þetta safnast einhvern veginn saman."

Töskur úr kaffipokum eru bæði slitsterkar og léttar, að sögn Astridar, og endast vel. „Ég fléttaði stóra tösku fyrir tveimur árum og nota hana oft þegar ég fer út í búð. Hún hefur reynst afbragðsvel og það er tilvalið að nota hana í staðinn fyrir plastpoka. Mér finnst líka gaman að flétta litlar buddur og töskur og hef áhuga á að þróa það áfram."

### Fléttað úr birkiberki

Astrid er ekki alveg ókunnug handverki af þessu tagi. Svíþjóð hefur um árabil verið hennar annað heimili og þar í landi er löng hefð fyrir því að flétta muni á borð við körfur og skó úr birkiberki. „Sú aðferð er ekki ólík þeirri sem ég nota við að flétta úr kaffipokum. Finnsk vinkona mín kenndi mér þessa aðferð og þetta hefur þróast þannig að ég kenni grunnnámskeið í skáfléttun hjá Heimilisiðnaðarskóla Íslands."

Áhugi Astridar á handavinnu kviknaði strax í æsku og hún var aðeins fjögurra ára þegar hún lærði að prjóna. „Það kom þannig til að mamma var að prjóna lopapeysu og mig langaði til að gera eins og hún og það leið ekki á löngu þar til ég var búin að prjóna teppi í dúkkuhúsið mitt. Á sumrin fór ég til Svíþjóðar til afa og ömmu og þar voru engir krakkar til að leika við en amma var dugleg að hjálpa mér við að prjóna peysur og ýmsa aðra handavinnu svo ég hafði nóg fyrir stafni. Ég hlakkaði alltaf til handavinnutímanna í grunnskóla og bókstaflega lifði fyrir þá tíma," rifjar Astrid upp.


Astrid hefur alla tíð haft mikinn áhuga á handavinnu og virðist allt leika í höndunum á henni.

### Endurvakti orkeringu

Á unglingsárunum lærði Astrid orkeringu en það er gamalt handverk sem tilheyrir íslenska þjóðbúningnum og var um tíma við það að deyja út. „Þegar ég var komin í gaggó langaði mömmu að kenna mér að orkera en hún hafði lært það í sínum heimabæ, Vík í Mýrdal. Orkering er í raun nokkuð flókið handverk en um leið og ég náði góðum tökum á að orkera fannst mér það auðvelt og ekki síður skemmtilegt. Ég fór á fullt að orkera blúndur og seldi til þeirra sem voru að sauma sér peysuföt. Svo var ég beðin um að kenna orkeringu við Heimilisiðnaðarskólann og ákvað að slá til og hef nú haldið námskeið í nokkur ár," segir Astrid. „Mér finnst gaman að halda þessu gamla handverki við og hef þróað það áfram og bý líka til skart með þessari aðferð."

Þegar Astrid er spurð hvort hún selji töskurnar eða skartið sem hún gerir svo listilega vel segir hún svo ekki vera. „Ekki enn þá en það er aldrei að vita hvað verður í framtíðinni," segir hún sposk að lokum.


Astrid lærði orkeringu þegar hún var unglingur.


## ARKITEKTÚR, VERKFRÆÐI OG HÚSBYGGINGAR

Blað um Arkitektúr, Verkfræði og Húsbyggingar.
Kemur út þriðjudaginn 31. október.

Hægt er að kaupa bæði auglýsingar og kynningar.




**Nánari upplýsingar veitir:**

**Jóhann Waage, sölu og markaðsráðgjafi Fréttablaðsins.**
**Netfang: johannwaage@365.is • Sími 512 5439**

# Hreinlætisvörur

MIÐVIKUDAGUR 25. OKTÓBER 2017

**Kynningar:** Aflvélar, Þrif og ræstivörur, Sámur




MYND/EYÞÓR

# Undratækið

## sem hefur slegið í gegn

Gólfþvottavélin i-mop er algjört undratæki sem slegið hefur í gegn hér á landi og erlendis. Vélin er lítil og nett, kemst undir borð og nálægt veggjum auk þess sem auðvelt er að stjórna henni í vinnslu. →2

Framhald af forsíðu ➪

Fyrirtækið Buska ehf. er sölu- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi á ræsti- og byggingarvörum. Nýlega hóf fyrirtækið sölu á nýrri og byltingarkenndri gólfþvottavél sem heitir i-mop og þykir algerlega ný nálgun þegar kemur að gólfþvottavélum. I-mop er lítil og nett, kemst undir borð og nálægt veggjum auk þess sem auðvelt er að stjórna henni í vinnslu, segir Ólafur Már Ólafsson, sölu- og markaðsstjóri hjá Busku. „Vélin hentar mjög vel bæði fyrirtækjum og stofnunum enda leysir hún af hólmi stórar og klunnalega gólfþvottavélar og allt niður í moppur. Notkunin er einföld og lítið mál að grípa í vélina ef þrífa þarf á milli almennra þrifa, t.d. ef eitthvað hellist niður. I-mop er með tveimur burstum og í þvörunni er öflug ryksuga sem skilur gólfið eftir nánast þurrt. Hún gengur fyrir litínrafhlöðum sem duga í um eina klukkustund en svo tekur bara klukkustund að hlaða hana 100%. Þannig að ef keypt er auka rafhlaða er hægt að vinna endalaust.“

Vatnstankur vélarinnar tekur fjóra lítra að sögn Ólafs en hann segir vélina afar sparsama á vatn og hún nýti það einstaklega vel. Það sé meira að segja sparnaðartakki sem nýti vatnið 50% betur. „I-mop er seld í tveimur gerðum, XL og XXL, en sú minni er með vinnslubreidd upp á 46 sentimetra en sú stærri tekur 60 sentimetra og er þá með afkastagetu eins og stærstu gólfþvottavélar.“



Vörunum frá i-team er hægt að koma haganlega fyrir í þar til gerðum skápum sem viðskiptavinir geta keypt hjá Busku undir vélar sínar. MYND/EYÞÓR



Buska selur einnig hefðbundnar gólfþvottavélar frá Cleanfix í Sviss sem eru miklar gæðavélar sem hafa sannað sig vel undanfarin ár. MYND/EYÞÓR

## Slegið í gegn

Vélin hefur slegið í gegn bæði hér heima og erlendis segir Ólafur en það er hollenska fyrirtækið i-team sem framleiðir þær. „Notendur eru allar stærðir fyrirtækja og stofnana ásamt hreingerningafyrirtækjum. Við heyrum mikið af því hvað eigendur vélanna eru ánægðir með að þrifin hafa aukist hjá þeim því fólki finnst gaman að nota vélina. Það segir í raun allt sem segja þarf. I-mop hefur líka slegið í gegn erlendis og hefur framleiðandinn varla undan að afgreiða pantanir, svo mikil er salan. Einnig má nefna að i-mop vélin vann nú í september til nýsköpunarverðlauna á sýningunni Interclean sem haldin var í Las Vegas í Bandaríkjunum.“

I-mop er hugsuð fyrir flest gólf og hún kemur með miðlungsstífum burstum. „Þessir burstar eru góðir fyrir flest gólf eins og flísar, plastparket, máluð gólf og þess háttar. Að auki eru til aðrar gerðir af burstum svo í raun er hægt að nota vélina á nánast öll gólf.“

## Fleiri gæðavörur

Auk i-mop vélanna selur Buska nokkrar gerðir af ryksugum frá i-team sem eru sérstaklega hannaðar fyrir mikla notkun og mikil þægindi segir Ólafur. „Nýverið tókum við inn ryksugu í sölu sem gengur fyrir sömu rafhlöðum og i-mop og því er hægt að nota sömu rafhlöður á milli þessara tækja. Í línunni eru einnig litlar skrúbbvélar fyrir minni vinnu þar sem nudda þarf af eitthvað, eins og í baðklefa og tröppum. Við seljum einnig hefðbundnar gólfþvottavélar frá Cleanfix í Sviss, miklar gæðavélar sem hafa sannað sig hjá Aflvélum í tugi ára.“

Starfsmenn Busku ehf. bjóðast til þess að koma í heimsókn til fyrirtækja og kynna i-mop og leyfa áhugasömum að prófa vélina á eigin gólfi við aðstæður sem þau þekkja til. „Oft þegar við komum á staðinn og gólfin eru nýþvegin þá nær i-mop upp úr gólfinu ótrúlegum óhreinindum. Þessi vél er algert undratæki.“

Buska ehf. er dótturfyrirtæki Aflvéla og til húsa á sama stað, að Vesturhrauni 3 í Garðabæ. Nánari upplýsingar má finna á www.buska.is.







I-VAC 9B er algjör draumavél enda einstaklega þægileg og auðveld í vinnslu fyrir stór sem smærri rými á vinnustöðum.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is



Þrif og ræstivörur er til húsa að Frostagötu 4 c á Akureyri og er opin virka daga milli kl. 8 og 16.

# Þrif og ræstivörur – Fágæt sérþekking og persónuleg þjónusta

**Þrif og ræstivörur rekur sérverslun með efni og tæki til hreingerninga. Fyrirtækið veitir einnig fyrirtækjum og einstaklingum víðtæka ræstinga- og hreingerningaþjónustu.**



Verslunin býður mikið úrval af ryksugum, gólfþvottavélum og fleiru frá Nilfisk.




Kärscher vélin sem bæði skúrar og ryksugar hefur slegið í gegn hér á landi.

Þrif og ræstivörur á Akureyri er fyrirtæki með sérstöðu að sögn eigenda. Það rekur annars vegar sérverslun með efni og tæki til hreingerninga og veitir hins vegar fyrirtækjum og einstaklingum víðtæka og fjölbreytta ræstinga- og hreingerningaþjónustu.

Verslunin er að Frostagötu 4c og er opin virka daga milli kl. 8 og 16. Þar er meðal annars að finna hinar þekktu Evans hreinsivörur frá Bretlandi og margvísleg önnur hreinsiefni. Þar eru einnig margs konar áhöld, vélar og tæki til ræstinga: tuskur, svampar, sköft, skúringavagnar og skúringafötur með vindum. Af öðrum vörum má nefna pappír, pappírsstanda og sápuskammtara frá hinu virta merki Katrin.

Enn fremur er mikið úrval af ryksugum, gólfþvottavélum og fleiru undir hinu klassíska Nilfisk merki til sölu í versluninni, sem og hreingerningavélar frá þýska framleiðandanum Kärcher – en þar ber hæst afar vinsæla vél til heimilisnota sem bæði skúrar og ryksugar.

> **Helsta sérstaða verslunarinnar er kannski sú að þar starfar fólk sem er að vinna með þessa hluti alla daga. Viðskiptavinir fá því mjög sérhæfða ráðgjöf um val og notkun á efnum og tækjum.**
>
> Sveinn Rúnar Vatnsdal

## Sérhæfð ráðgjöf

„Helsta sérstaða verslunarinnar er kannski sú að þar starfar fólk sem er að vinna með þessa hluti alla daga. Viðskiptavinir fá því mjög sérhæfða ráðgjöf um val og notkun á efnum og tækjum. Þetta er eitthvað sem fólk fær ekki annars staðar, til dæmis í stórverslunum. Mörg sterk hreinsiefni eru ekki fyrir alla og þú getur skemmt meira með þeim en gert gagn. Það er mikilvægt að velja rétta vöru sem hentar í viðkomandi verkefni. Við höfum alltaf lagt mikið upp úr persónulegri og góðri þjónustu,“ segir Sveinn Rúnar, annar eigenda fyrirtækisins, en hinn eigandinn er eiginkona hans, Birna Böðvarsdóttir.

## Þjónusta einstaklinga og fyrirtæki

Starfsemi Þrifa og ræstivara hefur vaxið mikið í gegnum árin en fyrirtækið sinnir daglegum ræstingum og hreingerningum fyrir hina ýmsu aðila, stóra og smáa, fyrirtæki jafnt sem einstaklinga og heimili. Starfsmenn eru nú um 120 talsins.

Starfsemin nær víða út fyrir Akureyri: „Við þjónustum austur á firði og vestur fyrir Blönduós. Við erum með föst ræstingaverkefni á Akureyri, Húsavík, Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði, í Mývatnssveit og víðar.“

Meðal stórra viðskiptavina Þrifa og ræstivara eru Samkaup en fyrirtækið hefur séð um ræstingar fyrir allar verslanir Samkaupa á Norðurlandi í 12 ár; Samherji, Akureyrarbær, Norðlenska, Íslandsbanki, Sjúkrahúsið á Akureyri, Mjólkursamsalan og Eimskip svo nokkrir aðilar séu nefndir.

## Tækjabúnaður til sérverkefna

Sveinn Rúnar segir þörfina mikla og er lögð mikil áhersla á faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu í hreingerningunum, viðhaldi gólfefna og öðrum sérverkefnum. Fyrirtækið sinnir margs konar vandasömum sérverkefnum en Sveinn Rúnar telur að sú sérþekking sem það búi yfir á þessu sviði sé fágæt: „Við höfum líka sérhæft okkur mjög í tækjabúnaði til að þjónusta tryggingafélög í tjónamálum,“ segir Sveinn Rúnar. „Við erum vel búnir tækjum til að glíma við afleiðingar vatnstjóna, erum til dæmis með rakabúnað, skilvindur, blásara og fleira sem til þarf. Einnig erum við sérhæfð í að fást við brunatjón með búnaði og tækjum til að fást við þrif eftir bruna og eyða lykt.“

Að sögn Sveins Rúnars eru verkefnin óþrjótandi en mikil áhersla er lögð á að viðhalda þeirri persónulegu þjónustu við viðskiptavini og faglega ráðgjöf, sem ávallt hefur einkennt starfsemi fyrirtækisins þrátt fyrir að það stækki og umsvifin aukist.

Nánari upplýsingar um starfsemina veitir Sveinn Rúnar í síma 865 2425 en einnig er að finna upplýsingar á Facebook-síðunni Þrif og ræstivörur sem og á heimasíðunni thrif.is.

# Gerir þrif að spennandi verki

**Sigrún Sigurpálsdóttir er mörgum að góðu kunn fyrir skemmtilegt Snapchat þar sem hún leyfir fólki að skyggnast inn í sitt daglega líf. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir gott skipulag á heimilinu og ekki síst hversu ráðagóð hún er varðandi þrif. Sigrún notar eigin hreinsilög við þrifin.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Ég er oft spurð hvernig ég nái að gera þrif spennandi en það er kannski vegna þess að ég hef alltaf haft gaman af því að þrífa og hafa fínt í kringum mig. Ég hef líka unnið við þrif af og til í gegnum tíðina, svo þetta er ekki bara áhugamál,“ segir Sigrún Sigurpálsdóttir, sem hefur verið með opið Snapchat í tæp tvö ár, og er með þúsundir fylgjenda.

„Ég tók fljótt eftir því að allt sem ég sýndi varðandi þrif vakti mikla athygli. Ég fæ fjölda fyrirspurna frá fólki varðandi þrif, eins og hvernig sé best að þrífa teppi í bílum, ná kertavaxi úr fötum eða blettum úr sófum. Oftast get ég svarað fólki strax en ef ekki, finn ég út úr því og svara eins fljótt og ég get,“ segir Sigrún.

Spurð hvar hún fái allan þennan hagnýta fróðleik segist Sigrún einna helst skoða Pinterest en þar sé hafsjór af alls konar upplýsingum sem koma að góðu gagni. „Ég er ekki að finna þetta upp sjálf en ég hef komið mér upp ágætri rútínu varðandi þrif og þvott sem hentar mér vel.“



Sigrún er með gott skipulag á þrifunum hjá sér.

### Fer ekki að sofa með húsið í rúst

Sigrún segist ekki vera með stíft plan varðandi þrif heldur taka þau eftir hendinni en þó sé regla að skipta um á öllum rúmum á föstudögum. „Mér finnst lykilatriði að ganga vel frá öllu á kvöldin og fer ekki að sofa með allt húsið í rúst. Ég geng t.d. frá öllu lauslegu dóti og set á sinn stað og enda síðan daginn á að strjúka yfir eldhúsborðin og vaskinn því það er einfaldlega skemmtilegra að fá sér morgunmat í hreinu umhverfi,“ segir hún.

### Þvottar og þrif

Um klukkutími fer í þrif og þvotta daglega, en eins og stendur er Sigrún í fæðingarorlofi. Hún býr á Egilsstöðum, ásamt eiginmanni og fjórum börnum. „Ég þvæ að lágmarki tvær vélar á dag. Mér finnst best að brjóta saman allan hreinan þvott um leið og ég tek hann af snúrunum og geng svo strax frá honum. Ég passa vel upp á að safna ekki hreinum þvotti í hrúgu því hann krumpast við það og það dregst oft enn lengur að ganga frá þvottinum.“

Sigrún notar helst hreinsilög sem hún býr til sjálf við þrifin. „Ég blanda einum hluta af spritti á móti tveimur hlutum af köldu vatni og set í spreybrúsa. Mér finnst þessi blanda mjög góð og nota við nær öll þrif. Hún leysir vel upp öll óhreinindi. Í eldhúsinu nota ég blöndu af uppþvottalegi og vatni. Svo finnst mér mikilvægt að eiga alltaf hreinsikrem sem heitir Pink-stuff. Það er besta hreinsikrem sem ég hef prófað. Það er gott á alla vaska og er líka fínt í klósettskálina. Tuskurnar sem ég nota eru frá Blindrastofunni og eru úr örtrefjum."



Fjöldi fólks fylgist með Sigrúnu á Snapchat og fær ráð frá henni.



Sigrún fer ekki að sofa fyrr en búið er að ganga frá öllu á sinn stað.






# MILT

HREIN TILVERA

## ÁN OFNÆMIS-VALDANDI EFNA

Með því að nota mild þvottaefni eins og MILT, dregur þú úr líkum á því að þú eða einhverjir í þinni fjölskyldu fái ofnæmi eða exem.

## 60 ÞVOTTAR

Þú þarft minna af MILT því það er sérþróað fyrir íslenskt vatn.




FARÐU MILDUM HÖNDUM UM
**ÞIG**, **ÞVOTTINN** OG **UMHVERFIÐ**

# Gátlisti fyrir heimilisþrif

Heimilishaldi fylgja þrif hvað sem hverjum kann að finnast um það. Með því að þrífa jafnt og þétt má komast hjá því að finnast þrifin íþyngjandi og óyfirstíganleg. Hér er gátlisti sem ætti að hjálpa.

## Dagleg þrif

### Eldhús

- Taktu af eldhúsborðinu og þurrkaðu af.
- Vaskaðu upp eða settu í uppþvottavél.
- Þurrkaðu af helluborði og borðplötu.
- Hreinsaðu matarleifar upp úr eldhúsvaskinum og skolaðu hann að innanverðu.
- Sópaðu gólfin.
- Þurrkaðu upp bletti af gólfinu.
- Farðu út með ruslið.

### Baðherbergi

- Skafðu af sturtuglerinu eftir hverja sturtuferð. Þannig safnast síður óhreinindi og kalkblettir á glerið.
- Pússaðu spegilinn.
- Fjarlægðu hár og slettur úr baðvaskinum.
- Þurrkaðu af klósettsetunni og þar í kring.
- Þrífðu klósettskálina.

### Svefnherbergi

- Dragðu frá.
- Búðu um rúmin.
- Taktu til á náttborðinu.
- Gakktu frá fötum.

### Stofa

- Gakktu frá dóti og drasli.
- Réttu af sófaborð og stóla.
- Þurrkaðu upp hugsanlega bletti.
- Hristu púða og raðaðu þeim upp á nýtt.
- Brjóttu saman sófateppi.

## Vikuþrif

(Bætast ofan á þetta daglega einu sinni í viku.)

### Eldhús

- Taktu allt út úr ísskápnum og þurrkaðu innan úr honum. Þannig veistu alltaf hvað er til og sleppur við að kaupa óþarfa í búðinni.
- Hentu útrunnum mat.
- Skrúbbaðu eldhúsvaskinn að innan.
- Hristu eða ryksugaðu mottur.
- Ryksugaðu/moppaðu og skúraðu yfir gólf.

### Baðherbergi

- Ryksugaðu/moppaðu og skúraðu.
- Skrúbbaðu vask og borðplötur.
- Þurrkaðu af hurðahúnum.
- Þrífðu baðkar og sturtubotn.
- Þurrkaðu af klósettinu að utanverðu.
- Tæmdu ruslið.

### Svefnherbergi

- Skiptu um á rúmum (sumir láta duga að gera það á tveggja vikna fresti).
- Þurrkaðu af.
- Ryksugaðu og skúraðu.



Með því að þrífa jafnt og þétt verður það síður óyfirstíganlegt.

### Stofa

- Þurrkaðu af.
- Raðaðu bókum og skrautmunum í hillum ef eitthvað hefur farið aflaga.
- Ryksugaðu og skúraðu.

## Mánaðarleg þrif

### Eldhús

- Þvoðu eða þurrkaðu af gluggatjöldum.
- Þrífðu rúður.
- Þrífðu skápahurðir að utan.
- Þurrkaðu innan úr skúffum og skápum.
- Þrífðu frystinn.
- Þrífðu ofninn að innan og utan
- Þurrkaðu af raftækjum sem standa uppivið.
- Þvoðu ruslafötur og ruslaskáp að innan.

### Baðherbergi

- Þrífðu sturtuhaus og blöndunartæki.
- Þvoðu gluggana að innan.
- Þvoðu gólfmottur ef þær eru til staðar.
- Þvoðu ruslafötuna að innan og utan.

### Svefnherbergi

- Grisjaðu í skúffum og fataskápum. Hentu ónýtum og lítið notuðum fatnaði.
- Ryksugaðu skúffur og fataskápa að innan.
- Hristu eða þurrkaðu af gluggatjöldum.
- Þrífðu gluggana að innan.

### Stofa

- Þrífðu hugsanlega spegla.
- Þurrkaðu af myndarömmum.
- Þurrkaðu af raftækjum.
- Hristu eða þurrkaðu af gluggatjöldum.
- Þrífðu rúðurnar.
- Ryksugaðu sófa og stóla.

# Hjálparhellan sem þrífur allt

Eru tússlitir á veggjunum? Fast í pottunum? Bakaraofninn fitugur, sófinn blettóttur og allt fast á helluborðinu? Þá kemur íslenski Extra hreinsiúðinn til bjargar og dugar á allt sem þrífa þarf.

Extra hreinsiúði er eina hjálparhellan sem heimilið þarf þegar kemur að alhliða heimilisþrifum. Hann dugar á allt,“ segir Brynjólfur Grétarsson, eigandi Sáms sápugerðar.

Hann segir sjón vera sögu ríkari þegar kemur að undraverðum þrifum og dugnaði Extra.

„Extra hreinsiúði er alhliða hreinsisápa sem virkar á alla fleti sem þola vatn. Með léttum leik sér hann bókstaflega um allt erfiðið, hvort sem það eru blettir í fötum eða bílsætum, fastar matarleifar í pottum og pönnum, flísar, keramikhelluborð eða fitublettir í eldhúsinu, eða þá óhreinindi í baðkari og salerni. Sama hver flöturinn er, þá er Extra einfaldlega spreyjað yfir óhreinindin, látið bíða skamma stund og skolað af með vatni,“ útskýrir Brynjólfur um Extra hreinsiúðann sem á sér engin takmörk þegar kemur að góðum þrifum.

„Extra hreinsiúðinn er einkar öflugur á tússbletti, leysir auðveldlega bletti á teppum og áklæðum, og er mjög góður á innréttingar, borð og skápa, leysir upp fitu og má nota á eldavélar og bakaraofna.“

Extra hreinsiúðinn kom fyrst á markað fyrir áratug en hefur tekið sífelldum framförum síðan og hentar íslensku vatni einstaklega vel.

„Maður er vel vopnum búinn við þrifin með Extra hreinsiúða. Í einum og sama brúsa er sápa sem vinnur á öllu og þrífur nánast hvað sem er heima fyrir. Ég hef aldrei áttað mig á hvers vegna viðskiptavinum er seld ein sápa fyrir þetta og önnur fyrir hitt; það er bara ruglandi og vitaskuld óþarft,“ segir Brynjólfur sem sjálfur býr við eldhústæki úr stáli.



Brynjólfur Grétarsson er eigandi Sáms sápugerðar. Hér heldur hann á einni af eftirlætis sápunum sínum frá Sámi: Extra hreinsiúða. MYND/EYÞÓR

> Maður er vel vopnum búinn við þrifin með Extra hreinsiúða. Í einum brúsa er sápa sem vinnur á öllu og þrífur nánast hvað sem er.

„Stálfletirnir er fljótir að útbíast í fingraförum þegar barnabörnin koma í heimsókn en með blautri tusku og Extra hreinsiúða hverfur allt kám á augabragði og tækin líta út eins og ný á eftir. Extra hreinsiúði er í miklum metum hjá mér og þeir sem eru einu sinni komnir upp á lag með að njóta töfra Extra við heimilisþrifin geta ekki hugsað sér að vera án þess,“ segir Brynjólfur.




Extra hreinsiúði er alhliða hreinsiefni sem dugar á öll möguleg heimilisþrif.

## Íslenskar, dugandi sápur

Sámur sápugerð er fjölskyldufyrirtæki sem faðir Brynjólfs, Grétar Ingvason, stofnaði árið 1964.

„Fyrsta sápan sem pabbi framleiddi var Lýtól, sótthreinsandi sápa fyrir matvælaiðnað, sjúkrahús, landbúnað, skóla og heimili, og við framleiðum enn. Vörulínan er breið en flaggskip Sáms er Túrbó Sámur 2296 tjöruhreinsir, sem hefur verið dugandi vinnuþjarkur við þrif á bílum í aldarfjórðung, og svo Túrbó flugnahreinsir sem er notaður til að þrífa flugnaklessur af bíllakki á sumrin. Allt eru þetta framúrskarandi sápur fyrir heimili, fyrirtæki, bíla, iðnað og fleira,“ útskýrir Brynjólfur um sápur Sáms sem eru allar unnar eftir íslenskum formúlum í samvinnu við viðurkennda sápuframleiðendur í Svíþjóð og staðfærðar að íslenskum aðstæðum.

„Allar okkar sápur eru íslenskt hugvit og framleiðsla, og vitaskuld gaman að starfa í íslenskum iðnaði sem teflir fram hreinsivöru sem skarar fram úr. Þá hafa sápur Sáms verið uppfærðar í tímans rás vegna umhverfisvænna innihalds sápuframleiðanda okkar í Svíþjóð og orðið æ betri og vistvænni á eftir.“

Extra hreinsiúði fæst hjá N1 og í Verkfæralagernum á Smáratorgi. Sjá nánari upplýsingar á samur.is.

# Hafðu alltaf ÞRIF með þér í liði

Það er gaman að þrífa með góðum hreinsiefnum því þá ganga þrifin eins og í sögu. Öll óhreinindi láta undan síga fljótt og vel með ÞRIF úða.




Íslensk framleiðsla. Brúsar úr endurvinnanlegu plasti.



# Ekki safna drasli

Samkvæmt tímaritinu Good Housekeeping söfnum við stöðugt að okkur hlutum í gegnum árin en margir þeirra enda inni í geymslu eða í skápum og eru aldrei notaðir. Blaðið segir að strax um fertugt eigi fólk að huga að þessari söfnun og byrja að fækka hlutum sem það notar aldrei. Eftir því sem fólk eldist verður erfiðara að ganga í verkið. Eitt af því sem konur eru gjarnar á að safna eru skór. Ef farið er í gegnum skóhrúguna, hversu margir eru notaðir? Gefðu hina frá þér.

Nærföt vilja daga uppi í skúffunni. Gamlar slitnar nærbuxur eða brjóstahaldari með slitnar festingar. Losið ykkur við það slitna sem aldrei er notað og fáið betra pláss í skúffunni. Alls kyns krem og snyrtivörur dagar uppi á snyrtiborðinu en fæst af þessu er notað. Gamlar snyrtivörur eru gróðrarstía baktería svo nú er kominn tími til að hreinsa til. Maskarar endast í þrjá mánuði og krem í sex mánuði. Allt eldra en það á heima í ruslinu. Sama má segja um fataskápinn. Föt sem passa ekki lengur ættu að hverfa úr skápnum. Rauði krossinn tekur á móti fatnaði ásamt fleirum.

Það ætti ekki að geyma gamla farsíma eða raftæki sem ekki eru lengur notuð. Komið þessum tækjum sem fyrst í þar til gerðan gám hjá Sorpu. Ef hlutirnir eru í lagi má gefa þá á nytjamarkaði. Margt annað má losa sig við, til dæmis gamla potta og pönnur, gamlar skreytingar, gamlar málningardósir, illa farin plastílát, gömul krydd, ljót og blettótt viskastykki, kassettur og margt fleira. Það er ákveðinn léttir þegar svona hreingerning hefur átt sér stað svo það er um að gera að ganga í hlutina.



Gott er að hafa sótthreinsi í veskinu.

# Heimatilbúði sótthreinsigel

Handhægt sótthreinsigel getur komið sé vel nú þegar haustið er gengið í garð og smitsjúkdómar á borð við kvef og inflúensur herja á fólk. Slíkt hreinsigel má t.d. hafa í veskinu eða hanskahólfinu og grípa til þegar ekki reynist hægt að þvo hendurnar vandlega af einhverjum sökum. Auðvelt og fljótlegt er að útbúa hreinsigelið og kosturinn er að þá veit maður nákvæmlega hvað það inniheldur. Allt sem þarf til er lítill brúsi með tappa, 50 ml af hreinu Aloe vera, 3 tsk. spritt, 1 tsk. e-vítamínolía og 5 dropar af ilmkjarnaolíu, t.d. með frísklegum límónu- eða lavenderilmi. Þessu er öllu hellt í brúsann og hann hristur vel til að allt blandist vel saman. Bæta má við 1 tsk. af spritti ef gelið er of þykkt. Sótthreinsigelið ætti að geyma utan seilingar barna og það heldur virkni í tvo mánuði. Innihaldsefnin ættu að fást í öllum betri heilsuvörubúðum.

# Þrifið með vodka

Heimatilbúnir hreinsilegir hafa sjaldan verið vinsælli en einmitt nú. Einn helsti kosturinn við þá er að þeir innihalda ekki eiturefni og eru umhverfisvænir. Edik hefur t.d. fyrir löngu sannað gildi sitt sem gott og gilt hreinsiefni. Færri vita að vodka er líka ágætt í þrif því það er sótthreinsandi og skilur eftir sig frískandi ilm. Með því að blanda saman 0,5 dl af vodka, 0,5 dl af ediki, 3 dl vatni og 15 dropum af góðri ilmkjarnaolíu, t.d. lavender, límónu eða piparmintu, fæst frábær alhliðahreinsir fyrir eldhús og baðherbergi. Þessu er öllu saman hellt í úðabrúsa, blandað vel saman og úðað yfir óhreinindi og þurrkað af með tusku úr örtrefjum. Annar lögur þar sem 1,25 dl vodka er blandað saman við 2,5 dl af vatni og 10 dropa af ilmkjarnaolíu er fínn til að fríska upp á sturtuna og baðkerið.





# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM


2042
149.900 KR.
~~ÁÐUR: 276.600 KR.~~


2046
270.220 KR.
~~ÁÐUR: 408.900 KR.~~


6010
288.620 KR.
~~ÁÐUR: 431.900 KR.~~


6090
267.020 KR.
~~ÁÐUR: 404.900 KR.~~


115
369.420 KR.
~~ÁÐUR: 532.900 KR.~~


113
297.420 KR.
~~ÁÐUR: 442.900 KR.~~


2021
304.620 KR.
~~ÁÐUR: 451.900 KR.~~


1002
539.900 KR.
~~ÁÐUR: 746.000 KR.~~


104
329.420 KR.
~~ÁÐUR: 482.900 KR.~~


118
313.420 KR.
~~ÁÐUR: 462.900 KR.~~


129-3
385.420 KR.
~~ÁÐUR: 552.900 KR.~~

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 165.900.- Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Önnur þjónusta

**icePatent**
**RAFLAGNATEIKNINGAR**
Önnumst gerð raflagnateikninga fyrir íbúðir og húseignir.
Upplýsingar í síma 852 2090, IcePatent@outlook.com www.IcePatent.is

## Tilkynningar

**ÍSAFJARÐARBÆR**

### Framkvæmdaleyfi vinnuvegar við Mjólká, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 12.10.2017 útgáfu framkvæmdaleyfis til Orkubús Vestfjarða ohf. vegna vinnuvegar á við Mjólkárvirkjun á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli aðalskipulags. Ekki þurfti að grenndarkynna skv. 3.mgr. 44 gr. skipulagslaga, þar sem ekki er um nein grenndaráhrif á aðra hagsmunaaðila en landeiganda.

Framkvæmdin er í samræmi við samþykkta breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Samkvæmt skipulaginu er gert ráð fyrir 3,5 km löngum vinnuvegi og tímabundnum vegslóða á svæði Hófsárveitu efri.

Fylgigögn með umsókn eru eftirfarandi
**1. Undirrituðu umsókn dags. 06.10.2017**
**2. Erindisbréf og lýsing á framkvæmd, dags. 06.10.2017**
**3. Aðalskipulagsuppdráttur**
**4. Tilkynning til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matsskyldu.**
**5. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.**
**6. Uppdrættir**

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að fyrirhuguð vegagerð við Mjólkárvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaleyfið er gefið út samkvæmt fyrirliggjandi og meðfylgjandi málsgögnum með þeim fyrirvörum og skilyrðum sem þar koma fram og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem vísað er til.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfisins og forsendur þess er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitastjórnar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar. Athugasemdir skulu berast til bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar eða með tölvupósti á: axelov@isafjordur.is

*Virðingarfyllst,*
*Axel Rodriguez Överby*
*- skipulags- og byggingarfulltrúi*




## Fasteignir

**HÚSASALAN**



**Fagrihjalli 98 – Parhús OPIÐ HÚS**
**Opið hús fimmtudaginn 26. október kl. 17.15 – 18.00**
Mjög vandað 186,8 fm parhús á vinsælum stað innst í götu. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Þrjú stór herbergi (hægt að hafa fjögur herbergi). Sérsmíðaðar innréttingar. Innanhúshönnun: Björn Skaftason. Nýlegt parket. Mikil lofthæð og innfelld lýsing. Suðursvalir / verönd. Glæsileg eign á rólegum stað með útsýni. **Verð 73,9 m.**



**Rekagrandi 5 – 3ja herb. OPIÐ HÚS**
**Opið hús miðvikudaginn 25. október kl. 17.15 – 18.00**
Vel staðsett þriggja herbergja endaíbúð á 3.hæð auk bílastæðis í bílageymslu. Eignin er skráð 108 fm sem skiptist í 81,3 fm íbúð og 26,7 fm í bílageymslu auk geymslu. Ný eldhúsinnrétting. Sjávarútsýni. Vel staðsett hús á vinsælum stað skammt frá leikskóla og grunnskóla. Hús í góðu ástandi. **V. 43,9 m.**



**Álfhólsvegur 45 – 4ra herb OPIÐ HÚS**
**Opið hús föstudaginn 27. október kl. 17.15 – 18.00**
Góð 85,0 fm 3ja – 4ra herbergja parketlögð risíbúð á rólegum stað. Íbúðin skiptist í forstofu og stigahol, stofu, opið eldhús, tvö herbergi og baðherbergi. Auk þess er í efra risi, sjónvarpshol, geymsla og herbergi. Í kjallara er mjög stór geymsla með góðum gluggum (herbergi). Íbúðin er mjög snyrtileg og vel um gengin. Sérmerkt bílastæði er á lóðinni. **V. 34,9 m.**

**Geir Sigurðsson**
**s: 655-9000**
**löggiltur fasteignasali**

FÉLAG FASTEIGNASALA

**Aðalsteinn Steinþórsson**
**s: 896-5865**
**aðstm. fasteignasala**

**Traust þjónusta.**
**Síðumúla 33 - 537-9000**
**husasalan.is - husasalan@husasalan.is**




## Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

ráðum ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
### Stefna um veitinga- og gististaði

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 14. september 2017 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst endurskoðun og uppfærsla á almennum ákvæðum um veitinga- og gististaði á öllum landnotkunarsvæðum borgarinnar, vegna breytts lagaumhverfis. Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæðum fyrir einstök svæði, m.a. svæði M1c í miðborginni. Ennfremur nær breytingartillagan til endurskoðunar á skilgreiningum aðalgatna og nærþjónustukjarna. Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 25. október 2017 til og með 6. desember 2017. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 1. hæð. Tillöguna má nálgast á reykjavik.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 6. desember 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

### Laugavegur 40
### 101 Reykjavík



Tvö vel staðsett verslunarrými á 1. hæð (götuhæð) í nýlegu og vel viðhöldnu húsi við Laugaveg 40. Um er að ræða tvö fastanúmer. Auðvelt er að samnýta rýmin.
**Verslunarrými 1:** 167,4 fm rými sem skiptist í verslunarrými 95,2 fm og lagerrými í kjallara 72,2 fm. Rúmgóð lyfta er milli hæða.
**Verslunarrými 2:** 54,9 fm rými sem hentar vel litlum verslunum eða ferðaþjónustufyrirtækjum.
**Verð: 149,9 millj.**

Nánari uppl. veitir G. Andri Guðlaugsson lögg. fasteignasali s: 662 2705, andri@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau lenda í ofbeldi
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



### LAUGAVEGUR - HEIL HÚSEIGN

STAKFELL S. 535-1000 KYNNIR Í EINKASÖLU: Heil húseign 578,5 fm. við Laugaveg sem er kjallari og 3. hæðir. Húsið skiptist í atvinnuhúsnæði á jarðhæð með inngangi frá Laugavegi og tvær íbúðir á 2. og 3. hæð með sér stigahúsi. Húsið er í ágætu ásigkomulagi og til afhendingar strax. Langtíma leigusamningur um jarðhæð.



Allar nánari upplýsingar gefur:
**Þorlákur Ómar Einarsson**
löggiltur fasteignasali
í síma 820-2399 eða
thorlakur@stakfell.is



### BALDURSNES 8, AKUREYRI

STAKFELL S. 535-1000 KYNNIR Í EINKALEIGUMEÐFERÐ: Samtals 1.968 fermetrar á besta stað í útjaðri Akureyrar við Þjóðveg 1. Staðsetningin hefur mikið auglýsingagildi og með góðum merkingum fæst mikil athygli, vegna mjög mikillar umferðar fram hjá húsinu.
Húsið er 1848 fermetrar að grunnfleti og er í dag einn salur, auk 120 fermetra millilofts. Vegghæð er 4,2 metrar og hæð undir mæni er 7 metrar. Hægt er að skipta húsinu upp í smærri einingar.




Allar nánari upplýsingar veita:
**Stefán Hrafn Stefánsson**,
hdl., löggiltur fasteignasali
895-2049 eða stefan@stakfell.is,
**Ólafur H. Guðgeirsson**,
MBA, löggiltur fasteignasali
663-2508 eða olafur@stakfell.is

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

## Eiginfjárkröfur og eiginfjárhlutföll




Seðlabanki Íslands tekur fram í nýrri fjármálastöðugleikaskýrslu sinni að eiginfjárstaða viðskiptabankanna þriggja hafi verið góð og eiginfjár- og vogunarhlutföll há í lok júnímánaðar. Eiginfjárhlutfall bankanna hafi að meðaltali verið 26,6 prósent og lækkað lítillega frá áramótum vegna arðgreiðslna og hækkunar áhættugrunns útlána. Sterk eiginfjárstaða leiði til þess að „einhverjir möguleikar eru fyrir hendi til frekari arðgreiðslna eða annarrar ráðstöfunar eigin fjár“, að því er segir í skýrslunni. Það verði hins vegar að gerast í samræmi við kröfur um eiginfjárgrunn með fullum eiginfjáraukum og lausafjárstöðu.

Seðlabankinn vildi ekki veita viðtal um mögulegar arðgreiðslur úr bönkunum þegar eftir því var leitað. Gaf bankinn þá skýringu að hann vildi ekki blanda sér í umræðu um kosningaloforð stjórnmálaflokkanna fáeinum dögum fyrir kjördag.

**Arðsemin ekki viðunandi**

Snorri segir að eiginfjárhlutfall íslensku bankanna sé afar hátt, sér í lagi í alþjóðlegum samanburði, og eiginfjárkröfur sem gerðar eru til þeirra strangar. Í ljósi smæðar bankanna sé jafnframt afar erfitt fyrir þá að ná viðunandi arðsemi af grunnrekstri. „Það gæti því verið skynsamlegt að taka út umfram eigið fé úr bönkunum og skoða eiginfjárkröfu Fjármálaeftirlitsins í mjög gagnrýnu ljósi, en hún má ekki vera svo há að hún komi niður á rekstrarhæfi og samkeppnishæfni innlendra innlánsstofnana, ef ætlunin er að selja þá erlendum fjárfestum. Þá yrði staða bundins fjármagns lægri og arðsemi hærri.

Of há eiginfjárkrafa getur jafnframt ógnað stöðugleika fjármálakerfisins líkt og vanfjármagnaðar innlánsstofnanir með því að draga úr rekstrarhæfi innlendra innlánsstofnana og gera þær ósamkeppnishæfar.“

Að mati Snorra yrðu bankarnir áfram „gríðarlega vel“ fjármagnaðir þó svo að þeir greiddu út tugi milljarða króna í arð. „Og það sem meira er, þá er þetta allt raunverulegt eigið fé, ólíkt mörgum bönkum erlendis sem búa yfirleitt við hærra hlutfall víkjandi lána. Íslensku bankarnir eru mjög vel fjármagnaðir í alþjóðlegum samanburði.“

### Vilja taka tugi milljarða út úr bönkunum

Flestir stjórnmálaflokkar sem bjóða fram lista í þingkosningunum á laugardag hafa heitið því að taka tugi til hundrað milljarða króna út úr bankakerfinu á næstu árum til þess að fjármagna ýmis kosningaloforð, til dæmis uppbyggingu innviða, eða greiða niður ríkisskuldir.

Þannig sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, í þættinum Forystusætið á RÚV að bankarnir hefðu bolmagn til þess að greiða ríkinu allt að 100 milljarða króna í sérstakar arðgreiðslur á næstu árum. „Þarna er fjármagn sem við í Sjálfstæðisflokknum sjáum fyrir okkur að nýta til þess að fara í innviðauppbyggingu. Til dæmis að klára byggingu nýs Landspítala, bæta vegina og brýrnar og auka öryggi í umferðinni. Þetta er fjárfesting til framtíðar,“ sagði hann

Miðflokkur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur viðrað hugmyndir í þessum dúr og sagt að ríkið geti tekið tugi til hundrað milljarða út úr bankakerfinu í fyrirsjáanlegri framtíð. Minna eigið fé þýði að bankarnir þurfi ekki að skila eins miklum hagnaði. Í staðinn nýtist fjármagnið í aðrar fjárfestingar, eins og í heilbrigðisþjónustu og samgöngubætur.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hefur jafnframt talað fyrir því að auka arðgreiðslur úr ríkisbönkunum um tugi milljarða á komandi kjörtímabili og nýta þær til þess að greiða niður skuldir svo nýta megi afgang ríkissjóðs í „uppbyggingu samfélagsins“ eins og hún orðar það.

Fulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar hafa talað á sömu nótum og sagt brýnt að bankarnir nýti það svigrúm sem þeir hafi til þess að greiða ríkissjóði arð. Sú fjárhæð ætti að nýtast til að lækka skuldir ríkisins, en ekki til þess að auka útgjöld ríkisins.

Samfylkingin hefur ekki lagt fram ítarlegar hugmyndir í þessum efnum. Ágúst Ólafur Ágústsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður, hefur þó nefnt að í ljósi þess að eignir bankanna hafi aukist um 1.000 milljarða frá hruni sé vel hægt að taka arð út úr bönkunum, um 10 milljarða á ári, til þess að fjármagna uppbyggingu innviða.

Það rímar vel við umfjöllun Danske Bank í nýlegri skýrslu sinni um íslensku bankana, en þar er tekið fram að eiginfjárstaða þeirra sé „umtalsvert“ sterkari en eiginfjárstaða norrænna banka.

Friðrik Már segir að því minna eigið fé sem bundið er í bönkunum, því meiri sé áhættan í rekstrinum. „Það er mjög eðlilegt að arðsemi eigin fjár sé lægri hjá banka sem býr til dæmis við 30 prósenta eiginfjárhlutfall heldur en hjá banka með 10 prósenta eiginfjárhlutfall. Áhættan í rekstri síðarnefnda bankans er mun meiri og þess vegna þarf arðsemi hans á eigið fé að vera meiri í prósentum talið.

„Það gæti verið í lagi að draga eitthvað úr þessu mikla eigin fé sem er bundið í íslensku bönkunum. Það yrðu ekki hundrað í hættunni þó að eiginfjárhlutfall bankanna lækkaði aðeins. Ég er engu að síður þeirrar skoðunar að bankar eigi að búa við 25 til 30 prósenta eiginfjárhlutfall eins og önnur fyrirtæki. Ef eiginfjárhlutfallið er of lágt, eins og það var víða um heim á árunum fyrir fjármálakreppuna, þá geta nokkurra prósenta útlánatöp einfaldlega sett bankana á hliðina. Þegar eigið féð er of lítið myndast hvatar til óhóflegrar áhættutöku, enda treysta bankarnir því að ríkið hlaupi undir bagga ef bjátar á.“

**Greitt 192 milljarða í arð**

Arðgreiðslur viðskiptabankanna hafa samtals numið 191,9 milljörðum króna frá árinu 2013, að því er fram kemur í ársskýrslu Bankasýslu ríkisins, sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Þar af hefur hlutur ríkissjóðs numið 156,6 milljörðum króna.

Í fyrra greiddu bæði Íslandsbanki og Landsbankinn út arð, en ekki Arion banki, líkt og áður sagði. Íslandsbanki og Landsbankinn greiddu báðir út reglulegan arð, sem samþykktur var á aðalfundum bankanna, en auk þess greiddi Íslandsbanki út 27 milljarða króna sérstakan arð sem samþykktur var á hluthafafundi í desember. Í ársskýrslu Bankasýslunnar er rakið að vinna bandaríska fjárfestingabankans JP Morgan, sem var ráðinn haustið 2016 til þess að veita bankanum fjármálaráðgjöf, hafi meðal annars leitt til þess að bankinn ákvað að greiða ríkissjóði umrædda sérstaka arðgreiðslu.

Samþykktar arðgreiðslur Íslandsbanka og Landsbankans á aðalfundum þessa árs námu samtals 35,2 milljörðum króna.




Eimskip býður upp á alhliða lausnir fyrir sjó- og landflutninga hérlendis en yfir 80 viðkomustaðir mynda öflugt þjónustunet um land allt. Lögð er áhersla á góða og áreiðanlega þjónustu og að koma vörum viðskiptavina hratt og örugglega á áfangastað.

eimskip.is

EIMSKIP

# Kallað á styttri vinnuviku



**Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB**

Krafan um styttingu vinnutíma verður sífellt háværari í samfélaginu og fleiri eru farnir að taka undir sjónarmið BSRB um að stytta eigi vinnuvikuna í 36 stundir, án launaskerðingar. Það er ekki tilviljun enda af sem áður var að það teljist dyggð að vinna myrkranna á milli. Ungt fólk leggur mun meira upp úr þeim lífsgæðum sem fengin eru með samverustundum með fjölskyldu og vinum. Röksemdir um lengd kaffitíma á vinnustað eða meintan misskilning á samanburði á vinnutíma milli landa munu ekki breyta þessari staðreynd og þeirri streitu sem foreldrar á vinnumarkaði upplifa.

Þær röksemdir eru ekki heldur til þess fallnar að leysa þann vanda sem við sem samfélag eigum við að etja þegar kemur að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Þar upplifum við nú stöðnun og ein helsta áskorunin er að auðvelda fólki að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er meiri en í nokkru öðru landi en þriðjungur þeirra er í hlutastörfum. Þá vinna karlar lengri vinnuviku en konur. Rannsóknir benda til að ábyrgð kvenna á fjölskyldu og börnum sé ein meginástæðan fyrir þessu. Styttri vinnutími kvenna hefur áhrif á tekjur kvenna, möguleika þeirra á framgang í starfi og fylgir þeim fram á elliárin með lægri greiðslum úr lífeyrissjóðum. Við vitum jafnframt að togstreita milli fjölskyldu- og atvinnulífs er streituvaldandi. Sú streita leiðir til aukinnar fjarveru vegna veikinda eða annarra neikvæðra áhrifa á líkamlega og andlega líðan. Í gögnum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) er skýrt að Íslendingar vinna fleiri klukkustundir á viku en fólk í nágrannalöndunum. Þrátt fyrir langan vinnutíma afköstum við ekki meiru en aðrar þjóðir.

**Kynslóðamunur á viðhorfum**

Meðal þess sem eykur afköst og þar með framleiðni er starfsánægja. Niðurstöður tilraunaverkefnis BSRB og Reykjavíkurborgar um styttingu vinnutíma sýnir að starfsánægja hefur aukist en ekki hefur orðið breyting á afköstum starfsmanna. Þá hafa fjarvistir vegna skammtímaveikinda dregist saman. Ef við lítum til aukinnar þekkingar okkar á áhrifum vinnutíma er vandséð af hverju megináherslan er enn á fjölda vinnustunda í stað frammistöðu og afkasta starfsmanna.

Rannsóknir sýna að það er að verða kynslóðamunur í viðhorfum til vinnutíma og vinnumenningar. Við vitum að önnur Norðurlönd standa okkur framar þegar kemur að fjölskylduvænu samfélagi sem er aðdráttarafl fyrir fjölda íslenskra fjölskyldna. Einn liður í því að skapa sambærilegar aðstæður hér á landi felst í því að taka til endurskoðunar vinnutímann. Þetta er ekki bara krafa BSRB og félaga okkar í verkalýðshreyfingunni. Nýleg íslensk rannsókn sýnir að íslenskir stjórnendur telja þörf á breytingum til að mæta þessum nýju áherslum starfsfólksins.

Við höfum ekki skoðað lengd vinnuvikunnar eða vinnutímaskipulag af neinni alvöru í tæplega hálfa öld. Við vitum öll að samfélagið hefur breyst gríðarlega á þeim tíma. Nú getum við ekki beðið lengur, það er löngu tímabært að prófa aðrar aðferðir.







# Staðan hefur aldrei verið betri en nú



**Gísli Hauksson, stjórnarformaður GAMMA**

Líf mannsins á jörðinni hefur í raun aldrei verið betra en í dag. Þrátt fyrir að daglega dynji á okkur fréttir af eymd, átökum, þrengingum, mengun og öðrum hamförum þá er mikilvægt að hafa í huga að maðurinn hefur náð ótrúlegum árangri í því að bæta lífsgæði sín. Það er alveg sama hvert litið er. Allar tölur sem mæla lífsgæði eru betri nú en þær voru fyrir 50 eða 100 árum og vart þarf að taka fram hvernig þær eru í samanburði við mælanlegar tölur fyrir iðnbyltinguna.

Sænski rithöfundurinn Johan Norberg gaf í fyrra út bókina Framfarir (e. Progress) þar sem hann fer með vönduðum hætti yfir þær framfarir sem hafa orðið á undanförnum áratugum og öldum. Bókin kemur út í íslenskri þýðingu í þessari viku í samstarfi Almenna bókafélagsins og GAMMA. Það að lífið sé betra nú en áður er ekki aðeins skoðun Norbergs heldur er fullyrðingin studd með margvíslegum staðreyndum. Norberg lýsir því hvernig fátækt og hungur hefur minnkað verulega og bendir á að það dragi hraðar úr ólæsi, barnaþrælkun og ungbarnadauða en nokkru sinni fyrr í sögu mannkynsins. Lífslíkur við fæðingu hafa aukist yfir tvöfalt meira á síðustu öld en á næstu 200.000 árum á undan. Líkurnar á því að barn sem fæðist nú nái eftirlaunaaldri eru miklu meiri en líkurnar á að forfeður þess næðu að verða fimm ára. „Sannleikurinn er sá ef okkur langar til að hverfa til liðins tíma, að þá voru gömlu góðu dagarnir skelfilegir,“ segir Norberg í bók sinni.

**Tökum framtíðinni fagnandi**

Undirtitill bókar Norbergs er: Tíu ástæður til að taka framtíðinni fagnandi. Hann fjallar í tíu köflum um þær framfarir sem hafa orðið á ýmsum sviðum og bætt hafa lífsgæði mannkyns, þar á meðal um baráttuna gegn hungri í heiminum, aukið hreinlæti, bættar lífslíkur og minnkandi fátækt. Hættan á að einstaklingar standi frammi fyrir stríði, deyi af völdum náttúruhamfara eða búi við alræðisstjórn er minni en nokkru sinni fyrr. Norberg fjallar einnig um umhverfið og orkumál, útbreiðslu læsis, aukið frelsi og jafnrétti. Allt er þetta árangur stöðugrar og sjálfsprottinnar þróunar manna sem fengu frelsi til að lifa eigin lífi og bæta heiminn. „Þetta eru framfarir sem enginn leiðtogi, stofnun eða ríkisstjórn getur stjórnað að ofan,“ segir Norberg.



**„Þetta eru framfarir sem enginn leiðtogi, stofnun eða ríkisstjórn getur stjórnað að ofan,“ segir í bók sænska rithöfundarins Johan Norbergs.**

> **Lífslíkur við fæðingu hafa aukist tvöfalt meira á síðustu öld en á næstu 200.000 þúsund árum á undan.**
>
> Gísli Hauksson

**Vanþekking er ógn**

Bók Norbergs fjallar um sigra mannkynsins en hann bendir þó á að mistök væru að taka þessum framförum sem sjálfsögðum. Opið hagkerfi, tækniframfarir og frelsi leiða til framþróunar og bættra lífskjara en í gegnum tíðina hafa sérhagsmunahópar reynt að berjast gegn slíkum breytingum. Við sjáum þess merki enn þann dag í dag, t.d. í andstöðu við alþjóðavæðingu og einstaklingsfrelsi. Lýðskrumarar, jafnt á hægri- sem vinstrivæng stjórnmálanna, reyna að telja okkur trú um að heimurinn sé hættulegur. Einu raunverulegu ógnirnar sem steðja að okkur í dag eru þröngsýni, vanþekking og þeir sem telja sig vita betur en aðrir hvort og þá hvernig heimurinn á að þróast.

# Efnahagslegt sjálfstæði



**Björn Berg Gunnarsson**

Níutíu prósent Katalóna kjósa að yfirgefa Spán og lýsa yfir sjálfstæði landsins. Ástæður þess hafa verið ræddar í bak og fyrir en efnahagslegt forskot þjóðarinnar umfram aðra Spánverja hlýtur að hafa sitt að segja. Þau 16% Spánverja sem búa í héraðinu standa fyrir fjórðungi útflutnings landsins og fimmtungi landsframleiðslunnar. Raunar er landsframleiðsla á mann á pari við Evrópusambandið en fjórðungi yfir Spáni.

Frá hruni hefur héraðið vaxið hraðar en þegar litið er á landið í heild sinni og rétt eins og hér á landi hefur ferðaþjónustan haft sitt að segja um þá þróun. Átján milljónir ferðamanna heimsóttu Katalóníu á síðasta ári og lögðu til um 15% efnahagsins. Eftir lítilsháttar samdrátt milli áranna 2008 og 2009 hafa tekjur af komu erlendra ferðamanna tæplega tvöfaldast, samanborið við 66% vöxt á Kanaríeyjum og helmingsvöxt í Madríd. Það er því mikið í húfi fyrir Spánverja og efnahag landsins í heild.

Annars staðar hafa efnahagsmálin líka leikið áberandi hlutverk í umræðu um sjálfstæði. Skotar höfnuðu sjálfstæði um árið og var mikið rætt um olíuauð landsins, sem hefur auðvitað minnkað umtalsvert samhliða falli olíuverðs frá tíma atkvæðagreiðslunnar. Skotar stóðu vel samanborið við aðra Breta en skáru sig fjarri því frá samborgurum sínum líkt og Katalónar gera, nú eða Flæmingjar í Belgíu.

Flæmsku- og frönskumælandi Belgíu er skipt upp í Flæmingjaland (Brussel , Antwerpen, Brugge o.fl.) í norðri og Vallóníu (Liège, Namur ofl.) í suðri. Landsframleiðslan á hvern íbúa er 40% hærri í norðurhluta landsins og sjálfstæðishreyfing er nokkuð áberandi í stjórnmálaumræðunni.

Loks má nefna sjálfstjórnarumræðuna á Norður-Ítalíu, þar sem flestir efnahagslegir mælikvarðar eru á allt öðrum skala en í suðurhluta landsins. Sem dæmi má taka að landsframleiðsla á mann er um tvöfalt hærri í Tórínó og Mílanó en í Napolí og Palermó.

Ef efnahagslegir yfirburðir hvetja íbúa til sjálfstæðistilburða er spurning hvort við þurfum að hafa áhyggjur af Vestmannaeyingum. Samkvæmt sveitarfélagaskýrslu Íslandsbanka árið 2017 er samspil skuldahlutfalls og veltufjár sem hlutfall af tekjum með því besta sem gerist á landinu. Í gær hitti samgönguráðherra fulltrúa Eyja til að ræða möguleikann á að bærinn taki við rekstri Herjólfs. Fyrir hönd okkar uppi á landi vona ég að það sé ekki fyrsta skrefið.







# HELLINGUR AF GÓÐU **STÖFFI**

## MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now.

Maraþon Now inniheldur sumar af fremstu þáttaröðum heims ásamt helling af góðu stöffi sem þú getur notið í hvaða snjalltæki eða sjónvarpi sem er.

Nánari upplýsingar um tilboðið á **365.is** eða í síma **1817**.




*á mánuði

MARAÞON NOW + 11GB

365.is | 365

# Skotsilfur

## Hræsni



Hræsni stjórnmálamanna á sér stundum lítil takmörk. Nú í aðdraganda kosninga lofa flestir stjórnmálaflokkar því að taka tugi milljarða króna út úr bönkunum til að greiða niður skuldir eða fjármagna kosningaloforð sín. Flokkarnir tala þannig óbeint fyrir því að bankarnir ráðist í verulega útgáfu víkjandi skuldabréfa svo þeir hafi svigrúm til frekari arðgreiðslna. Sömu stjórnmálamenn og vilja að bankarnir gefi út víkjandi bréf brugðust hins vegar ókvæða við þegar tryggingafélagið VÍS gaf út slík bréf í fyrra og greiddi í kjölfarið út eðlilegan arð. Einn þeirra, **Steingrímur J. Sigfússon**, sagði til dæmis arðgreiðsluna til marks um endurreisn „græðgisvæðingarinnar“.

## Styrkir Framsókn



Fram kemur í ársreikningi Framsóknarflokksins fyrir síðasta ár að Ursus, fjárfestingafélag **Heiðars Guðjónssonar**, hafi styrkt flokkinn um 400 þúsund krónur í fyrra, en það er sú lögbundna hámarksfjárhæð sem einstakur lögaðili má styrkja flokk um. Það sama gerði Heiðar árið 2015. Athygli vekur hins vegar að Heiðar styrkti Sjálfstæðisflokkinn ekki um eina krónu á síðasta ári. Ekki eru mörg ár síðan Heiðar sat í efnahags- og viðskiptanefnd Sjálfstæðisflokksins, þar sem hann barðist ötullega fyrir því að tekin yrði upp alþjóðleg mynt í stað krónunnar. Landsfundur flokksins hafnaði hins vegar tillögu Heiðars eins og frægt er orðið.

## Nýr formaður



**Þórhallur Örn Hinriksson**, fyrrverandi sjóðsstjóri hjá Stefni, var nýverið kjörinn stjórnarformaður ALM Verðbréfa. Tók hann við formennskunni af Bryndísi Gunnlaugsdóttur lögfræðingi. Eins og kunnugt er bættust fimm fjárfestar í hluthafahóp ALM í sumar með kaupum á samanlagt þriðjungshlut í fyrirtækinu, en þar á meðal voru þeir Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, og Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.

# Commerzbank verst yfirtöku




**Hlutabréf í þýska bankanum Commerzbank snarhækkuðu í verði eftir að fregnir bárust af því að keppinautar bankans, þar á meðal BNP Paribas, væru að íhuga að gera yfirtökutilboð í bankann. Þýski bankinn hefur ráðið Goldman Sachs og Rothschild til þess að vera sér innan handar við að verjast mögulegri yfirtöku. Ef bankinn yrði keyptur í einu lagi yrði það stærsta yfirtakan í þýska bankaheiminum í meira en áratug.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Nýjar forsendur hjá peningastefnunefnd?




**Stefán Helgi Jónsson og Skúli Hrafn Harðarson**
sjóðstjórar hjá Júpiter

Seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína um 0,25% á fundi sínum þann 4. október síðastliðinn. Óhætt er að segja að ákvörðun bankans hafi komið markaðsaðilum verulega óvart. Allir greiningaraðilar á markaði spáðu óbreyttum stýrivöxtum fyrir fundinn þar sem rök þeirra voru meðal annars að raunvextir hefðu lækkað á milli funda sem og að ríkisstjórnarslitin hefðu aukið óvissu um aðhald ríkisfjármála á næstunni.

Að okkar mati eru þónokkur tíðindi í fundargerð Seðlabankans sem birt var þann 18. október síðastliðinn og ber þar helst að nefna nýtt mat peningastefnunefndar á þeim raunvöxtum sem þarf til að halda verðbólgu við markmið. Fram kemur í fundargerðinni að hagvöxtur verði áfram töluvert mikill en aðlögun að sjálfbærum hagvexti virðist að mati nefndarinnar vera hraðari en áður var talið. Þetta stöðumat nefndarinnar er áhugavert í ljósi síðustu vaxtalækkunar. Hér er með öðrum orðum verið að segja að spennan verði áfram mikil en muni lækka eitthvað á næstu misserum í átt að jafnvægi. Hagkerfið er því að keyra umfram framleiðslugetu sem þýðir að öðru óbreyttu að raunvextir ættu að vera hærri samanborið við hagkerfi í jafnvægi.

Mikið hefur verið rætt og ritað um jafnvægisraunvexti á Íslandi. Seðlabankinn er með 3% jafnvægisraunvexti í sinni efnahagspá en ljóst má vera á aðgerðum peningastefnunefndar að hún er ekki á sama máli. Fyrir vaxtalækkunina í október voru raunvextir bankans miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar 2,1% og höfðu lækkað frá því í ágúst þegar þeir voru 2,3%. Í júní voru samsvarandi vextir 2,7% og hafa því lækkað um tæplega 1% á nokkrum mánuðum.

En hvað hefur breyst á þessum nokkrum mánuðum? Tölur Hagstofunnar um hagvöxt á fyrri hluta ársins voru birtar í september. Niðurstaðan var 4,3% vöxtur en Seðlabankinn hafði spáð í ágúst að hagvöxtur yrði 5,6% á fyrri hluta ársins. Munar þar mestu um framlag utanríkisviðskipta en þjóðarútgjöld voru í góðu samræmi við spána eða 5,2% í stað 5,4%. Spennan í hagkerfinu er því enn mikil og vel umfram framleiðslugetu hagkerfisins til lengri tíma litið. Peningastefnunefnd er þó á sama tíma að lækka raunvexti niður fyrir 2% og í því felast mikil tíðindi.

Álykta mætti út frá síðustu vaxtalækkun að jafnvægisraunvextir séu nær 1% að teknu tilliti til framleiðsluspennunnar í hagkerfinu. Það verður því mjög fróðlegt að sjá næstu spá Seðlabankans varðandi hagvöxt og mat hans á framleiðsluspennu sem birt verður samfara næstu vaxtaákvörðun þann 15. nóvember næstkomandi.

### Raunvextir miðað við mismunandi mælikvarða og framleiðsluspenna




# #metoo



**Áshildur Bragadóttir**
forstöðumaður Höfuðborgarstofu og FKA-félagskona

Í síðustu viku var samfélagsmiðlabylting undir myllumerkinu #metoo eða #églíka. Konur um allan heim sem orðið hafa fyrir kynferðislegri áreitni eða kynferðisofbeldi stigu fram til að vekja athygli á hversu víðfeðmt vandamál kynbundið ofbeldi er.

Í síðustu viku var einnig haldin alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík á vegum samtakanna Women Economic Forum (WEF) undir yfirskriftinni „Gender Equality – Towards He for She and She for He. Eins og nafnið bendir til var sjónum beint að jafnrétti kynjanna frá ýmsum sjónarhornum og var ánægjulegt að geta sagt frá þeim mikla árangri sem náðst hefur í kvennabaráttu hér á landi með víðtækri samstöðu kvenna og karla.

Ísland stendur nú fremst meðal þjóða þegar kemur að jafnrétti og eiga allar konur sem rutt hafa veginn þakkir skilið fyrir hugrekki, dugnað, kjark og þrautseigju. En jafnréttisbarátta er ekki bara jafnréttisbarátta kvenna. Til að ná árangri þarf samstöðu meðal þjóðar. Með samtakamætti í atvinnulífi og stjórnmálum er atvinnuþátttaka kvenna hvergi meiri, fleiri konur en karlar eru í námi á háskólastigi, mikill árangur hefur náðst í að fjölga konum í stjórnum fyrirtækja og konur eru nær helmingur þingmanna svo dæmi séu tekin.

Jafnrétti er mál sem varðar okkur öll og allir eiga að láta sig varða. Jafnrétti snýst um að allir einstaklingar óháð kyni eigi jafna möguleika og fái jöfn tækifæri. Jafnrétti snýst um að berjast gegn mismunun á grundvelli kyns, útrýma kynbundnu ofbeldi, breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

Ísland er fyrirmynd annarra þjóða þegar kemur að jafnréttismálum en jafnréttisbaráttunni er þó hvergi nærri lokið. Eyða þarf óútskýrðum launamun kynjanna, útrýma kynbundnu ofbeldi, fjölga konum í efsta stjórnendalagi fyrirtækja, auka ásýnd kvenna í fjölmiðlum og jafna hlut kynjanna í námi.

Við erum fámenn þjóð og framlag okkar allra skiptir máli. Stígum fram og búum okkur samfélag þar sem allir eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína, óháð kyni. Verum óhrædd og samstillt í að efla konur til áhrifa. Sýnum hugrekki og útrýmum óútskýrðum launamun kynjanna. Verum áfram öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði jafnréttismála, verum komandi kynslóðum fyrirmynd og ekki síst okkur sjálfum.




# Öruggir. Skilvirkir. Í lit.

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýja HP fjölnota prentaranum sem gjörbyltir prentiðnaðinum með lágum kostnaði per prentaða blaðsíðu. Nýju HP fjölnotaprentararnir státa af framúrskarandi öryggi, hámarka notkunartíma og tryggja sem besta framleiðni.

### Öryggi

Vertu tilbúinn í ný lög á sviði persónuverndar með prentlausn sem er á verði allan sólahringinn. Sjálvirkt eftirlit og öryggi í rauntíma (WIP).

### Skilvirkni

Meiri afköst, hraðvirkari útprentun, ódýrari rekstur og umhverfisvænni prentun með betri nýtingu.

### Í lit

Björt og skýr lita- eða svart/hvít útprentun með lægri kostnaði á blaðsíðu.

## Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/prentrekstur**

*Blaðsíðuverð fer eftir samsetningu samnings og tekur breytingum eftir lengd samnings og hvaða búnað hann inniheldur.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

VERT.IS

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 25. október 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Jafn leikvöllur

**Enska úrvalsdeildin** í knattspyrnu er sennilega sú íþróttaafurð sem nýtur mestrar hylli sjónvarpsáhorfenda á heimsvísu. Ein af ástæðum þess er einfaldlega sú staðreynd að félögin sem deildina skipa eru þrátt fyrir allt nokkuð jöfn að getu.

**Eins og klisjan segir** – allir geta unnið alla.

**Sennilega er** stærsta ástæðan fyrir því að félögin keppa nokkurn veginn á jafnræðisgrundvelli sú að sjónvarpstekjum er skipt nokkuð jafnt milli félaganna.

Þannig er tekjum vegna alþjóðlegrar sölu sjónvarpsréttar skipt bróðurlega milli félaganna tuttugu. Tekjum vegna sölu innan Bretlands er hins vegar skipt eftir árangri, þó þar sé þrátt fyrir allt ekki stórkostlegur munur á milli þess sem vinnur deildina og þess sem rekur lestina.

**Þessu hafa** stærstu félögin sex í deildinni – Manchester-liðin tvö, Liverpool og Lundúnarisarnir Arsenal, Chelsea og Tottenham – lengi viljað breyta. Þau vilja að tekjum sé í auknum mæli skipt eftir árangri. Eðlilega, sagði einhver, en þessi félög hafa allt að því einokað efstu sætin undanfarin ár.

**En kannski** er stöðumatið rangt hjá stórliðunum. Í spænska boltanum er tekjunum misskipt, og stórliðin Real Madrid og Barcelona semja sérstaklega um sjónvarpsréttinn að sínum leikjum, enda vinna þau deildina á víxl og handvelja bestu leikmennina meðan önnur lið geta einungis horft á aðdáunaraugum. Spænska deildin er af þeim sökum mun minna spennandi sjónvarpsafurð og áhorfið eftir því.

**Enska úrvalsdeildin** er langsamlega vinsælasta knattspyrnudeild heims. Kannski einmitt af því að öll liðin hafa aðgang að góðum og traustum tekjum gegnum sölu á sjónvarpsrétti, sem aftur veldur því að Huddersfield á raunverulegan séns gegn Manchester United eins og sannaðist um liðna helgi.

**Væru stórliðin** því í raun ekki að grafa undan eigin velgengni með því að taka stærri bita af kökunni?

**Því geta** unnendur enska boltans andað léttar en stórliðunum sex varð ekki að ósk sinni.

**Sjónvarpstekjunum** verður áfram skipt jafnt.




# Félag Friðriks hagnast um 5,4 milljarða

Félag Friðriks Steins Kristjánssonar, stofnanda og fyrrverandi stjórnarformanns Invent Farma, skilaði tæplega 5,4 milljarða króna hagnaði í fyrra. Friðrik átti rúmlega 27 prósenta hlut í spænska lyfjafyrirtækinu sem var selt erlendum fjárfestum á síðasta ári fyrir jafnvirði um 29 milljarða.



**Friðrik Steinn Kristjánsson**

Fram kemur í nýbirtum ársreikningi Silfurbergs ehf., sem er í jafnri eigu hjónanna Friðriks og Ingibjargar Jónsdóttur, að hagnaðurinn komi til vegna hlutabréfa og hlutdeildar í afkomu hlutdeildarfélaga. Bókfært virði hlutar félagsins í Invent Farma var 6,5 milljarðar í árslok 2016 og jókst um 4,3 milljarða á árinu. Eigið fé Silfurbergs nemur tæplega 8,5 milljörðum.

Markaðurinn greindi frá því fyrr í þessum mánuði að bókfærður hagnaður vegna sölu á Invent Farma, sem var nánast að fullu í eigu íslenskra fjárfesta, hafi numið um 21 milljarði. Auk Friðriks voru stærstu hluthafar félagsins Framtakssjóður Íslands með 38 prósenta hlut og framtakssjóðurinn Horn II ásamt meðfjárfestum sem átti um 17 prósenta hlut. **– hae**

22.10.2017

**Við vorum í harðri hagsmunagæslu fyrir almenning í landinu gegn erlendum kröfuhöfum. Við vorum að reyna að bjarga verðmætum.**

Sigurður Kári Kristjánsson, fyrrv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins








HEFST MIÐVIKUDAGINN 25. OKTÓBER
KLUKKAN 20:00

**Ísskápastríð** snýr aftur

Önnur þáttaröð þessara skemmtilegu matreiðsluþátta í umsjón **Evu Laufeyjar** og **Gumma Ben**.
Í hverjum þætti fá þáttastjórnendur til sín keppendur og töfra þau fram mis girnilega rétti.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

# Þrefalt fleiri sigurleikir með Íslandi en Everton

**Ronald Koeman, knattspyrnustjóri Gylfa Þórs Sigurðssonar hjá Everton, var rekinn á mánudaginn en þetta er þriðji stjóri Gylfa á síðustu þrettán mánuðum sem þarf að taka pokann sinn. Gylfi hefur mátt þola erfiða tíma á Goodison Park eftir að félagið keypti íslenska landsliðsmanninn fyrir metfé.**



**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson hefur upplifað margt á þessu hausti. Á sama tíma og hann hefur upplifað æskudraum sinn með því að komast með íslenska landsliðinu á HM hefur honum gengið illa að fóta sig sem dýrasti leikmaður Everton frá upphafi.

Gylfi hefur farið á kostum með íslenska landsliðinu í haustleikjunum og skoraði þrjú af fjórum mörkum liðsins í mikilvægum heimasigrum á Úkraínu og Kósóvó. Eftir eina stærstu stundina á ferlinum á Laugardalsvellinum 9. október síðastliðinn kom Gylfi aftur til Englands í mjög þungt andrúmsloft á Goodison Park.

Það hefur nefnilega ekki aðeins gengið illa hjá Gylfa sjálfum í búningi Everton heldur hefur allt liðið valdið miklum vonbrigðum.

### Unnu allt áður en Gylfi kom

Everton var búið að vinna alla fjóra leiki sína á tímabilinu (einn í deild og þrjá í Evrópudeildinni) þegar Gylfi klæddist Everton-treyjunni í fyrsta sinn í leik á móti Manchester City í 2. umferð ensku úrvalsdeildinni.

Fimm dögum áður hafði Everton loksins tekist að fá Swansea City til að selja sinn besta mann. Manninn sem hafði öðrum fremur bjargað velska liðinu frá falli tvö tímabil í röð. Everton þurfti að borga fyrir hann 45 milljónir punda og varð hann ekki aðeins langdýrasti leikmaður sögunnar heldur einnig dýrasti leikmaður Bítlaborgarinnar (Liverpool og Everton).

> **Everton-liðið er búið að vinna alla fimm leiki sína á tímabilinu þar sem Gylfi Þór Sigurðsson hefur ekki komið við sögu. Einn leik í deildinni, einn í deildabikar og þrjá leiki í Evrópudeildinni.**

> **Gylfi hefur skorað 16 mörk í 41 keppnisleik með íslenska landsliðinu (HM eða EM) en aðeins 2 mörk í 13 vináttulandsleikjum.**

Ronaldo Koeman lagði mikla áherslu á að landa íslenska landsliðsmanninum og pressan var gríðarleg á okkar manni. Stóru vandamálin voru hins vegar óleyst. Gylfi dældi inn mörkum og stoðsendingum með Swansea og allir bjuggust við því sama hjá Everton enda var hann löngu búinn að sanna sig í ensku úrvalsdeildinni.

Koeman tókst hins vegar ekki að finna rétta jafnvægið eða fylla í skarð Romelo Lukaku sem var seldur til Manchester United. Hann eyddi stórum fjárhæðum í nýja leikmenn en Gylfi var ekki sá eini sem vildi helst spila framarlega á miðjunni. Þar voru líka menn eins og Wayne Rooney og Davy Klaassen sem komu báðir í haust.

Gylfi hefur sjaldnast fengið að spila sína bestu stöðu og sjaldnast með fljótum kantmönnum eða öflugum framherja sem eru aðstæðurnar þar sem hæfileikar hans nýtast hvað best.

### Einn sigur á 70 dögum

Nú er svo komið að eftir 70 daga sem leikmaður Everton þá hefur Gylfi aðeins tekið þátt í einum sigurleik með félaginu. Eini sigurinn kom í leik á móti Bournemouth á heimavelli, öðru liðanna sem sitja neðar en Everton í töflunni. Hitt er Crystal Palace sem hvorki fékk stig né skoraði mark í fyrstu sjö leikjunum.

Á þessum 70 dögum Gylfa í herbúðum Everton hefur hann aftur á móti tvisvar sinnum komið til móts við íslenska landsliðið og unnið þrjá af eftirminnilegustu sigrum landsliðsins frá upphafi.

Íslenska liðið hélt sér á lífi í baráttunni um HM-sætið með sigri á Úkraínu á Laugardalsvelli nokkrum dögum eftir slysið í Finnlandi. Mánuði síðar fóru strákarnir síðan til Tyrklands og slökktu bæði á hávaðasömustu stuðningsmönnum Evrópu sem og á HM-draumum Tyrkja. Loks mættu Gylfi og félagar á Laugardalsvöllinn og tryggðu sér sæti á HM í Rússlandi með sannfærandi sigri á Kósóvum.

Staðan er því sú að Gylfi hefur unnið þrefalt fleiri sigra með strákunum í íslenska landsliðinu en með nýju liðsfélögunum í Everton.

### Mikið um stjóraskipti

Fyrir vikið er Gylfi að fá nýjan knattspyrnustjóra í enn eitt skiptið en hann hefur upplifað hver stjóraskiptin á fætur öðrum síðustu tímabil sín í ensku úrvalsdeildinni.

Við fögnum vissulega sigrunum hjá íslenska landsliðinu en Gylfi verður vonandi fljótur að breyta þessu hlutfalli á næstu vikum og koma Everton aftur þangað sem félagið ætlaði að vera í vetur. Eftir áralanga baráttu hjá okkar manni í fallbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar var hann kominn til Everton til að kynnast hinum enda töflunnar.

ooj@frettabladid.is



## Gylfi Þór Sigurðsson frá því að hann var keyptur til Everton

| Með íslenska landsliðinu | Samtals með Everton |
| --- | --- |
| **3 sigrar** | **1 sigur** |
| **4 leikir spilaðir** (1 tap) | **12 leikir spilaðir** (4 jafntefli, 7 töp) |
| **3 mörk, 1 stoðsending** | **1 mark og 2 stoðsendingar** |
| **Komið að 4 mörkum á 360 mínútum** | **Komið að 3 mörkum á 962 mínútum** |
| **Mark búið til á 90 mínútna fresti** | **Mark búið til á 320 mínútna fresti** |



KS TOOLS

Verðlækkun

# Verkfærasett

Frábært verð **15.900**

**179 stk.**



**www.stilling.is/KS9170779/**

**Stilling**
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Valgerður J. Jónsdóttir**

lést föstudaginn 13. október í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram fimmtudaginn 26. október kl. 13.00 frá Háteigskirkju. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Markar fyrir hlýja og góða umönnun.

**Sævar Fr. Sveinsson** **Kristín Ósk Óskarsdóttir**
**Anna Sóley Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Þórdís Mjöll Jónsdóttir**

Brúnavegi 9, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu mánudaginn 23. október. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 2. nóvember kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Karitas.

**Brynjólfur Karlsson**
**Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir** **Þorgrímur Leifsson**
**Karl Björgvin Brynjólfsson** **Elísabet Dungal**
**og barnabörn.**



✝

Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðný Gunnur Gunnarsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði aðfaranótt 17. október. Útförin verður í kyrrþey. Þökkum kærlega því góða fólki á Ölduhrauni sem annaðist hana á Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Haraldur Júlíus Sigfússon**
**Anna Haraldsdóttir** **Sveinn Jóhannsson**
**Guðný Haraldsdóttir** **Ólafur Jóhannesson**
**Haraldur Haraldsson** **Ester Bjargmundsdóttir**
**Steinunn Haraldsdóttir** **Grétar Mar Hreggviðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Faðir okkar,

**Garðar Halldórsson**

frá Hríshóli í Reykhólahreppi, Vitateig 5, Akranesi,

andaðist föstudaginn 20. október á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 27. október kl. 13.00.

**Gígja Garðarsdóttir** **Sigurður Guðjónsson**
**Gunnar Þór Garðarsson** **Lilja Ellertsdóttir**
**Alda Garðarsdóttir**
**Svavar Garðarsson** **Anielyn Pantilgon Adlawan**
**Sveinn Vilberg Garðarsson** **Elsa Guðlaug Geirsdóttir**
**Ingimar Garðarsson** **Anna Signý Árnadóttir**
**Halldór Garðarsson** **Anna Edda Svansdóttir**
**og afkomendur þeirra.**



✝

Okkar ástkæri

**Björn Karlsson**

áfengisráðgjafi og leikari, Þverholti 13, Mosfellsbæ,

féll frá á líknardeild Landspítalans föstudaginn 20. október. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 1. nóvember kl. 11.00. Þeir sem vilja minnast hans eru beðnir um að styrkja starfsemi SÁÁ, kt. 521095-2249 með því að leggja inn á reikning 0116-26-452 eða hringja í síma 530-7600.

**Fyrir hönd ástvina,**

**Anna Hera Björnsdóttir**
**Heiðdís Dögg Björnsdóttir**
**Kolbrún Þóra Sverrisdóttir**
**Helga Karlsdóttir**

# Íslensk þjóðlög í austurlenskum búningi

**Ásgeir Ásgeirsson gefur í dag út nýja plötu, Two Sides of Europe, þar sem hann hefur fært íslensk þjóðlög í austrænan búning. Hann fær með sér fjóra Tyrki sem leika á framandi og spennandi hljóðfæri sem gefa þessum þekktu lögum framandi blæ.**



Sofðu unga ástin mín og fleiri perlur eru færðar í austrænan búning.

Ég hef samið nýja kafla við íslensk þjóðlög, alls konar spuna og intró – ég er að stækka þjóðlögin og síðan set ég þau í svona austrænan eða tyrkneskan hljóðheim,“ segir Ásgeir Ásgeirsson sem gefur í dag út plötuna Icelandic folksongs vol. 1, Two Sides of Europe. Með honum á plötunni spila fjórir Tyrkir, Göksel Baktagir, Derya Türkan, Oray Yay og lútusnillingurinn Yurdal Tokcan en hann vann með Ásgeiri í því að útsetja þjóðlögin upp á nýtt. Einnig syngur Sigríður Thorlacius í nokkrum laganna.

> Ég hef farið mikið til Tyrklands og Suðaustur-Evrópu til að stúdera þessa músík. Ég spila sjálfur á nokkur af þessum hljóðfærum

„Tyrkirnir spila á hljóðfæri sem við á Vesturlöndum þekkjum ekki mikið: borðharpa, alls konar slagverk og fleiri spennandi hlutir. Ég hef farið mikið til Tyrklands og Suðaustur-Evrópu til að stúdera þessa músík. Ég spila sjálfur á nokkur af þessum hljóðfærum.“

Tyrkirnir komast því miður ekki til landsins til að spila með Ásgeiri í kvöld og því hefur hann fengið með sér íslenska bandið Skuggamyndir frá Býsans, en það hefur verið starfandi síðustu sjö árin. Sigríður Thorlacius verður á svæðinu ásamt Sigrúnu Kristbjörgu Jónsdóttur sem spilar á fiðlu.

„Við munum spila þjóðlög frá ýmsum löndum, líka Íslandi – þannig að þetta verður svona tónlistarkokteill. Það verður enginn svikinn af því að kíkja – Skuggamyndirnar eru þekktar hjá þeim sem hlusta á austurevrópska og gríska tónlist, enda hafa þeir rosa mikið spilað á landinu auk þess að hafa gefið út tvær plötur.“

Tónleikarnir eru hluti tónleikaraðar Jazzklúbbsins Múlans og hefjast klukkan 21 í Björtuloftum í Hörpu.

**stefanthor@frettabladid.is**



✝

Elskuleg móðir og amma,

**Erla Þorgeirsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur 17. október. Útför hennar fer fram frá Hólmavíkurkirkju föstudaginn 27. október kl. 14.

**Árni Brynjólfsson**
**og börn.**



✝

Minningarathöfn um ástkæran son og föður,

**Einar Veigar Jónsson**

Curaçao,

sem lést á heimili sínu á Curaçao þann 18. júní síðastliðinn verður haldin í Laugarneskirkju föstudaginn 27. október kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þorbjörg Einarsdóttir** **Hrafnkell Már Einarsson**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Bragi Jóhannesson**

Geitastekk 8,

lést laugardaginn 21. október á Landspítalanum við Hringbraut.

**Elísabet *Erla* Gísladóttir**
**Hörður Bragason** **Ingibjörg Azima Guðlaugsdóttir**
**Birgir Bragason** **Elsa Sif Guðmundsdóttir**
**Bryndís Bragadóttir** **Rein Ader**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Elís Rósant Helgason**

Vesturbergi 21, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 16. október. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 27. október kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

**Inga G. Guðmannsdóttir**
**Guðmann Elísson** **Anne Katrine Hame**
**Valborg Huld Elísdóttir** **Björn Geir Ingvarsson**
**Úlfhildur Elísdóttir** **Snæbjörn Tr. Guðnason**
**Elsa Kristín Elísdóttir** **Gunnar Viggósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Erna Guðnadóttir**

Álftahólum 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, fimmtudaginn 19. október sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 27. október kl. 13.

**Hrönn Helgadóttir**
**Ásdís Helgadóttir** **Stefán Bryde**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 35. STARFSÁR

HALLGRÍMSSÖFNUÐUR

# LÚTHERSDAGAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

26.-31. OKT 2017



## 26. OKTÓBER- FIMMTUDAGUR

**Vígsludagur Hallgrímskirkju**

**12.00 KYRRÐARSTUND- Hallgrímur & Lúther.** Hildigunnur Einarsdóttir alt og Björn Steinar Sólbergsson sjá um tónlistarflutning. Íhugun flytur sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

## 27. OKTÓBER- FÖSTUDAGUR

**Hallgrímsdagurinn - 343. ártíð Hallgríms Péturssonar**

**20.00 SÁLMAR Á NÝRRI ÖLD!**
Kammerkórinn Schola cantorum, stjórnandi: Hörður Áskelsson. „Sálmar á nýrri öld" eru 26 sálmar eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson og Sigurð Flosason fyrir kór án undirleiks. Þessir hrífandi og fjölbreyttu sálmar fjalla um lofgjörð, bæn, gleði og sorg.
**Miðaverð: 2500 kr. Miðasala við innganginn og á midi.is.**

## 28. OKTÓBER- LAUGARDAGUR

**14.00 OPNUN-TESUR**
Tesur er þátttökugjörningur sem myndlistarkonurnar Guðrún Kristjánsdóttir og Ólöf Nordal standa fyrir dagana 28. – 31. október. Verkið minnir á gjörninginn þegar Lúther negldi tesurnar 95 á kirkjudyrnar í Wittenberg í Þýskalandi 31.október 1517 og markaði þannig upphaf siðbótar í Evrópu.
**Ókeypis aðgangur – allir hjartanlega velkomnir!**

## 29. OKTÓBER- SUNNUDAGUR

**11.00 HÁTÍÐARMESSA í tilefni af 343. ártíð Hallgríms Péturssonar.**
